

Alþingi,
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 16. október 2019.

Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017

Vísa til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis 11. október sl. þar sem ofangreint frumvarp var sent mér til umsagnar, en ég gæti hagsmuna eins hinna sýknuðu í ofangreindu hæstaréttarmáli við heimtu bóta frá ríkinu.

Enginn vafi er uppi um bótarétt í þessu máli. Að því er það varðar er greinargerð íslenska ríkisins í máli Guðjóns Skarphéðinssonar, þar sem gerð var sýknukrafa af hálfu ríkisins, ekkert annað en reginhneyksli. Deila má hins vegar um fjárhæðir. Grundvallaratriði hlýtur þó vitaskuld að vera að íslenska ríkið greiði hinum sýknuðu það sem ríkið telur rétt vera, enda liggja fyrir skriflegar kröfur um greiðslu bóta (hvað minn umbj. varðar, dags. 1. ágúst sl.). Það er ennfremur í samræmi við grundvallarreglur í íslenskum kröfurétti að skuldari (í þessu tilviki *íslenska ríkið*) greiði kröfuhafa (í þessu tilviki *hinum sýknuðu*) a.m.k. þá fjárhæð sem skuldarinn telur að nægi til að krafa sé greidd. Er engin ástæða fyrir íslenska ríkið að draga þessar greiðslur og lengja með því enn í þjáningu hinna sýknuðu í málinu. Nóg er nú samt. Hinir sýknuðu geta svo, telji þeir sig eiga rétt til frekari greiðslna, freistað þess að sækja slíkt fyrir almennum dómstólum. Er ákvæði 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins mikilvægt í því sambandi.

Að þessu leyti er sú grunnhugsun frumvarpsins að greiða hinum sýknuðu bætur hið fyrsta rétt. Þá er rétt í ljósi umfangs fjárhæðanna, og þess að vafi kann að vera uppi um rétt erfingja hinna sýknuðu til bóta, að skjóta lagastoð undir greiðsluna.

Ljóst er hins vegar að þær fjárhæðir sem miðað er við í frumvarpinu eru of lágar miðað við dómaframkvæmd og atvik málsins öll. Þannig eru bætur *per dag* of lágt ákvarðar jafnvel þótt ekki væri horft til aðstæðna hinna sýknuðu í haldi. Sé til þeirra lítið, og þá m.a. til þess hve mikilli hörmungarvist í Síðumúlafangelsi hinir sýknuðu sættu á sínum tíma, eru fjárhæðirnar alltof lágar. Í því efni verður m.a. að líta til þeirrar einangrunar og pyndinga sem hinir sýknuðu sættu, sem og afleitra húsakynna í Síðamúlafangelsi. Ennfremur verður að greiða bætur fyrir það að hinir sýknuðu töldust ranglega sekir í lagalegum skilningi í rúm 40 ár; brotið var gegn rétti þeirra til réttlátrar málsmeðferðar við meðferð málsins á sínum tíma; frelssviptingin olli þeim sem slík fjártjóni, þ.e. gerði þeim ókleift að starfa á meðan á henni stóð; þeir voru for-dæmdir, ef svo má segja, á blaðamannafundi þýsks rannsóknarlögglumans í febrúar 1977 fyrir dómsmeðferð málsins, og áttu sér vart viðreisnar von í réttarkerfinu eftir það, og fleiri atriða.

Fyrir allt framangreint eiga hinir sýknuðu bótarétt og hann meiri en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Virðingarfyllst,

Arnar Þór Stefánsson hrl.

31.10.2019

Efni: Umsögn til allsherjar- og menntamálanefndar um Guðmundar- og Geirfinnsmál (rangfærslur Klúbbmanna og co. raktar ásamt því að gera hinum raunverulega glæp nokkur skil)

Undirritaður er hagsmuna aðili þessa frumvarps og fórnarlamb þessa máls ásamt mörgum öðrum fjölskyldum. Faðir hans, Sævar Marinó Ciesielski, barðist í því að fá nafn sitt hreinsað af þessum málum til dauðadags, sjö árum eftir andlát hans var réttarkerfið reiðubúið til þess, þó einvörðungu að hluta og aðeins án réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi; án þess að gert yrði grein fyrir atburðarrásinni (fyrir dómi) og þeim brotum sem liggur ljóst fyrir að framið var af einbeittum brotavilja fyrir tiltekin tilgang. Yfirhylling málsins nær til nútímans.

Kaldhæðnislega og sorglega, þá hafa Klúbbmenn og co. nú sent inn umsögn um mál þetta, þar sem þeir koma nú fram í eigin nafni þó textinn virðist vera skrifaður af lögmanni, og leggja á borð til fulltrúa þjóðarinnar rangar fullyrðingar, allmargar. Og ekki nóg með það, heldur halda fram að „lausn“ málsins, þ.e. ábyrgð mannhvarfanna tveggja, megi finna í dómsmorðinu gamla sem hefur þó loks verið felld úr gildi. Þ.e.a.s. þeir láta að því liggja að faðir minn Sævar og Erla ásamt Kristjáni séu sek um sjálf mannhvörfin eftir sýknu Hæstaréttar! Þá er nú ekki lagt svo mikið traust til Hæstaréttar eftir allt saman, eða hvað? Það er gífurlega kaldhæðnislegt ekki síður en sorglegt.

Þetta krefst allt saman svara með vísun í gögn, lágmarks greiningu á þeim og heilbrigða skynsemi. Ráðagerðin, að koma Klúbbmönnum inn í gæsluvarðhald, var vissulega til staðar en var annarra manna en tvítugu krakkanna. Það voru tilteknir „rannsóknar“ aðilar – en ekki krakkarnir tvítugu - sem vildu fá Klúbbmenn inn í málið. Það var vegna tiltekinna pólitískra ástæðna á tímum eftir-kaldastríðsins.

Ég ætla mér ekki einu sinni að minnast á pyntingar í þessari umsögn, látum bara eins og þær hafi ekki einu sinni átt sér stað, úr nóg er að taka og mikilvægt að halda til haga. Þessi „málflutningur“ sem á að vera frá krökkunum tvítugu um bílferð til Keflavíkur, með Klúbbmanni, Geirfinni, þar sem gamla dráttarbrautin er heimsótt og farið í bátsferð með Geirfinni er COPY/PASTE frá eldri framburði (okt. '75) manns að nafni Guðmundar Agnarssonar. Öll lykilatríði sögunar um bílferð til Keflavíkur, spírasmygl, bátsferð Geirfinns, úr gömlu bryggjunni (þ.e. dráttarbrautinni) og Klúbbmenn með í för - sem er látið að því liggja að tvítugu krakkarnir eiga að vera segja - eru skrásett í skýrslu

meðrannsakenda Síðumúlarannsakendanna, Njarðar Snæhólms, sem var ekki bara viðriðinn frumrannsókn Geirfinns Einarssonar (og raunar Guðmundar Einarssonar ásamt póstsívikamálinu svokallaða) heldur er að vasast í Síðumúlarannsókninni (býður sakborningum upp á tóbak, er viðstaddur sem vottur við ýmis tilefni og á í samskiptum við bæði sakborninga og rannsakendur o.fl.) af téðum Guðmundi Agnarssyni áður en nokkurt krakkanna hafi verið handsamað (des '75). Þetta liggur allt saman fyrir í gögnum málsins eins og þau voru lögð fyrir dómstóla. Það sem vantar er heildstætt yfirlit og greining á þeim gögnum í skipulögðu formi, heiðarlaga og án meðvirkni í garð handhafa opinbers valds, til þess að hægt sé að átta sig á heildarmyndinni.

Svo djúpt er mannfyrirlitningin brennimerkt inn í þjóðarvitundina að vinnubrögð „hástéttar“ fórnarlamba sama máls leyfa sér slíkar ásakanir í garð „lágstéttar“ fórnarlambanna. Klúbbmenn og co. geta vissulega skýlt sér á bak við dómsmorðið gamla – á svipuðum nótum og Brynjar Níelsson (svonefndur „háttvirtur“) þingmaður- sem leyfa sér að halda á loft fullyrðingum sem níðast á æru þessa fólks og fjölskyldum þeirra með vísun í dómsmorðið gamla en sem hafa verið marg-hrakið á opinberum vettvangi af undirrituðum m.a. sem raunar biðlaði til fólks að koma þeim málf lutningi til eyrna Klúbbmanna og co. Ekki hafði einn einasti fyrir því að heyra í undirrituðum. Í stað þess halda þeir nú fram sömu fullyrðingum og hafa þegar verið hraktar til nefndar Alþingis! Umsögn þeirra og fullyrðingar hennar krefjast svara og það mun ég þurfa að gera eins og endranær – ekki í fyrsta sinn og áreiðanlega ekki það síðasta - á þessum vettvangi eins og hverjum öðrum.

Þá er eðlilegt að taka fram að í raun er einvörðungu Magnús Leópoldsson hér sem er „Klúbbmaður“ (fyrrv. framkvæmdastjóri Klúbbsins). Sigurbjörn Eiríksson (eigandi Klúbbsins) er látinn. Einar Bollason er bróðir Erlu Bolladóttur og ekki „Klúbbmaður“. Hins vegar má benda á að Valdimar Olsen hafði tiltekna tengingar við Klúbbinn, þó hann væri ekki „Klúbbmaður“.

Dæmi um fullyrðingar í umsögn Klúbbmanna sem eru rangar og auðvelt að svara um hæl:

„Frumrannsókn þess máls bar ekki árangur og leiddi ekki til þess að neinn væri handtekinn fyrir aðild að hvarfi hans þótt rannsóknin væri ítarleg.“

Svokölluð „frumrannsókn“ - sem rannsakaði ekki stakt grundvallaratriði - var ekkert annað en gervirannsókn.[3] Markmið rannsakenda var ekki að rannsaka afdrif Geirfinns hvarfsins. Markmiðið var að spyrða Klúbbmönnum við hvarf Geirfinns.[2][3][4][5] Kaldhæðnislega fór þar í frammi Valtýr Sigurðsson m.a. sem skrifaði bréf til forsætisráðherra í s.l. ágúst í nafni Klúbbmanna og co.[1]

„Í skýrslugjöf þeirra þriggja, gangast þau við að hafa verið viðriðin hvarf annars manns, Guðmundar Einarssonar sem hvarf í lok janúar 1974.“

Í úrskurði endurupptökunefndar er fjallað um að strax í fyrsta dómsþingi Guðmundar málsins, 16 janúar '76 var „jåtningin“ eða það að „gangast við“ að vera viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar ekki afdráttalausari en svo að t.a.m. í tilviki Sævars, sagði hann sig hafa verið þvingaður til að tala um hvarf Guðmundar Einarssonar sem hann vissi ekkert um. Og þvertók fyrir það að hafa verið á Hamrasbraut 11, meintum morðvettvangi, það kvöld. Örn Höskuldsson, dómarafulltrúinn, bókar það ekki í dómbók eins og lög gera ráð fyrir. Þetta viðurkennir Örn Höskuldsson í bréfi til Sakadóms á þeim grunni að Örn hafi „vitað betur“ (en Sævar um meinta játninga hans) og þ.a.l. ekki bókað þá staðreynd í dómbók að afturköllun meintrar játningar hafi átt sér stað. Bréf þetta lá fyrir Hæstarétt sömuleiðis sem Sakadómi. [1]

„Auk þess er augljóst af því hversu greiðlega þau Erla, Sævar og Kristján bendla okkur fjórmeningana við málið í skýrslutökum 21. og 22. janúar 1976, að þau höfðu sammælt um slíkt.“

Þessi tilgáta gengur ekki upp. Hvers vegna ekki? Því í þessum skýrslutökum krakkanna í (jan. '76) koma fram öll lykilatein úr vitnisburði sem ekkert þeirra hafði aðgang að, heldur einungis meintir rannsóknaraðilar. Skýrslum Njarðar Snæhólm af Guðmundi Agnarssyni og fjölskyldu hans (okt '75). Hvernig gátu krakkarnir sammælt um að bendla aðra menn við verknað, á grundvelli sögu sem þau höfðu engan aðgang að? Það er ómögulegt, ekki satt? Á sama tíma er ásetningurinn hjá tilteknum „rannsóknaraðilum“ að bendla Klúbbinn við málið skrásett, árum áður[3][4][5], er það ekki áhugavert í þessu samhengi? Og á sama tíma er getan og tækifærið, að nota sögu Guðmundar Agnarssonar og láta krakkana segja hana, einungis möguleg og í höndum téðra rannsóknaraðila, enda sagan hans Guðmundar Agnarssonar ekki í höndum krakkanna heldur „rannsakenda“. Ef rannsóknaraðilar hefðu verið að starfa í góðri trú, hvers vegna í ósköpunum voru krakkarnir ekki spurð um Guðmund Agnarsson, hvort hann hafi ekki örugglega verið með í för? Og Guðmundur Agnarsson settur í gæsluvarðhald og spurður um krakkana? Þau segja nákvæmlega sömu sögu um Klúbbmannaferð til Keflavíkur, dráttarbrautina, tveir bílar, annar stór, hinn lítill, bátsferð, köfun fyrir spíra og slys. Öll. Lykil. Atriðin. Voru „rannsakendur“ ekki að reyna leysa málið? Ef svo er hvers vegna í ósköpunum var ekki Guðmundur Agnarsson tekinn á teppið með þessum þekktu ofsa málsins, hentur inn í steininn og spurður spjörnum út? „Ert þú að segja mér, Guðmundur Agnarsson, að nú tveimur mánuðum eftir að hafa skrásett þína sögu sem þú segir að sé ósönn, að nú koma þrjú tvítugir unglingar og segja okkur nákvæmlega sömu sögu og þú hafir ekki verið með þeim í för? Heldur þú að við séum hálfvitar, Guðmundur? Ert þú að bera á okkur þær sakir að við séum heimskir fávitar? Hvernig þekkir þú Sævar Ciesielski? Hittir þú Sævar í Klúbbnum kannski, eða Erlu? Kristján? Hvaða gerðist í Klúbbnum... Hvenær kynntist þú Geirfinni...“ og á sama tíma og búið væri að spyrja Guðmund Agnarsson einhverja spurninga á þessa leið væru krakkarnir spurð: „Hvers vegna hylmið þið yfir hlutdeild Guðmundar Agnarssonar í ferð ykkar til Keflavíkur? Eruð þið hrædd við hann? Er hann yfirmaður ykkar?“

Nei nei, ekkert svoleiðis. Meintir rannsakendur finnst þessi staðreynd með nákvæmlega sömu sögunum (með öll sömu lykilatein) ekki skipta neinu máli, ekkert sem ber að taka alvarlega(!) enda fangelsa þau ekki téðan Guðmund Agnarsson né spyrja krakkana um hann.[1] Hvers vegna á ekki að taka sögunum alvarlega? Það er vegna þess að þeir vita að hún er ekki sönn til að byrja með.[2][3] „Rannsakendur“ eru ekki einu sinni að rannsaka eitt né neitt[4][5] – neitt frekar en í frumrannsókninni; þeir eru ekki að leita sannleikans - heldur vita þeir að sagan sem þau segja er beinlínis ósönn enda eru það þeir, „rannsakendur“, sem leiða krakkana áfram í gegnum lykilatein sem þeir, „rannsakendur“, annað en krakkarnir, höfðu aðgang að. „Rannsakendur“ eru að nota þessa sögu Guðmundar Agnarssonar til að búa til mál, undir handleiðslu Halldórs Þorbjörnssonar yfirsakadómarara (en Örn Höskuldsson er fulltrúi hans Halldórs) auk fleiri yfirmanna Sakadóms og ríkissaksóknara embættisins sem verður ekki rakið hér.

Dæmi um ónákvæma fullyrðingu:

„Hinar röngu sakargiftir voru ekki bornar fram í eitt skipti heldur var staðreyndin sú að Erla, Sævar Marinó og Kristján Viðar báru okkur alla ítrekað röngum sökum.“

Ekkert er minnst á ósamrýmanlegan vitnisburð sem stundum rímaði ekki einu sinni við lögmál eðlisfræðinnar. Í sumum tilvikum í gamla dómsmorðinu er ranglega vísað í skilyrtar setningar (eins og að geta ekki útilokað að hafa einhvern tíma farið í bílferð með Klúbbmanni eða Geirfinni) og þær notaðar sem heimildir fyrir því sem á að vera fullyrðingar án fyrirvara! Sagan tók breytingum fór frá hægri og vinstri, upp og niður. Hæstiréttur nefnir ekki einu sinni hvaða sögu þau eru dæmd sek fyrir, né nefnir Hæstiréttur hvaða skýrslu eða skýrslur hann telji vera „játningu“; svo meingallað er málið að Hæstiréttur gat ekki einu sinni útskýrt hvað væri játning og hvað ekki, eða hvaða saga það var sem

krakkarnir báru á Klúbbmenn, nákvæmlega, eftir að hún tók breytingum eða þegar hún var bara COPY/PASTE frá skýrslu Guðmundar Agnarssonar? Aldrei svarað.

Fullyrðing sem krefst ítarlegri svara:

„Á grundvelli framburðar þeirra vorum við þrír undirritaðir, handteknir 26. janúar 1976.“

Þessa grundvallarforsendu þarf að svara með ítarlegum hætti, sem ég hef raunar áður gert með grein á Vísí, birt þann 20. september s.l. hvorki lögmaðurinn, Valtýr sigurðsson, né nokkur þeirra „Klúbbmanna og co.“ hafa brugðist við henni, þrátt fyrir að vera stíluð til þeirra og biðlað til fólks að bera þá grein til eyrna þeirra.

Greinin kom í kjölfarið að Klúbbmennirnir svokölluðu sendu forsætisráðherra bréf - eða öllu heldur – enginn annar en Valtýr nokkur Sigurðsson (einn rannsakandinn úr gervirannsókninni í Keflavík, í svokallaðri „frumrannsókn“ á hvarfi Geirfinns) sendi Katrínu Jakobsdóttur bréf fyrir hönd klúbbmanna, umbjóðanda sinna, þar sem þeim ku ekki hafa líkað sú tilhugsun að Erla Bolladóttir gæti mögulega átt rétt á einhverjum bætum þar sem hún er ennþá dæmd fyrir að hafa bent á Klúbbmenn þar sem hún á að hafa, ásamt föður mínum og Kristjáni Viðari, fært á téða Klúbbmenn sakir. Full ástæða er að fara gaumgæfilega yfir þetta atriði aftur og verður það nú gert.

Ef „rannsóknarlögreglumennirnir“ í Síðumúla, hefðu yfirhöfuð verið í góðri trú, þá hefðu þeir í fyrsta lagi tekið Guðmund Agnarsson á beinið og í jailið. Spurt krakkana spjörum út um hann og öfugt, en nei nei, engin þörf á slíku (?!), í annan stað þá hefðu „rannsakendur“ rannsakað fjarvistarsönnun Klúbbmanna um leið og þeir komu fram með þær, en nei nei, engin þörf á slíku (?!) og í þriðja lagi þá hefði Örn Höskuldsson ekki talað um að það væri ekki hægt að sleppa Klúbbmönum og co úr haldi því málið væri of pólitískt (?!). Í fjórða lagi mun ég útskýra hvers vegna krakkarnir voru fengin til að bera rangar sakir á Klúbbmenn á meðan Klúbbmenn voru aldrei fengnir til að bera rangar sakir á einn né neinn, hver ástæða þess er, tilgangur og mismunandi hlutverk aðila í samhenginu.

Hvað eftir annað í frumrannsókninni sér maður enga heiðarlega tilraun gerða til að reyna finna Geirfinn heldur þess í stað, Hauk og Kristján Pétursson sérstaklega (ásamt Valtý Sigurðssyni og Nirði Snæhólm), að spyrja um einhverja atburði eða atvik í Klúbbnum.

Birtingarmynd Klúbbmálsins var m.a. sögusögn sem fór af stað í Keflavík og víðar, að Klúbbmenn væru á einhvern hátt viðriðnir hvarfið á Geirfinni Einarssyni. Góð heimild fyrir því er öll bók 12 í málsgögnum máls 214[7].

Sú saga sem krakkarnir Sævar, Erla og Kristján voru fengin til að „upplýsa“ um í janúar 1976, var öll skjalfest af Nirði Snæhólm nokkrum mánuðum fyrir handtöku þeirra. Þ.e.a.s. öll lykilatridin úr þeirri sögu sem þau voru látin rekja með samhengislausum hætti, koma fram í skýrslu fjölskyldameðlima Guðmundar Agnarssonar. Samkvæmt skýrslu krakkanna frá janúar 1976, er skrifuð á blað; ferð til Keflavíkur. Í þeirri ferð kom auðvitað Magnús Leópoldsson frá Klúbbnum við sögu[], stór sendibifreið ásamt bátsferð þar sem kafað var eftir spíra. Nema hvað slys hafi valdið því að Geirfinnur hafi fallið frá borði og drukknað. Öll þessi atriði, hvert eitt og einasta, ásamt staðsetningunni þ.e.a.s. „gömlu bryggjuna“, þ.e. dráttarbrautin, komu fram árinu áður, árið 1975 og það áður en eitt einasta krakkaskinn hafði verið handtekið, hvað þá yfirheyrt. (Bók 12, í janúar 1976) Þetta handrið var sum sé til staðar og notað af síðumúla rannsóknar aðilum sem frummynd að sögu þeirra sem pabbi, Erla og Kristján voru látin samþykkja.

[Hvað segir skýrslan að Sævar hafi sagt 22. janúar 1976, þá tuttugu ára gamall. Þetta er rakið í bók 12 í máli 214: fólksbifreið, Magnús Leópoldsson á bls. 6, Klúbburinn á bls 7. Hugmynd sprettur fram um að Geirfinnur yrði með

í för að sækja áfengi sem væri út á sjó, ein önnur bifreið til Keflavíkur kemur fram á bls 8 þar sem getið er til um að slys hafi átt sér stað, að Geirfinnur hafi fallið útbyrðis úr bátnum og druknað á bls. 9.[7]

Hvað segir skýrslan að Erla hafi sagt 23. janúar 1976, rakið í sömu bók: Erlu ekið um Keflavík og svo „flæðamálið til hliðar/þarna við bryggjuna var mól eða sandur, en ekki steiptur kantur eins og venjulega er í höfnum“ [passar við gömlu bryggjuna, þ.e. dráttarbrautina en ekki nýju höfnina.] Magnús Leópoldsson og fólksbifreið og fleiri bifreiðar nefndar bls. 11 m.a. stór sendibifreið, trillubátur bls. 12.[7]

Hvað segir skýrslan að Kristján hafi sagt: Kristján; stór sendibifreið, við Klúbbinn bls. 15 í bók 12: „Ekki get ég gert mér grein fyrir hvers vegna ég fór inn í þessa bifreið, en eitt er ég viss um, að ég hlýt að hafa þekkt einhvern, eða einhverja, sem í bifreiðinni voru, annars hefði ég ekki farið í hana. Ég get því ekki, í það minnsta ekki enn sem komið er, sagt hverjir voru í bifreiðinni auk mín, en fleiri menn voru í henni. Bifreið þessi gæti vel verið af Mercedes-Benz [...] Þessari bifreið var ekið út úr borginni, að ég tel, til Keflavíkur. Bls. 16 í bók 12: [...] að ég held stálbát [...] mér finnst eins og einhver hreyfing hafi verið á þeim báti [...] í það minnsta tvær aðrar bifreiðar voru þarna á staðnum [...] sjávarmálið beggja vegna við bryggjunnar var mól, en ekki steinsteipt eða malbikað [passar við gömlu bryggjuna, þ.e.a.s. dráttarbrautina en ekki „venjulegu“ höfnina þ.e. nýju höfnina]. Hvort þessi atburður eða ferðalag mitt var um það leyti, sem farið var að lýsa eftir Geirfinni, get ég ekki fullyrt um, en ég tel það vel hugsanlegt.“[7]

Skjalfest fylleríssaga Guðmundar Agnarssonar er áhugaverð vegna þess að hún kemur fram þremur mánuðum á undan skýrslum pabba, Erlu og Kristjáns. Sonur Guðmundar Agnarssonar, kona, dóttir og tengdasonur koma öll til lögreglu áhyggjufull, 22. í október árið 1975, segja að Guðmundur Agnarsson sinn tali um að vera flæktur í Geirfinnsmálið. Sonurinn segir að Magnús Leópoldsson hafi gefið út ávísun til hans stimplaða af Klúbbnum bls. 67 bók 12. Guðrún, kona hans, segir að Guðmundur hafi trúað Möggu dóttur sinni fyrir því að hann hafi farið út á bát frá Keflavík með Geirfinni til að sækja spíra en Geirfinnur hafi dottið fyrir borð. Guðmundur Agnarsson kemur svo (bls. 82-84)[7] og segir þetta allt hugarburð, en rekur samt sömu fylleríssögu í skýrslu til Njarðar Snæhólms:

Að hafa farið á sendibifreið til Keflavíkur, þar hafi Magnús Leópoldsson komið við sögu, þá hafi verið farin bátsferð, með gömlu bryggjunni þ.e.a.s. dráttarbrautinni, til þess að ná í spíra en Geirfinnur hafi dottið frá borði. Guðmundur Agnarson segist síðar hafa byggt söguna upp algjörlega á þeim sögusögnum, sem á þeim tíma og áður höfðu gengið manna á milli um hvarf Geirfinns (ein af fjöldamörgum útgáfum). Guðmundur Agnarson rekur þessa bull sögu sína þann 23. október árið 1975 og Njörður Snæhólm tekur skýrsluna sem inniheldur þessi atriði: Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson, bílferðir. báti siglt frá dráttarbrautinni, smygl fyrir Klúbbmenn, Geirfinnur í köfun að flytja smyglaðan spíra nema hann kemur ekki upp. Sum sé, nákvæmlega sömu lyklatríði og tvítugir krakkarnir áttu að hafa sagt við „rannsóknar“ aðila skv. skýrslum þann 22.-24. janúar 1976.

Ef „rannsóknar“ aðilar í Síðumúla hefðu verið í góðri trú, hvers vegna í ósköpunum hnepptu þeir ekki Guðmund Agnarsson í gæsluvarðhald, þegar pabbi, Erla og Kristján byrjuðu að apa upp (skv. téðum lögregluskýrslum) nákvæmlega sömu sögu og Guðmundur hafði þá sagt þremur mánuðum á undan? Af hverju spurðu „rannsóknar“ aðilar í Síðumúla ekki Guðmund hvort hann þekkti þremmenningana (pabba, Erlu, Kristján)? Og af hverju voru þremmenningarnir ekki spurðir hvort þau þekktu ekki þennan Guðmund Agnarsson, hvort hann hefði ekki örugglega verið með þeim þarna í þessari skrytnu ferð til Keflavíkur? Nei, ekkert svoleiðis (!) Næstum því eins og „rannsóknar“ aðilar vissu að þessi saga væri ósönn til að byrja með enda átti að nota hana í pólitískum tilgangi.

Þá kom Magnús Leópoldsson mjög snemma fram með fjarvistarsönnun, en hún var ekkert rannsökuð strax (!). Og þrír af þeim fjórmeningum sem hnepptir voru í gæsluvarðhald komu með fjarvistarsönnun. Er það tvítugri Erlu Bolladóttur að kenna, að ekki hafi verið athugað með þær fjarvistarsannanir strax? Nei. Það er „rannsóknar“ aðilum í Síðumúla um að kenna; fullkomlega.

Fjarvistarsönnun Magnúsar til að mynda var sú að hann hafi verið að störfum í veitingahúsinu Klúbbnum umrætt kvöld. Þrír starfsmenn Klúbbsins a.m.k. munu hafa borið vitni og staðfest þennan framburð Magnúsar. Það var hins vegar ekki athugað með það fyrr en seint og um síðir.

Og athuguðu „rannsóknar“ aðilar hvort eitthvað haldbært væri hægt að sannreyna með þennan meinta vitnisburð þabba og Erlu og Kristjáns fyrst, áður en þeir hnepptu „Klúbbmenn“ í gæsluvarðhald? Nei, það gerðu þeir ekki. Og er hægt að kenna tuttuguára (ekki tuttuguogtveggja, ekki tuttuguogtveggja heldur 20 ára gömlum ungmennum um það?) Eða er það alfarið á ábyrgð svokallaðra „rannsóknar“ aðila? Svarið er augljóst. Já, að sjálfsögðu er ábyrgðin á meintum „rannsóknar“ aðilum. Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómarans Halldórs Þorbjörnssonar kemst svo að orði og Magnús Leópolddsson hefur eftir honum í bók sinni, Saklaus í klóm réttvísinnar, að Örn hefði ekki getað hleypt þeim alveg strax út, þó þeim myndi vissulega verða sleppt, því málið væri of pólitískt eðlis (!) og því þyrftu þeir að dúsa aðeins lengur.

Hvað var að gerast á hinu pólitíska sviði? Áður en þeirri spurningu er svarað er mikilvægt að vísa í aðra ranga fullyrðingu sem ber vott um skilningsleysi hjá Klúbbmönnum og co. í umsögn sinni, og er eftirfarandi.

„Þá er sú hugmynd að einstaklingur sem sitji saklaus í gæsluvarðhaldi taki upp á því að játa á sig rangar sakir og beri svo í leiðinni rangar sakir upp á fjölda fólks að beiðni lögreglunnar fullkomin fjarstæða. Rétt þykir að taka fram að aldrei læddist sú hugmynd að nokkrum okkar að bera sakir á saklaust fólk um leið og við kepptumst við að sanna sakleysi okkar. Hver ætti að vera tilgangur slíks?“

Hvað var að gerast á hinu pólitíska sviði? Árásin á Ólaf Jóhannesson, sem náði hámarki sínu þann 2. febrúar 1976, hefði aldrei getað átt sér stað nema vegna þess að þá var búið að hneppa Klúbbmenn í gæsluvarðhald. Þá hefur einn fjórmeninganna (Klúbbmenn og co) haft á orði að hann skildi ekki hvers vegna einhver þremninganna (þabbi, Erla og Kristján) gat bendlað hann við málið; sjálfur hefði hann aldrei bendlað neinn í málið þrátt fyrir að hafa þurft að þola gífurlega miklar þjáningar. **Ástæðan fyrir því er sú að Klúbbmenn áttu aldrei að bendla neinn annan við málið. Þegar þeir voru komnir inn þá var þetta „tilbúið“. Sem sagt allt til reiðu fyrir árásina á Ólaf Jóhannesson. Þannig var aldrei neinn þrýstingur, eða hreinn skáldskapur í skýrslum, af höndum „rannsóknar“ aðila í tilfelli Klúbbmanna. Þrýstingurinn og skáldskapurinn var á krakkana, fyrst til að bendla þau við eitt mannhvarf og svo annað mannhvarf. Og í síðara tilvikinu með það aðalmarkmið að leiðarljósi að því tengdust Klúbbmenn. Hvers vegna? Þetta var gert til þess að hægt væri að koma Klúbbmönnum í gæsluvarðhald. Svo hægt var að leggja til fullrar atlögu gegn Ólafi Jóhannessyni.**

Þá ber að nefna að sjálfsögðu að jafnvel þegar ekki er verið að freima krakka fyrir glæp, bara þegar allt er með feldu, þá er ábyrgð gæsluvistar ávallt í höndum yfirvalda, ef ríkir almannahagsmunir krefjast þess eða hvernig sem það er og ef einhver fótur er yfirhöfuð fyrir meintu glæpsamlegu athæfi. Sakborningar á tvítugsaldri hafa ekki það vald lögum samkvæmt að skipa gæsluvist handa öðrum, heldur þar til bær yfirvöld. Hvorugt var til auðvitað staðar, hvorki ríkir hagsmunir né nokkur einasti fótur fyrir meintu glæpsamlegu athæfi, en eins og áður er rakið er undrunarleysi rannsakenda í garð þess að þeim birtist saga annars manns hjá þessum krökkum til marks um að eitthvað allt annað er í gangi en venjuleg sakamálarannsókn. „Rannsóknin“ eftir handtöku fer öll fram innan veggja fangelsis Síðumúla, er það ekki svolítið sérstakt? Einu „sönnunargögnin“ eru ályktanir (í mörgum tilfellum ranglega) dregnar af skýrslum úr því fangelsi! Hvenær er rannsókn staðsett í fangelsi yfir gæsluföngum án þess að fyrir liggja rökstuddur grunur um eitt né neitt? Þetta er búið til í Síðumúlafangelsi. En ekkert er rannsakað í þessum efnum í Síðumúlafangelsinu. Fjarvistarsönnun Klúbbmanna var ekki einu sinni rannsökuð fyrr en um seint og síðir! Það er ekki hlutverk sakborninga að rannsaka fjarvistarsönnun annarra sakborninga, eða þeirra sök að það sé ekki gert í snarasti, heldur rannsóknaraðila að ganga

snarlega til verks – ganga úr skugga um fjarvistarsönnun eins og að Magnús Leópoldsson hafi verið í Klúbbnum umrætt kvöld! Það gerðu rannsóknaraðilar ekki strax því eins og haft er eftir Erni Höskuldssyni af Magnúsi Leópoldssyni þá var málið „pólítískt“ og það mátti ekki hleypa þeim út alveg strax! Hins vegar þurfti að láta það líta þannig út, að það hafi verið tvítugum krökkum að kenna að Klúbbmenn hafi verið ranglega bendlaðir við glæp. Það er vegna þess að glæpurinn er handhafa opinbers valds, yfirstéttar landsins sem þykist ekki sjá neitt athugavert við glæp yfirvalda í þessu máli né finnst neitt athugavert við það að níðast á æru föður míns og annarra fyrrum dómfelldu, enn þann dag í dag.

Nokkur orð um hinn raunverulega og skjalfesta glæp

Margt kom fram í fyrstu umræðu þessa máls frá þingmanninum Brynjari Níelssyni sem má leiðrétta. Brynjar talaði um „aðför gegn dómsvaldinu“. Það hefur verið litið svo á að réttarkerfið sé á sakamanna bekknum í þessu máli. Og það er ekki að ósekju að dómsvaldið er á sakamannabekknunum – eins og faðir minn var (að ósekju) – nei hreint ekki enda dæmdu tvö dómsstig ungmenni í (fyrst ævilangt og svo) margra ára fangelsisvist fyrir að hafa átt hlutdeild í dauða tveggja manna – sem síðar Hæstiréttur sýknaði sama mannskap fyrir í fyrra, árið 2018. Endurupptökunefnd rekur gaumgæfilega hvers vegna að nefndin skilji ekki einu sinni hvar meintar játningar áttu að hafa komið fram í skýrslum. Óhjákvæmilegt er, í þessu umhverfi dagsins í dag þar sem ennþá er haldið fram sömu fölskum staðhæfingum eða látið að þeim liggja, eins og að það hafi verið „dæmt eftir þágildandi lögum og fyrirbyggjandi gögnum (en gögnin og lögin kunna að hafa verið meingölluð).“ eða þeim sem (svokallaður „háttvirtur“ vegna venju) þingmaðurinn Brynjar Níelsson hefur haldið fram, að afturköllun játninga hafi komið svo seint [?] fram að þá sé hægt að skilja Hæstarétt mjög vel í að dæma þau sek. Og að ekkert dómsmorð fyrirfinnst í þessu máli næstum því eins og það sé nægilega góð rök að benda á að hvergi sé það hugtak „dómsmorð“ að finna í dómi Hæstaréttar frá árinu 1980 og þ.a.l. sé ómögulegt að nokkurt dómsmorð hafi átt sér stað.

Þessar fullyrðingar eru rangar og byggjast á því að ekki sé farið yfir forsendur Hæstaréttar og athugað á hverju þær byggjast. Það vill nefnilega svo til að **Hæstiréttur skáldaði og falsaði forsendur** til þess að geta dæmt ungmennin sek. Hvernig þá?

Endurupptökunefnd segir varðandi Guðmundarmálið í úrskurði sínum:

„ 2937. Í dómi Hæstaréttar segir réttilega: „Snemma í rannsókn málsins, fyrir miðjan janúar 1976, viðurkenndu ákærðu Kristján, Sævar og Tryggvi, að þeir hefðu verið staddir að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974 ásamt manni, er Kristján kvað hafa verið Guðmund Einarsson. Hinir tveir kváðu sig ekki hafa borið kennsl á manninn, en þeir töldu síðar í rannsókninni, að maður þessi hefði verið Guðmundur Einarsson.“ **Hæstiréttur lýsir síðan þeim framburði dómfelldu sem rétturinn virðist líta á sem játningar þeirra með eftirfarandi hætti:** „Samkvæmt skýrslum þeirra, sem raktar eru ítarlega í héraðsdómi, hefur þar komið til átaka milli þeirra og Guðmundar, sem leitt hafi til dauða hans.“ **Síðar í dómi Hæstaréttar er gengið út frá því að um fullkomnar játningar dómfelldu hafi**

verið að ræða [sem komu aldrei fram!] með svofelldri fullyrðingu: „Játningar [!?] hinna ákærðu komu fram í skýrslum þeirra í janúar 1976[!?] og voru endurteknar[!?] síðar bæði fyrir rannsóknarlögreglu og á dómþingum að viðstöddum verjendum þeirra Kristjáns og Tryggva.“ [innsk: hornklofi og leturbreyting undirritaðs][6]

Endurupptökunefnd heldur áfram: „2939. Í ljósi afturköllunar dómfelldu á játningum sínum var **sérstaklega mikilvægt að fyrir lægi hvað hvert dómfelldu játaði nákvæmlega og hvenær nákvæmlega þær játningar sem Hæstiréttur byggði á komu fram. Þess er í engu getið í dómi Hæstaréttar** að dómfelldu slógu úr og í um þátt sinn í meintri atlögu, framburðir þeirra tóku miklum breytingum, lítið samræmi var í framburðunum og á löngum tímabilum í rannsókninni var ekkert skráð um það sem fram fór við fjölda yfirheyrslna, viðtala og samprófana. Þá verður ekki séð að því sem fram kom í upplýsingaskýrslum lögreglu hafi verið tekið með hæfilegri tortryggni og ekki tekið tillit til þess að lögregluskýrslur höfðu aðeins að geyma endursögn rannsakenda á framburði dómfelldu en ekki lá fyrir hvaða spurningar voru lagðar fyrir þau og með hvaða hætti.

2940. Með vísan til framangreindrar umfjöllunar endurupptökunefndar er ljóst að játningar dómfelldu, um aðild að meintri atlögu að Guðmundi sem hafi leitt hann til dauða, voru mun óljósari en ráða má af forsendum Hæstaréttar og langt í frá að dómfelldu hafi haldið sig við þær jafn einarðlega og fram kemur í dómi Hæstaréttar.“ [6][innsk: leturbreyting undirritaðs]

Orðalag endurupptökunefndar er eins vægt og hægt er að komast að orði, miðað við staðreyndir málsins.

Það sem meira er og er mikilvægast í þessu samhengi er að Hæstiréttur reisti sér hina mikilfenglegu forsendu til þess að geta sakfelld föður minn og hin. Og hver er þessi mikilfenglega forsenda? Í dómi Hæstaréttar segir: „Breyttu þeir ákærðu Sævar og Tryggvi eigi [!?] þessum játningum fyrr en í lok mars 1977, [!?] eins og að framan greinir. Ákærði Kristján hélt fast við játningu sína, þegar hann var samprófaður við ákærða Sævar og ákærða Tryggva 29. og 30. mars 1977, og hvarf eigi 1219 frá henni fyrr en 27. september s. á.“[6]

Til þess að geta sakfelld ungmennin þá þurfti Hæstiréttur að skálda og falsa forsendu. Hver er sú forsenda? Að það hafi ekki verið fyrr en í lok mars 1977 að afturköllun (svokallaðra) (út og suður með fyrirvörum) (og gallaðra) játninga hafi átt sér stað. Af henni leiðir svo dómurinn að ekkert mark sé takandi á afturköllun játninga föður míns og hinna vegna þess hve langt var liðið [!] frá því að þær voru gefnar og til þess tíma er þær voru dregnar til baka. Hæstiréttur staðhæfir að það hafi ekki verið „fyrr en í lok mars 1977“. [!?] og vegna þess hve langt var liðið að ekkert mark sé hægt að taka á afturkölluninni á ótilgreindum játningum (engin vísun er í dómi Hæstaréttar á hvaða skýrslur nákvæmlega hafi eiginlega talist til játninga til að byrja með).

Í lögregluskýrslum, sem lágu á borði Hæstaréttar og eru hluti málsins eins og það var lagt fyrir Hæstarétt á sínum tíma, t.d. frá 30. apríl 1976, 30. september 1976, 27. febrúar 1977 og 9. mars 1977 er um að ræða afturhvarf frá játningu að hluta eða öllu leyti. Hvað segir í því bréfi? Það sýnir að svokallaða „játning“ föður míns á dómþingi 11. janúar 1976 var ekki afdráttarlausari en svo að í upphafi þinghaldsins hafði Sævar þverttekið [!] fyrir að hafa verið staddur að Hamarsbraut 11 kvöldið sem Guðmundur hvarf [!] – þótt ekkert hafi verið skráð um það í þingbók eins og Örn Höskuldsson útskýrir til Sakadóms í bréfi sem lá fyrir Hæstarétt eins og langfelst annað. Allt þetta lá fyrir Hæstarétt. Allt tal um að „ný gögn“ hafi valdið úrslitum með þetta mál er bara feluleikur fyrir þá sem vilja ekki horfast í augu við staðreynd málsins. Og hver er staðreynd málsins? **Að það þurfti einbeittan brotavilja (þ.e. ásetning) til þess að sakfella saklausu ungmennin til að byrja með.** Það var ekki dæmt eftir

þágildandi lögum, þá var ranglega vísað í þau gögn sem lágu til grundvallar.

Þess vegna rekur endurupptökunefnd þetta með þessum hætti, í 2941. málsgr. um þá skálduðu og fölsuðu forsendu Hæstaréttar:

„Um afturköllun dómfelldu á játningum sínum segir í forsendum Hæstaréttar: „Breyttu þeir ákærðu Sævar og Tryggvi eigi þessum játningum fyrr en í lok mars 1977, eins og að framan greinir. Ákærði Kristján hélt fast við játningu sína, þegar hann var samprófaður við ákærða Sævar og ákærða Tryggva 29. og 30. mars 1977, og hvarf eigi frá henni fyrr en 27. september s. á.“ **Þessar fullyrðingar Hæstaréttar eru ekki í samræmi við gögn málsins eins og rakið er hér að framan.**“ [Leturbreyting undirritaðs][6]

Og það er ekki á grundvelli nýrra gagna, heldur gömlu gagnanna sjálfra!

Endurupptökunefnd rekur þetta enn fremur m.t.t. föður míns:

„ Hvað endurupptökubeiðanda varðar var meint játning hans á dómþingi 11. janúar 1976 ekki afdráttarlausari en svo að í upphafi þinghaldsins hafði hann þvertekið fyrir[!] að hafa verið staddur að Hamarsbraut 11 kvöldið sem Guðmundur hvarf þótt ekkert hafi verið skráð um það í þingbók. Þá voru höfð eftir honum ummæli í skýrslum frá 30. apríl 1976, 30. september 1976, 27. febrúar 1977 og 9. mars 1977 sem líta verður á sem afturhvarf frá játningu[!] að hluta eða öllu leyti. **Að teknu tilliti til þeirra gagna sem liggja fyrir endurupptökunefnd eru ályktanir Hæstaréttar um endurteknar játningar endurupptökubeiðanda á aðild að atlögu að Guðmundi og hvenær hann afturkallaði þessar játningar fyrst þannig ýmist ónákvæmar eða beinlínis rangar.**“ [Litar- og leturbreyting undirritaðs]

Hæstiréttur skáldaði falsaðar forsendur í dómnum gamla til þess að geta dæmt ungmennin sek.

Varðandi Geirfinnsmálið:

Varðandi Geirfinnsmálið þurfti fyrrum yfirmann þýsku alríkislögreglunnar (yfirmann fleiri hundruð manna á sakamála- og þjóðaröryggisviði) til að hnoða saman með samprófunum einhverja „taktíska“ (eins og kemur fram í bréfi Karl Schutz til Ólafs Jóhannessonar) leið til að hægt yrði að dæma þau sek.

Endurupptökunefnd segir um það:

„2989. Rannsóknarmenn brugðu á það ráð sumarið 1976 að samprófa dómfelldu, ítrekað og lengi í senn, í þeim tilgangi að ná samræmi í framburði þeirra. Sem fyrr segir var ekkert skráð um það sem fram fór í þessum samprófunum. Endurupptökunefnd telur verulegan vafa leika á um að framburðir dómfelldu eftir þessa samprófunarlotu geti hafa endurspeglad raunverulegar minningar þeirra. Síðla sumars 1976 þegar Karl Schütz tók við stjórn rannsóknarinnar höfðu dómfelldi Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi verið í meira en sjö mánaða samfelldri einangrun. Samhliða einangruninni höfðu dómfelldu verið beittir ýmiss konar harðræði, eins og áður hefur verið gerð grein fyrir, sem gerði langa einangrunarvist þeirra enn þungbærari. 2990. Brotthvarf fjórmeninganna úr hópi grunaðra breytti mörgu varðandi hina ætluðu atburðarás. Allar þær bifreiðar sem fjórmeningarnir áttu að hafa ekið hurfu úr framburðum dómfelldu en eftir stóð að leiða í ljós hvernig dómfelldu komust til Keflavíkur. Rannsóknarmenn virðast hafa einblínt á að dómfelldu hefðu farið til Keflavíkur á sendiferðabifreið og fólkubifreið og mikil áhersla var lögð á að fá skýringar á því hverjir hefðu ekið þessum bifreiðum. Þar komu dómfelldu Kristján Viðar og endurupptökubeiðandi tæplega til greina þar sem þeir höfðu ekki ökuréttindi.“

Áður hefur verið gerð grein fyrir því að klúbbmanna áhuginn kom ekki frá krökkunum heldur öðrum[2][3][4] og að krakkarnir var gert að bendla Klúbbmenn við málið (Geirfinnsmálið), það var tilgangurinn með bullinu: Að meintir morðingjar bendluðu Klúbbmenn við morðmál (Geirfinnsmálið) svo hægt var að hneppa Klúbbmenn í gæsluvarðhald[!] sem svo var hægt að nota í pólitískum tilgangi gegn Ólafi Jóhannessyni[!], þáverandi dómsmálaráðherra.[1][4][5]

Stuttlega varðandi harðræðisrannsóknina:

Endurupptökunefnd rekur: „2285. Eftir að dómur sakadóms Reykjavíkur var kveðinn upp en áður en Hæstiréttur fjallaði um málið fór fram rannsókn á meintu harðræði sem endurupptökubeiðandi taldi sig hafa verið beittan. Sú rannsókn var mjög afmörkuð, tók aðeins til afmarkaðs tímabils og aðeins til meints harðræðis gagnvart endurupptökubeiðanda. Frekari upplýsingar um harðræði í gæsluvarðhaldi dómfelldu voru lagðar fyrir Hæstarétt við meðferð fyrstu endurupptökubeiðni endurupptökubeiðanda. Við meðferð endurupptökunefndar hefur verið varpað nýju ljósi á ýmsa annmarka á framkvæmd harðræðisrannsóknarinnar og jafnframt ýmsa þætti í framkvæmd gæsluvarðhaldsins sem áður hafa ekki komið fram og fella má undir slæma meðferð á dómfelldu. 2286. Við blasir að horfa ber til þess við mat á gildi framburða dómfelldu við hvaða aðstæður þeir eru gefnir. Um mat á sönnunargildi framburðanna vísast einnig til framangreindrar umfjöllunar um 3. gr. og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

VII.5.2.c Lyfjagiöf dómfelldu

2287. Ráða má af bókunum í dagbók fangelsisins við Síðumúla að dómfelldu fengu ávísað frá fangelsislækni ýmis konar geðlyfjum, svefnlyfjum og róandi lyfjum í gæsluvarðhaldinu. Þá virðist sem forstöðumaður fangelsisins hafi þess fyrir utan útvegað gæsluvarðhaldsföngum frekari svefnlyf og róandi lyf ef eftir því var leitað. Fyrir liggja sterkar vísbendingar um að áhrif þessara lyfjagjafa hafi verið mikil á dómfelldu en slík áhrif urðu umfjöllunarefni í aðdraganda málsmeðferðar fyrir Hæstarétti síðla árs 1979 í kjölfar bréfs sem Páll Arnór Pálsson verjandi dómfellda Kristjáns Viðars ritaði 10. september 1979 í tilefni af kvörtun dómfellda um sterk geðlyf sem honum voru gefin, í kjölfar tveggja sjálfsvígstíla hans, á tímabilinu janúar til og með maí 1977. Á sama tíma hafi hann verið í afdrifaríkum yfirheyrslum vegna málsins. Í bréfinu komu fram lýsingar dómfellda Kristjáns Viðars á því hvernig allt framferði hans og hugsanagangur hafi breyst. Hann hafi orðið manískur og upplifað sjálfan sig sem persónu á leiksviði. Honum hafi liðið líkt og honum væri ætlað að leika ákveðið hlutverk fyrir rannsakendur. Um miðjan maí hafi hann verið fluttur á Litla-Hraun, en þá hafi hann hætt allri inntöku lyfja og fundist rofa til í umhverfinu. Á Litla-Hrauni dvaldi dómfelldi Kristján Viðar til 5. júlí 1977, en daginn eftir dró hann framburð sinn til baka um aðild að Geirfinnsmálinu en þá var hann settur í einangrun á ný í Síðumúlafangelsinu eins og áður gat. [...]

2290. Eins má nefna í þessu sambandi að 16. júlí 1976 var bókað í dagbók fangelsisins við Síðumúla hver kvöldlyf endurupptökubeiðanda hafi verið þann daginn. Um hafi verið að ræða þrjár 50 mg Largactil töflur, tvær Somadril töflur og ein 5 mg Diazepam tafla. Fyrst talda lyfið mun vera ávanabindandi, sefandi og róandi geðlyf til meðhöndlunar á sturlunareinkennum vegna geðklofa og oflæti, það næsta mun vera ávanabindandi, vöðvaslakandi og verkjastillandi lyf við verkjum í stoðkerfi sem hafi róandi áhrif og það þriðja er skilgreint sem ávanabindandi, róandi, kvíðastillandi, krampastillandi og vöðvaslakandi lyf við taugaveiklun, kvíða, spennu og kvíðatengdum svefntruflunum. 3796 Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar um virkni þessara lyfja sýnist ótvírætt að þau hljóti að hafa haft umtalsverð áhrif á dómfellda. [...]

2309. Sökum þessarar takmörkunar eða afmörkunar á harðræðisrannsókninni, þar sem virðist hafa verið látið við það sitja að spyrja þá sem nefndir voru til sögunnar, þá virðist það hafa átt sér stað að fangaverðir, sem bjuggu yfir upplýsingum um þau málsatvik sem voru til rannsóknar, hafi ekki verið yfirheyrðir um þau atvik. Þannig var tiltekinn fangavörður ekkert yfirheyrður á þeim tíma sem málin voru til úrlausnar fyrir dómstólum.“[6]

Hafþór Sævarsson Ciesielski,
sundlaugarvörður

Heimildaryfirlit

[1] Vegna fréttu um erindi Valtýs Sigurðssonar, lögmanns Klúbbmanna og co:

<https://www.visir.is/g/2019190929922>

[2] I. Höfuð hnoðað úr leir: <https://www.visir.is/g/2018180809747>

[3] II. Misnotkun á mannshvarfi með gerviransókn: <https://www.visir.is/g/2018180809747>

[4] III. Klúbburinn og Kiddi: <https://www.visir.is/g/2018180829647>

[5] Innmúrað hirðfífl – því miður: <https://www.visir.is/g/2018180718821>

[6] Úrskurður endurupptökunefndar í máli Sævars:

<https://www.stjornarradid.is/media/rettarh.media/media/endurupptokunefnd/Urskurdur-i-mali-Saevars-Marinos-Ciesielski-nr.-5-2015.pdf>

[7] Vitnisburður Sævars, Erlu, Kristjáns og Guðmundar Agnarssonar úr hefti 12 (eða bók 12) í málgögnum G&Gmála

SKOÐUN



Vegna fréttu um erindi Valtýs Sigurðssonar, lögmanns Klúbbmanna og co.

Hafþór Sævarsson Ciesielski skrifar

20. september 2019 12:15

Algjörlega magnað stuff.

Nú hafa Klúbbmennirnir svokölluðu sent forsætisráðherra bréf - eða öllu heldur – enginn annar en Valtýr nokkur Sigurðsson hefur sent Katrínu Jakobsdóttur bréf fyrir hönd klúbbmanna, umbjóðanda sinna, þar sem þeim ku ekki líka sú tilhugsun að Erla Bolladóttir fái mögulega einhverjar bætur þar sem hún er ennþá dæmd fyrir að hafa bent á Klúbbmenn þar sem hún á að hafa, ásamt föður mínum og Kristjáni Viðari, fært á téða Klúbbmenn sakir. Við þurfum greinilega að fara gaumgæfilega yfir þetta atriði og nokkur því tengd. Ef einhver þekkir til Magnúsar Leópoldssonar, Valdimars Olsen og Einar Bollasonar þá má gjarnan vísa þessum pistli til þeirra.

Fyrir það fyrsta má taka fram að í raun er einvörðungu Magnús Leópoldsson hér sem er „Klúbbmaður“ (framkvæmdastjóri Klúbbsins). Sigurbjörn Eiríksson (eigandi Klúbbsins) er látinn. Einar Bollason er bróðir Erlu Bolladóttur og ekki „Klúbbmaður“. Hins vegar má benda á að Valdimar Olsen hafði tiltekna tengingar við Klúbbinn, þó hann væri ekki „Klúbbmaður“.

Í öðru lagi verður að taka fram að Valtýr hefur persónulega og mikilla hagsmuna að gæta hér, í þessu máli að „Klúbbmálið“ haldi áfram að vera skrifað á ungmennin en ekki meinta rannsóknaraðila sem eru viðriðnir málið (ég segi „meinta“ rannsóknaraðila vegna þess að þeir voru aldrei að rannsaka neitt, þeir voru að búa til tiltekna sögu[1]).

Það vill svo til að Valtýr þessi tilheyrði gervirannsókninni í Keflavík (1974) sem rannsakaði ekki afdrif Geirfinns Einarssonar heldur var tilgangur „rannsóknarinnar“ að bendla Klúbbmenn við hvarfið hans Geirfinns[1] (Klúbburinn og Ólafur Jóhannesson ráðherra voru þá þegar tengdir saman eftir fund tollgæsluhússins og ólöglega lokun Klúbbsins sem kom í kjölfarið (1972)[2]). Markmiðið með frumrannsókninni í Keflavík var ekki að "góma" Klúbbmenn fyrir eitt eða neitt – heldur að búa til hugrenningartengsl milli Klúbbmanna og mannhvarfs.

[Vilmundur Gylfason, Sighvatur Björgvinsson undir verndarvæng „Vísismafiunnar“ (Ingimundur Sigfússon úr Heklu stjórnarformaður Reykjavrents hf. (eiganda Vísis) eftir stjórnarskiptin sumarið 1975[3] (faðir Þjóðaröryggisráðs-stýrihóps-starfskraftsins Vals Ingimundarsonar, sagnfræðings sem er eftir áramótin næstu með áfanga um sáttanefndir í Háskóla Íslands)). Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðflokkurinn tóku höndum saman ('75-'76 og nýttu sér þessi hugrenningartengsl til að koma höggi á Ólaf Jóhannesson, formann Framsóknarflokksins og þáverandi dómsmálaráðherra ('76).]

Nú skrifa Klúbbmenn forsætisráðherra bréf (2019)[4] og halda því m.a. fram, eða Valtýr sjálfur, eða hvernig sem það er í bréfi þessu: „Það hlýtur að vera verulegt umhugsunarefni hvað komi alsaklausum aðila, eins og Erla telur sig vera, til að spinna upp framburð sem þennan og bera þá Einar, Magnús og Valdimar slíkum sökum og þar með einnig sjálfa sig. Framburð sem var svo trúverðugur að reyndir rannsóknarlögreglumenn létu blekkjast lengi“



Við upphaf málfutnings í Hæstarétti 14. janúar 1980.

Hér koma fyrir tvær forsendur sem eru rangar. Í fyrsta lagi a) að Erla sé að „spinna upp framburð“ (þetta er ekki frá Erlu komið heldur beint og skilmerkilega úr skýrslum frá haustinu 1975 sem Njörður Snæhólm tók af fyllerísrausi manns að nafni Guðmundur Agnarsson og svo fjölskyldumeðlimum hans) og í annan stað b) að það hafi verið „framburður þessi sem var svo trúverðugur að reyndir rannsóknarlögreglumenn létu blekkjast lengi“ (ef „rannsóknarlögreglumennirnir“ í Síðumúla, hefðu yfirhöfuð verið í góðri trú, þá hefðu þeir í fyrsta lagi tekið Guðmund Agnarsson á beinið og í jailið. Spurt krakkana spjörum út um hann og öfugt, en nei nei, engin þörf á slíku (?!), í annan stað þá hefðu „rannsakendur“ rannsakað fjarvistarsonnun Klúbbmanna um leið og þeir komu fram með þær, en nei nei, engin þörf á slíku (?!) og í þriðja lagi þá hefði Örn Höskuldsson ekki talað um að það væri ekki hægt að sleppa Klúbbmönnum og co úr haldi því málið væri of pólitískt (?!). En gott og vel, förum gaumgæfilega í gegnum þetta.

Hvað eftir annað í frumrannsókninni sér maður enga heiðarlega tilraun gerða til að reyna finna Geirfinn heldur þess í stað, Hauk og Kristján Pétursson sérstaklega (ásamt Valtý Sigurðssyni og Nirði Snæhólm), að spyrja um einhverja atburði eða atvik í Klúbbnum.

Birtingarmynd Klúbbmálsins var m.a. sögusögn sem fór af stað í Keflavík og víðar, að Klúbbmenn væru á einvern hátt viðriðnir hvarfið á Geirfinni Einarssyni. Góð heimild fyrir því er öll bók 12 í málgögnum máls 214:

Sú saga sem krakkarnir Sævar, Erla og Kristján voru fengin til að „upplýsa“ um í janúar 1976, var öll skjalfest af Nirði Snæhólm nokkrum mánuðum fyrir handtöku þeirra. Þ.e.a.s. öll lyklatríðin úr þeirri sögu sem þau voru látin rekja með samhengislausum hætti, koma fram í skýrslu fjölskyldameðlima Guðmundar Agnarssonar. Samkvæmt skýrslu krakkanna frá janúar 1976, er skrifuð á blað; ferð til Keflavíkur. Í þeirri ferð kom auðvitað Magnús Leópoldsson frá Klúbbnum við sögu[], stór sendibifreið ásamt bátsferð þar sem kafað var eftir spíra. Nema hvað slys hafi valdið því að Geirfinnur hafi fallið frá borði og druknað. Öll þessi atriði, hvert eitt og einasta, ásamt staðsetningunni þ.e.a.s. „gömlu bryggjuna“, þ.e. dráttarbrautin, komu fram árinu áður, árið 1975 og það áður en eitt einasta krakkaskinn hafði verið handtekið, hvað þá yfirheyr. (Bók 12, í janúar 1976) Þetta handrið var sum sé til staðar og notað af síðumúla rannsóknar aðilum sem frummynd að sögu þeirra sem pabbi, Erla og Kristján voru látin samþykkja.

[Hvað segir skýrslan að Sævar hafi sagt 22. janúar 1976, þá tuttugu ára gamall. Þetta er rakið í bók 12 í máli 214: fólksbifreið, Magnús Leópoldsson á bls. 6, Klúbburinn á bls 7. Hugmynd sprettur fram um að Geirfinnur yrði með í för að sækja áfengi sem væri út á sjó, ein önnur bifreið til Keflavíkur kemur fram á bls 8 þar sem getið er til um að slys hafi átt sér stað, að Geirfinnur hafi fallið útbyrðis úr bátnum og druknað á bls. 9.

Hvað segir skýrslan að Erla hafi sagt 23. janúar 1976, rakið í sömu bók: Erlu ekið um Keflavík og svo „flæðamálið til hliðar/þarna við bryggjuna var mól eða sandur, en ekki steypur kantur eins og venjulega er í höfnum [passar við gömlu bryggjuna, þ.e. dráttarbrautina en ekki nýju höfnina.] Magnús Leópoldsson og fólksbifreið og fleiri bifreiðar nefndar bls. 11 m.a. stór sendibifreið, trillubátur bls. 12.



Hvað segir skýrslan að Kristján hafi sagt: Kristján; stór sendibifreið, við Klúbbinn bls. 15 í bók 12: „Ekki get ég gert mér grein fyrir hvers vegna ég fór inn í þessa bifreið, en eitt er ég viss um, að ég hlýt að hafa þekkt einhvern, eða einhverja, sem í bifreiðinni voru, annars hefði ég ekki farið í hana. Ég get því ekki, í það minnsta ekki enn sem komið er, sagt hverjir voru í bifreiðinni auk mín, en fleiri menn voru í henni. Bifreið þessi gæti vel verið af Mercedes-Benz [...] Þessari bifreið var ekið út úr borginni, að ég tel, til Keflavíkur. Bls. 16 í bók 12: [...] að ég held stálbát [...] mér finnst eins og einhver hreyfing hafi verið á þeim báti [...] í það minnsta tvær aðrar bifreiðar voru þarna á staðnum [...] sjávarmálið beggja vegna við bryggjunnar var möl, en ekki steinsteypt eða malbikað [passar við gömlu bryggjuna, þ.e.a.s. dráttarbrautina en ekki „venjulegu“ höfnina þ.e. nýju höfnina]. Hvort þessi atburður eða ferðalag mitt var um það leyti, sem farið var að lýsa eftir Geirfinni, get ég ekki fullyrt um, en ég tel það vel hugsanlegt.“

Sævar kemur svo aftur fyrir á hinu skjalfesta yfirheyrslu formi (mjög margar óopinberar „yfirheyrslur“ höfðu þá „tuskað“ hann til í maraþon yfirheyrslum ásamt þeim krökkum öllum. Höfðu réttara sagt pyntað hann til og brotið lög og reglur þess tíma til að fá hann til að samþykkja þessa sögu betur og tengja Klúbbinn við mannshvarf með handriti frá Guðmundi Agnarssyni sem er skjalfest af Nirði Snæhólmi þremur mánuðum áður en krakkarnir eiga að vera að segja sömu sögu frá eigin brjósti, (nema enginn Guðmundur Agnarsson kemur við sögu])

Skjalfest fyllerís saga Guðmundar Agnarssonar er áhugaverð vegna þess að hún kemur fram þremur mánuðum á undan skýrslum pabba, Erlu og Kristjáns. Sonur Guðmundar Agnarssonar, kona, dóttir og tengdasonur koma öll til lögreglu áhyggjufull, 22. í október árið 1975, segja að Guðmundur Agnarsson sinn tali um að vera flæktur í Geirfinnsmálið. Sonurinn segir að Magnús Leópoldsson hafi gefið út ávísun til hans stimplaða af Klúbbnum bls. 67 bók 12. Guðrún, kona hans, segir að Guðmundur hafi trúað Möggu dóttur sinni fyrir því að hann hafi farið út á bát frá Keflavík með Geirfinni til að sækja spíra en Geirfinnur hafi dottið fyrir borð. Guðmundur Agnarsson kemur svo (bls. 82-84) og segir þetta allt hugarburð, en rekur samt sömu fyllerís sögu í skýrslu til Njarðar Snæhólmi: Að hafa farið á sendibifreið til Keflavíkur, þar hafi Magnús Leópoldsson komið við sögu, þá hafi verið farin bátsferð, með gömlu bryggjunni þ.e.a.s. dráttarbrautinni, til þess að ná í spíra en Geirfinnur hafi dottið frá borði. Guðmundur Agnarson segist síðar hafa byggt söguna upp algjörlega á þeim sögusögnum, sem á þeim tíma og áður höfðu gengið manna á milli um hvarf Geirfinns (ein af fjöldamörgum útgáfum). Guðmundur Agnarson rekur þessa bull sögu sína þann 23. október árið 1975 og Njörður Snæhólmi tekur skýrsluna sem inniheldur þessi atriði: Magnús Leópoldsson, Sigurbjörn Eiríksson, bílferðir. báti siglt frá dráttarbrautinni, smygl fyrir Klúbbmenn, Geirfinnur í köfun að flytja smyglaðan spíra nema hann kemur ekki upp. Sum sé, nákvæmlega sömu lyklatríði og tvítugir krakkarnir áttu að hafa sagt við „rannsóknar“ aðila skv. skýrslum þann 22.-24. janúar 1976.

Ef „rannsóknar“ aðilar í Síðumúla hefðu verið í góðri trú, hvers vegna í ósköpunum hnepptu þeir ekki Guðmund Agnarsson í gæsluvarðhald, þegar pabbi, Erla og Kristján byrjuðu að apa upp (skv. téðum lögregluskýrslum) nákvæmlega sömu sögu og Guðmundur hafði þá sagt þremur mánuðum á undan? Af hverju spurðu „rannsóknar“ aðilar í Síðumúla ekki Guðmund hvort hann þekkti þremenningana (pabba, Erla, Kristján)? Og af hverju voru þremenningarnir ekki spurðir hvort þau þekktu ekki þennan Guðmund Agnarsson, hvort hann hefði ekki örugglega verið með þeim þarna í þessari skrátnu ferð til Keflavíkur? Nei, ekkert svoléiðis (!) Næstum því eins og „rannsóknar“ aðilar vissu að þessi saga væri ósönn til að byrja með enda átti að nota hana í pólitískum tilgangi.



Frá blaðamannafundi um lausn Geirfinnsmálsins 1977

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Þá kom Magnús Leópolddsson mjög snemma fram með fjarvistarsönnun, en hún var ekkert rannsökuð strax (?!). Og þrír af þeim fjórmeningum sem hnepptir voru í gæsluvarðhald komu með fjarvistarsönnun. Er það tvítugri Erlu Bolladóttur að kenna, að ekki hafi verið athugað með þær fjarvistarsannanir strax? Nei. Það er „rannsóknar“ aðilum í Síðumúla um að kenna; fullkomlega. Fjarvistarsönnun Magnúsar til að mynda var sú að hann hafi verið að störfum í veitingahúsinu Klúbbnum umrætt kvöld. Þrír starfsmenn Klúbbsins a.m.k. munu hafa borið vitni og staðfest þennan framburð Magnúsar. Það var hins vegar ekki athugað með það fyrr en seint og um síðir.

Og athuguðu „rannsóknar“ aðilar hvort eitthvað haldbært væri hægt að sannreyna með þennan meinta vitnisburð pabba og Erlu og Kristjáns fyrst, áður en þeir hnepptu „Klúbbmenn“ í gæsluvarðhald? Nei, það gerðu þeir ekki. Og er hægt að kenna tuttuguára (ekki tuttuguogtveggja, ekki tuttuguogseins heldur 20 ára gömlum ungmönnum um það?) Eða er það alfarið á ábyrgð svokallaðra „rannsóknar“ aðila? Svarið er augljóst. Já, að sjálfsögðu er ábyrgðin á meintum „rannsóknar“ aðilum. Örn Höskuldsson, fulltrúi yfirsakadómarans Halldórs Þorbjörnssonar kemst svo að orði og Magnús Leópolddsson hefur eftir honum í bók sinni, Saklaus í klóm réttvísinnar, að Örn hefði ekki getað hleypt þeim alveg strax út, þó þeim myndi vissulega verða sleppt, því málið væri of pólitískt eðlis (?!) og því þyrftu þeir að dúsa aðeins lengur.

Nú jæja, hvað var að gerast á hinu pólitíska sviði? Árásin á Ólaf Jóhannesson, sem náði hámarki sínu þann 2. febrúar 1976, hefði aldrei getað átt sér stað nema vegna þess að þá var búið að hneppa Klúbbmenn í gæsluvarðhald. Þá hefur einn fjórmeninganna (Klúbbmenn og co) haft á orði að hann skildi ekki hvers vegna einhver þremninganna (pabbi, Erla og Kristján) gat bendlað hann við málið; sjálfur hefði hann aldrei bendlað neinn í málið þrátt fyrir að hafa þurft að þola gífurlega miklar þjáningar. Ástæðan fyrir því er sú að Klúbbmenn áttu aldrei að bendla neinn annan við málið. Þegar þeir voru komnir inn þá var þetta „tilbúið“. Sem sagt allt til reiðu fyrir árásina á Ólaf Jóhannesson. Þannig var aldrei neinn þrýstingur, eða hreinn skáldskapur í skýrslum, af höndum „rannsóknar“ aðila í tilfelli Klúbbmanna. Þrýstingurinn og skáldskapurinn var á krakkana, fyrst til að bendla þau við eitt mannhvarf og svo annað mannhvarf. Og í síðara

tilvikinu með það aðalmarkmið að leiðarljósi að því tengdust Klúbbmenn. Hvers vegna? Þetta var gert til þess að hægt væri að koma Klúbbmönnum í gæsluvarðhald. Svo hægt var að leggja til fullrar atlögu gegn Ólafi Jóhannessyni...

Eva Hauksdóttir segir varðandi að þetta atriði hafi ekki verið tekið upp í endurupptökunefnd: „Við getum vonandi verið sammála um að ekki sé forsvaranlegt að dæma fólk til refsingar á grundvelli þvingaðra játninga eða falskra minninga um eigin sök, sem rannsakendur bera ábyrgð á. Sú afstaða Endurupptökunefndar að sömu ástæður séu ekki efni til endurupptöku þegar vitnisburður beinist gegn öðrum, er í besta falli óskiljanleg. Í versta falli bendir hún til viðtæks skilningsleysis á aðstæðum sakborninga í málinu og áhugaleysi um rannsóknir á sönnunargildi vitnisburða.“[5]

Í raun er „í versta falli“ mun alvarlegra en rakið er hér. Í versta falli hefur yfirhylmingunni og samtryggingunni verið haldið áfram með þessum úrskurði, þar sem ásetningur og frumkvæði er áskilið til að hægt hefði átt að vera að dæma þau fyrir að bera sakir á Klúbbmenn og co. Engin ásetningur né frumkvæði var til staðar og gífurlega dapurlegt að þetta atriði var ekki tekið upp í það skipti hjá endurupptökunefnd. Björn L. Bergsson fékk að launum skrifstofustjóra embætti hjá Landsrétti, eftir þessa lögræði leikfimi háloftanna.

[1]<https://www.visir.is/g/2018180808985>

[2]<https://www.visir.is/g/2018180829647>

[3] <https://www.visir.is/g/2018180718821>

[4] <https://www.ruv.is/.../motmaela-thvi-ad-erla-fai-baetur-an-sv...>

[5] <https://kvennabladid.is/.../af-furdulegum-forsendum-endurupp.../>

Höfundur birti pistilinn fyrst á Facebook þar sem hann birtir jafnframt myndir, skrifum sínum til stuðnings. Þær má nálgast hér að neðan.




Hafþór Sævarsson Ciesielski

fyrir u.þ.b. mánuði síðan

[G&G mál. Vegna fréttu RÚV um erindi Valtýs Sigurðssonar, lögmanns Klúbbmanna og co.]

Algjörlega magnað stuff.

Nú hafa Klúbbmennirnir svokölluðu sent forsætisráðherra bréf - eða öllu heldur – enginn annar en Valtýr nokkur Sigurðsson hefur sent Katrínu Jakobsdóttur bréf fyrir hönd klúbbmanna, umbjóðanda sinna, þar sem þeim ku ekki líka sú tilhugsun að Erla Bolladóttir fái mögulega einhverjar bætur þar sem hún er ennþá dæmd fyrir að hafa bent á Klúbbmenn þar sem hún á að hafa, ... [Sjá meira](#)



77

13

33

+10

Guðmundar- og Geir nns máli

Hafþór Sævarsson Ciesielski

Athugið. Allar athugasemdir eru á ábyrgð þeirra er þær rita. Vísir hvetur lesendur til að halda sig við málefnalega umræðu. Einnig áskilur Vísir sér rétt til að fjarlægja ærumeiðandi eða ósæmilegar athugasemdir og ummæli þeirra sem tjá sig ekki undir eigin nafni.

Viðauki [2]

VÍSIR

SKOÐUN



I. Höfuð hnoðað úr leir

Hafþór Sævarsson skrifar

3. ágúst 2018 09:00

Líkar þetta 73

Íslendingasaga Guðmundar- og Geirfinnsmála

Formáli

Guðmundar- og Geirfinnsmálin svonefndu urðu ekki til í tómarúmi. Það er ómögulegt að skilja þau mál án þess að fyrir liggi til grundvallar skilningur á pólitískum hagsmunum þess tíma. Það vill svo til að sakamál þessi eru aðeins lítill angi af stærra sögulega samhengi. Ef sagan er ekki slitin úr sínu viðeigandi samhengi þá útskýrir hún afdráttarlaust ástæður fyrir misnotkun mannhvarfanna tveggja, þ.e. þeirra Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar.

Misnotkun þessi leiddi m.a. til þeirra opinberu málavaxta sem engan endi virðast ætla að taka, 44 árum eftir hvarf mannanna tveggja. Ef marka má opinbera umræðu, þá þrátt fyrir allan þennan tíma og fyrirhöfn, virðist enginn vita nokkurn skapaðan hlut um hvað í ósköpunum var eiginlega á seyði.

Þess í stað hefur umræðan verið afvegaleidd frá kjarna málsins - bæði markvisst sem og ómeðvitað. Taka má ótal dæmi um slíkt: Útvarpsleikritið „Lifun“ frá árinu 2017 sem Vera Illugadóttir ljáði rödd sína, gefur manni þá hugmynd að sökin sé til háls þeirra illa innrættu ungmenna sem vildu fyrst og fremst skapa skáldverk í miðjum lotum pyndinga. Brynjar Níelsson heldur því fram að ekkert dómsmorð hafi farið fram, þar sem hvergi í dómi Hæstaréttar sé að finna orðið „dómsmorð.“ Jón Steinar Gunnlaugsson þykist standa með réttlæti en leynt og ljóst vinnur gegn því. Ómar Valdimarsson, fyrrverandi blaðamaður Dagblaðsins, notar hvert einasta tækifæri, t.d. í viðtali í kvikmyndinni „Out of Thin Air,“ til að reyna sannfæra sjálfan sig um hversu hræðileg þessir tvítugu krakkar voru - til að afsaka eigin sök sem blaðamaður frá þessum tíma – þegar hann „[vann] eins og dýr og [...] drakk eins og dýr.“ eins og Anthony Adeane hefur eftir honum í bók sinni Out of Thin Air (2018). Hvers vegna svo í ósköpunum fyrrverandi fréttamaðurinn Ómar Ragnarsson ákvað að skrifa bókina

Hyldýpið (2016), þar sem hann þykist vita eitthvað sem hann viðurkennir svo persónulega að sé hreint bull, veit vonandi enginn.

Karl Th. Birgisson, ritstjóri Herðubreiðar, gerði þó í það minnsta tilraun til að gera grein fyrir því hvað það var sem gerði málið „pólítískt.“ Þar liggur lykillinn að málinu, hvað það sé sem geri málið pólítísk. Tilraunin mistókst hins vegar hrapplega; Karl áttar sig ekki á einu stakasta atriði nema því, þeirri fyrirframingu forsendu sinni, að Framsóknarflokkurinn sé spilltur og Ólafur Jóhannesson, fyrrv. forsætisráðherra, hafi verið það líka. Jón Daníelsson skrifaði ágæta bók, Sá sem flýr undan dýri (2016) um refsiverða háttsemi handhafa opinbers valds í málinu og nefnir fleira til sögunnar eins og fjarvistarsannanir sem höfðu hvergi fengið rými í opinberri umfjöllun fram að útgáfu þeirrar bókar. Jón telur hins vegar ýmislegt „skynsamlegt“ við ákvarðanatöku svokallaðra rannsóknaraðila í frumrannsókn hvarfs Geirfinns - sem er það einfaldlega ekki við nánari skoðun. Jón gefur því öðrum tækifæri á að kafa dýpra. Það sem eftir stendur um málið og vantar sárlega er samhengið. Án þess er engin saga, engin merking og enginn þráður.

Það vill svo til að það er gífurlega sterkur og litríkur þráður sem fer ekkert á milli mála í umræddum málum. Það er sá þráður sem þarf að skoða, í stað þess að loka sig af í

„Geirfinnsmálinu“ sem var raunar smættað úr „Guðmundar- og Geirfinnsmálinu“ sem var svo aftur smættað úr „Klúbbmálinu“ svokallaða á sínum tíma. Það þarf að gera grein fyrir öllu samhenginu og fylgja þeim þræði eftir sem varpar ljósi á söguna í heild. Þá þarf að gefa sérstakan gaum að mönnum eins og Kristjáni Péturssyni, deildarstjóra tollgæslunnar á Keflavíkflugvelli og Nirði Snæhólm, rannsóknarlögglumanni. Hvort menn og konur vilji þegar upp er staðið, vita og skilja málið í heild eða aðeins heyra það sem samræmist þeirra heimsmynd, kemur engum öðrum við.

I. Höfuð hnoðað úr leir

Á fjallstindi yfir hlýjum árdal flöktir skítugt lak á þvottasnúru. Fyrir neðan speglar vatnið hið efra: Fjólublár himinn býður góðan dag með myntugrænu ljósi sem geislar gegnum morgundögg. Lakið skítuga sem flögrar með sunnangolu hangir fast á viðarklemmum. Lakið er það eina sem eftir er af vofu Geirfinnsmálsins. Fram að þessu hefur vofan legið í drullupolli draugasagna sjáenda og tugga lögmanna. Tuggur þessar eru af ólíkum toga en bera allar sama einkennið: Grófleika. Tuggunum er slengt fram í þeim tilgangi að afgreiða skynsama forvitni með ódýrum frösum. Ruddaskapur þessi nærast á ruglingi og hroka. Andrúmsloft þöggunar og meðvirkni hefur viðhaldið þessu ástandi. Fyrirframingu forsendunnar eru allsráðandi og mýturnar fleiri en árin sem hafa liðið frá atburðunum.

Nú er kominn tími til að segja sögu. Við þurfum að færa svarthvítu draugasöguna í lit - varpa ljósi á heildarmyndina í góðri upplausn. Smáatriði verða að fá að njóta sín í ró og næði þar til hárfín nákvæmni kemur reglu á óreiðuna. Vandað handbragð og fínlegir drættir sem bera skynbragð á blæbrigði margra samverkandi þátta kemur í stað rammra tugga. Þannig fær sagan að flökta í allra auglýsingu: Hvað er það sem sameinar Guðmundar- og Geirfinnsmálin? Til að segja frá málinu í heild verður að hefja sögu þessa á viðunandi upphafsreit. Í þeim tilgangi mun Leirfinnur duga.

Eflaust hefur ekkert mannhvarf komið jafn miklu róti á sálarlíf þjóðarinnar og hvarf Geirfinns Einarssonar. Strax í upphafi var raunar sleginn sá tónn að um dularfullt mannhvarf væri að ræða. Rétt eins og meintir rannsakendur vissu fyrir fram að mannhvarfið yrði síðar meir einmitt talið hið dularfyllsta. Ekki nema rúmri viku eftir hvarfið var hnoðuð leirstytta í kjallara undirmeðvitundar Íslendinga. Leirfinnur, eins og stytta er venjulega kölluð, ber öll einkenni þjóðsagnamunar: Táknmynd dularfullrar draugasögu, brunnur ósvaraðra spurninga og ber hinn eina sanna óræða svip sem auðvitað allir þykjast kannast við. Svipur þessa leirverks er á pari við eins konar bros Mónu Lísu; áhrifamátturinn óneitanlega dáleiðandi.

Þessi séríslenska tilraunastarfsemi löggæslufirvalda, að hnoða stytta úr leir í þeim tilgangi að leita að manni til að leita að enn öðrum manni, hljómar eins og hún hafi aldrei verið líkleg til árangurs. Árangur bar hún samt úr bítum þótt augljóslega ekki hinn yfirlýsta, að rannsaka afdrif Geirfinns.

Leirfinnur átti að lýsa andlitsdráttum, hári og höfði þess manns sem sást í brúnum leðurjakka hringja úr símtæki Hafnarbúðarinnar í Keflavík 19. nóvember árið 1974. Kvöld þetta var það síðasta sem spurðist til Geirfinns. Meintir rannsakendur vildu meina að umræddur sími hafi verið notaður til að hringja í Geirfinn. Styttuhnoðið gekk ekki betur en svo að sjónarvottarnir báðir töldu stytta ótæka til að lýsa eftir dularfulla manninum í brúna leðurjakknum. Meintum rannsakendum í Keflavík fannst það þó ekki skipta höfuðmáli og þrátt fyrir að augljóst væri að höfuðið var ekkert líkt

manninum ákváðu þeir engu að síður að birta mynd af höfðinu í fjölmiðlum. Það þurfti enga sjáendur til að spá fyrir um það, fjölmiðlar fóru á heljarinnar leitarfylleri til höfuðs höfðinu sem lýsti hvorki einum né neinum.

Sá sem hringdi úr Hafnarbúðinni þetta kvöld var ekki dularfyllri en svo en að hafa gefið sig fram. Jón nokkur Grímsson var maðurinn sem hringdi úr Hafnarbúðinni þetta kvöld og hafði einmitt klæðst brúnum leðurjakka. Hvað voru margir sem hringdu úr grunaða símtólinu þetta kvöld og klæddust brúnum leðurjakka? Það er að öllum líkindum aðeins einn maður og Jón Grímsson heitir hann. Jón þessi hafði hins vegar ekkert með hvarf Geirfinns að gera. Hann kom með leigubíl og fékk að hringja til að finna bílinn sinn. Leigubíllinn beið eftir Jóni á meðan hann fékk að hringja, síðan fór Jón út aftur og bílstjórinn ók honum á þann stað sem Jón sótti bílinn. Meintir rannsakendur töluðu um það sem fyrirframgefna forsendu að símtæki Hafnarbúðarinnar hafi meldað sig við símtól Geirfinns en það var aldrei staðfest. Það hefði raunar vel verið hægt að rekja símtalið og fá úr því skorið, það var hins vegar aldrei gert. Meintum rannsakendum fannst það aldrei neitt sérlega spennandi þæling.

Þegar Jón setti sig í samband og gaf sig fram voru viðtökunar dræmar. Honum var tjáð að hann ætti bara hafa samband næst þegar hann væri á höfuðborgarsvæðinu, ekkert stress! Þegar Jón hafði síðan samband frá höfuðborgarsvæðinu var hann beðinn um að vera um kyrrt þar sem hann var staddur - þeir myndu koma til hans. Hans var ekki óskað niður á lögreglustöðina. Margt grunsamlegt er nú þegar á ferðinni í vinnubrögðum meintra fagmanna, eins og glöggir og jafnvel óglöggir sjá.

Í viðtali um aldamótin segist Jón Grímsson vita að Njörður Snæhólm lögreglumaður hafi verið annar þeirra sem kom til hans umræddan dag. Jón sýnir Nirði Snæhólm brúna leðurjakkann sem hann var í þetta kvöld. Njörður segir Jóni hins vegar að þessi tiltekni brúni litur passi ekki alveg við lýsingu sjónarvotta; jakkinn væri of dökkur! Njörður gat að sjálfsgöðu ekki vitnað fyrir um hvaða tón sjónarvottar skynjuðu á brúna jakkanum. Þrátt fyrir það tilkynnir Njörður Jóni að hann sé ekki maðurinn sem leitað sé að og megi bara gleyma þessu. Njörður Snæhólm kemur því sem sagt í kring að sjónarvottarnir fá aldrei að berja Jón þennan augum, hvað þá jakkann.

Hver er þessi Njörður Snæhólm rannsóknarlögreglumaður? Njörður Snæhólm barðist sem norskur hermaður í seinna stríði og vildi fara í fremstu víglínu, óskaði sérstaklega eftir því við herstjóran. Njörður skýrir frá því í bók sinni „Á kafbátaveiðum“ að eftir að hafa lært að verða vélbyssuskytta í Kanada hafi hann farið til Bandaríkjanna í skóla. Þar hafi menn verið „í sömu erindagjörðum; að læra að drepa menn.“ Hann annaðist fangaflutninga bæði á meginlandi Bretlands og yfir Atlantshafið frá Bandaríkjunum, tók þar við föngum frá bandarísku leynilögreglunni. Í grennd við Forus, Stavanger flugvöllinn í Noregi eftir stríðið, fyrirskipaði Njörður aftöku á manni sem tók til fótanna í vörslu hans. Sem herflugmaður hugsaði hann lítið um ró og næði: „Heldur hitt, að lenda í sem mestum árekstrum við óvinina og reyna skjóta niður sem flesta þeirra.“ Njörður lærði undirstöðuatriðin í vopnaburði, á handvélbyssur, skriðdrekariffa, handsprengjur, gas og byssustingi. Ásamt því lærði hann „alls konar aðferðir við að drepa með berum höndum.“

Haukur Guðmundsson, rannsóknarlögreglumaður, segir Njörður hafa átt frumkvæðið að því að hann, Haukur, hafi farið með ekkju Geirfinns hálfu ári eftir hvarf Geirfinns til Jórdaníu. Yfirlýstur tilgangur ferðar þeirra Hauks og Guðnýjar var að hitta miðil. Hvað varð til þess að einn meintur rannsakandi fór með ekkju Geirfinns til Jórdaníu til að hitta miðil? Haukur bendir einungis á að Njörður Snæhólm hafi verið svo mikill áhugamaður um dulræn málefni.

Vituð þér enn - eða hvað?

Guðmundar- og Geir nns máfi

Athugið. Allar athugasemdir eru á ábyrgð þeirra er þær rita. Vísir hvetur lesendur til að halda sig við málefnalega umræðu. Einnig áskilur Vísir rétt til að fjarlægja ærumeiðandi eða ósæmilegar athugasemdir og ummæli þeirra sem tjá sig ekki undir eigin nafni.

Velkomin á Vísi. Þessi vefur notar vafrakökur. Sjá nánar.

Viðauki [3]

VÍSIR

SKOÐUN



II. Misnotkun á mannshvarfi með gervirannsókn

Hafþór Sævarsson skrifar

10. ágúst 2018 09:00

Þeir sem önnuðust svokallaða frumrannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar voru þeir Haukur Guðmundsson lögreglumaður, Valtýr Sigurðsson fulltrúi lögreglustjóra (löglerður og skrifaði úrskurði sem dómari) og Kristján Pétursson (kallaður Kiddi P.), deildarstjóri tollgæslunnar og útlendingaeftirlitsins. Björn Bjarnason, þáverandi dómsmálaráðherra, skipaði Valtý Sigurðsson ríkissaksóknara árið 2007. Kiddi P. var ekki einu sinni lögreglumaður en var vanur að skipta sér

af hinum og þessum rannsóknnum sem áttu að tengjast meintu undirheimabraski skemmtistaðarins Klúbbsins með einum eða öðrum hætti – eins og meintu spírasmygli. Njörður Snæhólm, rannsóknarlögreglumaður, bættist formlega

við rannsóknarteymið þegar leirhöfuðið var vígt, um viku eftir hvarf Geirfinns. Haukur virðist vera í hlutverki undirmanns gagnvart Kidda P. eins og kemur m.a. í ljós í Batta rauða- eða Guðbjartsmálinu svokallaða. Í því máli er Haukur Guðmundsson dæmdur til refsingar (Hæstaréttardómur 1981:430) fyrir að hafa m.a. komið fölsuðum sönnunargögnum á Guðbjart Pálsson, leigubílstjóra. Haukur segist hafa verið einn að verki. Kiddi P. segir hins vegar í bók sinni Margir vildu hann feigan (1990), sig hafa verið manninn á bak við málið og „rannsóknina“. Þeir Valtýr og Kiddi P. þekktust og höfðu m.a. unnið náið saman við fíkniefnadómstólinn sumarið 1973 þegar Ásgeir Friðjónsson dómari var fjarverandi, Valtýr sem dómarafulltrúi og Kiddi P. sem vottur. Það sumar, þann 28. júlí árið 1973, skrifuðu þeir Valtýr Sigurðsson og Kristján Pétursson sameiginlega undir stórfurðulega upplýsingaskýrslu um átján ára unglínga, þau Erlu Bolladóttur og Sævar M. Ciesielski. Rúmum tveimur árum eftir undirskrift þeirra félaga áttu unglíngarnir eftir að vera handteknir og í framhaldinu flæktir í mannshvarfsmál Geirfinns Einarssonar sem Kiddi P. og Valtýr áttu eftir að „rannsaka“ í millitíðinni. Erla og Sævar áttu svo í framhaldi af handtöku sinni – í desember 1975 – að hafa flækt Klúbbmenn í Geirfinnsmálið með röngum sakargiftum í janúar 1976; krakkarnir áttu að hafa með ásetningi orsakað gæsluvarðhaldsvist Klúbbmanna. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að rekja má ásetninginn – að blanda Klúbbmönnum í málið – til fyrri tíma og til allt annarra en þeirra tvítugra ungmenna, nýbakaðra foreldra.

Ef hin meinta rannsókn, frumrannsóknin á hvarfi Geirfinns Einarssonar, hefði verið alvöru rannsókn en ekki gervirannsókn sem hafði annað markmið en að rannsaka afdrif Geirfinns, hefði ýmislegt litið öðruvísi við. Fyrir það fyrsta hefði ekki verið farið af stað af eins mikilli ákveðni og þeim mikla þunga eins og gert var strax eftir hvarfið. Venjan var sú að rannsaka ekki eitt né neitt í sambærilegum málum, hvað þá að leggja mikinn þunga í leit að horfnum manni. Um tveir tugir manna hurfu á áttunda áratuginum hér á landi en aðeins tvö þeirra hvarfa voru rannsökuð sem sakamál: Einmitt hvörf þeirra Guðmundar og Geirfinns. Aðeins Geirfinnsmálið var rannsakað strax í upphafi sem sakamál. Guðmundarmálið var ekki rannsakað sem sakamál fyrr en eftir tæp tvö ár, upp úr þurru, því eins og stendur í skýrslu Erlu Bolladóttur sem er dagsett 20. desember árið 1975: „[R]annsóknarlögreglunni hefur borist til eyrna“ að Sævar M. Ciesielski hafi verið viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar! Það er andstætt öllum reglum að grundvalla sakamálarannsókn á orðrómi án gruns sem er rökstuddur. Hvað þá á orðrómi sem enginn kvittar einu sinni upp á. Í skýrslutöku vegna beiðni um endurupptöku málanna í Dómhúsinu við Lækjartorg, þann 28. janúar árið 2016, voru meintir rannsakendur í Síðumúla þráspurðir um hvaðan heimild þeirra væri kominn; hvaðan þeim „[barst] til eyrna“ að Sævar væri viðriðinn Guðmundarmálið. Því gátu þeir ekki svarað svo ómögulegt er að rekja orðin lengra en til þeirra sjálfra. Guðmundarmálið verður rakið síðar.

Strax eftir hvarf Geirfinns þann 19. nóvember árið 1974, var farið af stað með mikla leiksýningu og má þar nefna Leirfínn sem ber þess vitni. Rannsakendur fundu það greinilega á sér að eitthvað rosalegt, dularfullt og glæpsamlegt væri á ferðinni. Á meðan fannst vini Geirfinns sem sá hann síðast, Þórði Ingimundarsyni, ekkert skuggalegt hafa þurft að koma til. Þórður lýsti því síðar að rannsóknaraðilarnir sem tóku af honum skýrslu, hafi sett sinn snúning á skýrsluna. Þeir hafi ekki tekið mark á því að Þórður upplifði samskipti sín við Geirfínn á mjög eðlilegan og sakleysislegan hátt þetta kvöld. Þannig þegar Geirfínnur sagðist ætla hitta einhverja í Hafnarbúðinni, þá hafi það verið sagt eins og afsökun fyrir því að Geirfínnur kæmist ekki með Þórði í bíó. Þórður upplifði það sem fyrirlátt – eins og Geirfínnur nennti kannski ekki í bíó þetta kvöld – frekar en að í Hafnarbúðinni biðu Geirfinns í alvöru einhverjir óþekktir menn. Rannsóknaraðilar hafi hins vegar ekki tekið mark á því í skýrslugerðinni við Þórð og í staðinn gert mikinn mat úr dulúð vegna hinna óþekktu manna sem gætu auk þess hafa reynt Geirfínni hættulegir. Það var ákvörðun rannsóknaraðila að klæða málið í þann búning, þó þeir hafi látið eins og það kæmi þannig frá Þórði. Þórður bjóst frekar við að Geirfínnur myndi láta sjá sig frekar en eitthvað hefði komið fyrir. Þessi afstöðumunur Þórðar annars vegar og svo meintra rannsakenda hins vegar kemur skýrlega í ljós á bakhlið Vísis þann 23. nóvember 1974, fjórum dögum eftir hvarfið. Þar má lesa málflutning Þórðar annars vegar og rannsakenda hins vegar. Valtýr Sigurðsson bendir á Hauk, að Haukur hafi komið til sín strax daginn eftir hvarfið, þann

20. nóvember og lýst sérkennilegum kringumstæðum hvarfsins. Í framhaldinu hafi verið tekin ákvörðun um að taka málið „föstum tökum.“ Hvað var það sem meintir rannsakendur vissu sem Þórður vissi ekki, strax daginn eftir hvarfið – hvorki meira né minna?

Á forsíðu Vísis frá fyrrnefndum degi er mynd af Geirfínni. Sú ljósmynd var frá árinu 1968 og var því sex ára gömul. Samtímamynd af Geirfínni, frá árinu 1973, lá fyrir en ákveðið var að nota frekar eldri myndina. Haukur Guðmundsson

hefur útskýrt það á þann hátt að hár Geirfinns þegar hann hvarf hafi verið líkara því sem það var á sex ára gömlu myndinni en

samtímamyndinni. Þá hafi það verið sameiginleg ákvörðun hans og Valtýs Sigurðssonar að birta eldri ljósmyndina í fjölmiðlum. Þetta sagði Haukur hafa verið byggt á upplýsingum frá ekkju Geirfinns. Fyrir liggur í gögnum málsins að ekkju Geirfinns hafi fundist nýrri myndin líkari Geirfinni eins og hann leit út þegar hann hvarf. Eftir að hún sá að eldri myndin hafði aftur á móti verið birt í fjölmiðlum gerði hún ráð fyrir að Haukur hafi talið eldri myndina betri og þess vegna hafi hún ekki gert sérstaka athugasemd við myndavalið.

Ef um eiginlega rannsókn hefði verið um að ræða, hefði eflaust þótt eftirtektarvert að kunningi einn sagði frá samtali sínu við Geirfinn varðandi ósk um eimingu á spíra og dagsetti símtalið daginn fyrir hvarfið, þann 18. nóvember. Þetta er líka áhugavert miðað við meintan áhuga þeirra Hauks Guðmundssonar og Kristjáns Péturssonar á spírasmygli. Ekkjan dagsetur það símtal hins vegar viku til hálfum mánuði á undan hvarfinu – misræmið er að sjálfsgöðu aldrei kannað neitt frekar. Sömu sögu er að segja varðandi friðil ekkjunar. Fjarvistarsönnun friðilsins var aldrei athuguð hvað þá staðfest. Svo virðist sem friðillinn hafi einfaldlega verið tekinn á orðinu, að hafa verið heima hjá mömmu og pabba þann 19. nóvember. Ekkjan og friðillinn nefna bæði að hafa heimsótt sameiginlega vinkonu, kvöldið og nóttina fyrir hvarfið. Sameiginlega vinkonan er hins vegar ekki yfirheyrð fyrr en tæpu einu og hálfu ári eftir hvarfið af Eggerti N. Bjarnasyni, rannsóknarlögreglumanni í Síðumúla.

Það verður útskýrt síðar að ekkert af þessu fólki sem hér var nefnt til sögunnar getur átt sök í máli. Það sem er athyglisvert hins vegar er að meintir rannsakendur sem vildu taka málið „föstum tókum“ – höfðu ekki áhuga á að rannsaka augljósustu þræðina. Næstum eins og þeir hafi í raun haft þá vitneskju að ekkert væri þar að finna. Eins og þeir væru vísvitandi að skilja eftir vafasama þræði sem mætti gera tortryggilega eftir atvikum. Í stað þess að rannsaka grundvallaratriði eins og t.a.m. hvernig Geirfinnur hafi komist úr vinnu daginn sem hann hvarf (en engin tímalína daginn sem hann hvarf liggur fyrir) þá er leiksýningin þess í stað flutt út á land. Farið er á æskuslóðir Geirfinns og fjöldinn allur af vitnum yfirheyrð. Fólk sem hafði ekki séð hann í tuttugu ár spurt spjörunum úr, t.a.m. hvaða skapgerðareinkennum þau muni eftir hjá ungum Geirfinni.

Fyrst „rannsókn“ hvarfs Geirfinns Einarssonar í Keflavík var ekki rannsókn á hvarfi Geirfinns, hvað var þá í gangi? Því ekki vantaði metnaðinn! Metnaðurinn virðist hafa falist í að tengja skemmtistaðinn Klúbbinn á einhvern hátt við málið. Í gögnum frumrannsóknarinnar, í skýrslu eftir skýrslu, eru vitni spurð um Klúbbinn. Eins og t.d. um einhverja ótiltekna „atburði“ í honum: „Mætti er nú spurður um atburði [...] í Klúbbnum“ þar sem mætti er Þórður Ingimundarson, vinur Geirfinns sem sá hann síðast: „Engir sérstakir atburðir urðu þarna mér vitanlega“ er haft eftir Þórði í skýrslunni. Hvers vegna er verið að spyrja um „atburði“ í Klúbbnum? Enginn hafði að fyrra bragði minnst á þennan skemmtistað. Þrátt fyrir að Geirfinnur hafi sótt vinsælasta skemmtistað landsins, Klúbbinn, einhverju fyrir hvarfið þá gefur það eitt og sér ekkert tilefni til að ætla eigendum þess staðar eitthvað saknæmt. Ekki lá eigandi Hafnarbúðarinnar undir grun. Ásetningur spyrjanda um að bendla Klúbbinn við málið liggur hins vegar skrásettur.

Sem dæmi um þetta bað Haukur Guðmundsson, þann 10. febrúar árið 1975, lögregluna á Rangárvöllum um að fara til Stóra-Hofs á jörð Sigurbjörns Eiríkssonar, eiganda Klúbbsins. Haukur vildi að athugað yrði hvort þar væri Mercedes Benz sendiferðabifreið að finna á jörðinni sem ætti samkvæmt „orðrómi“ mögulega að vera þar að finna. Daginn eftir hafi fyrrum bóndi jarðarinnar verið spurður af lögregluþjóni um sendiferðabifreiðina. Fyrrum bóndinn svarar því þannig að engin sendiferðabifreið hafi þangað komið allan veturinn. Hann viti þó til þess að vörubifreið kæmi endrum og sinnum vegna hrossabúskapar Sigurbjörns og væri vörubifreiðin í eigu Sigurbjörns. Hvaða tilgangi átti það að þjóna fyrir svokallaða rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar að skoða jörð eiganda Klúbbsins, Sigurbjörns Eiríkssonar, yfirheyra gamlan bónda sem var „gómaður“ á jörðinni og grennslast fyrir um Mercedes Benz sendiferðabifreið í leiðinni? Ekkert hafði komið fram í meintri rannsókn sem gat gefið ástæðu til þess, fyrir utan meintan „orðróm“ sem Haukur vísar til.

Haukur Guðmundsson hafði þá þegar spurt Magnús Leópoldsson, framkvæmdastjóra Klúbbsins, tveimur mánuðum eftir hvarf Geirfinns um bifreiðar. Haukur og Kiddi P. ásamt Rúnari Guðmundssyni fengu húsnæði til umráða hjá Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra í janúarmánuði árið 1975 til að aðstoða við spíraþátt „rannsóknarinnar“ á hvarfi Geirfinns. Magnús Leópoldsson greinir frá því í bókinni Saklaus í klóm réttvísinnar (1996), að Haukur spyr út í bílaeign Magnúsar og konu hans, svona almennt aftur í tímann. Haukur tekur hins vegar enga skýrslu.

Lára V. Júlíusdóttir, settur ríkissaksóknari árið 2001, staðhæfir í rannsókn sinni (um tildrög þess að Klúbbmenn sættu gæsluvarðhaldi í byrjun árs 1976) að ljóst sé að Klúbburinn hafi snemma verið tengdur hvarfi Geirfinns í umfjöllun fjölmiðla um málið. John Hill, rannsóknarlögreglumaður í Keflavík, nefnir það í rannsókn Láru að það hafi verið „mikið áhugamál“ Hauks Guðmundssonar – meira að segja áður en rannsóknin á hvarfi Geirfinns hófst – að ræða ætlað smygl á spíra sem tengdist Klúbbnum. Hill greindi jafnframt frá því að nafn Sigurbjörns Eiríkssonar, eiganda Klúbbsins, hafi iðulega verið nefnt í sömu andrá og nafn Magnúsar Leópoldssonar, framkvæmdastjóra Klúbbsins, þegar slíkt var gert. Þá muni Hill eftir því að Haukur Guðmundsson hafi verið með mynd af Magnúsi Leópoldssyni á borðinu sínu. Magnús Gíslason, teiknari fyrir meinta rannsakendur í Keflavík, hefur haldið því fram að honum hafi verið sýnd mynd af Magnúsi Leópoldssyni til að teikna eftir.

Rannsókn Láru V. Júlíusdóttur, setts ríkissaksóknara, reifar fjöldann allan af atriðum því til stuðnings, að Klúbbmenn hafi að ósekju verið tengdir hvarfi Geirfinns af meintum rannsakendum hvarfsins. Þrátt fyrir þá staðreynd fullyrðir Lára í niðurstöðu kafla rannsóknar sinnar að ekkert hafi bent til að gæsluvarðhaldsvist þeirra síðar meir, mætti rekja með beinum hætti til meintra rannsóknaraðila. Hvað sem því líður er rannsókn Láru góð heimild sem slík um metnað meintra rannsakenda á hvarfi Geirfinns Einarssonar; metnaðurinn fólst í því að tengja Klúbbinn með einum eða öðrum hætti inn í meinta rannsókn.

Hvers vegna var verið að bendla Klúbbinn svo grimmt við hvarf Geirfinns? Hvaðan kemur þessi gríðarlegi áhugi á Klúbbmönnum? Það er ærin ástæða að rekja hið svokallaða Klúbbmál, hvernig það byrjaði, um hvað það snérist og hverjir stóðu á bak við það. Það vill nefnilega svo skemmtilega til að upphaf þess má rekja til sjálfs Kidda P. – tveimur árum fyrir meinta rannsókn á hvarfi Geirfinns!

Haustið 1972 boðar Kristján Pétursson til fundar í tollgæsluhúsinu við Tryggvagötu.

Stjórnskipuleg tign fundargesta var ekki af verri endanum og tilefnið var ljósmynd sem Kiddi P. vildi ólmur sýna fundargestum.

Vituð þér enn – eða hvað?

Guðmundar- og Geir nsmálin

Hafþór Sævarsson Ciesielski

Viðauki [4]

The logo for Vísir, featuring the word "VÍSIR" in a stylized, white, sans-serif font with a small arrow pointing upwards from the 'I', set against a dark blue background.

SKOÐUN



III. Klúbburinn og Kiddi

Hafþór Sævarsson skrifar

22. ágúst 2018 11:33



Heildarmynd púsluð úr mósaíksteinum

Á suðurhlið tollgæsluhússins við Tryggvagötu er stórkostlegt mósaíkverk að finna eftir Gerði Helgadóttur. Staðsetningin er hins vegar þannig að það fær á engan hátt að njóta sín. Það er í raun vanvirðing við verkið. Mósaíkmyndin er svo stór að gott sjónarhorn er vandfundið í götunni. Það er í sjálfu sér listgrein að koma auga á slíkt færi. Vestur-þýskt fjölskyldufyrirtæki Oidtmans bræðra sá um uppsetninguna á sínum tíma í samráði við Gerði.

Mósaíksteinarnir sem prýða myndina voru fengnir frá Ítalíu og vógu samtals yfir þrjú tonn. Allt þetta efni varð svo að vera tilbúið í mismunandi stórum völlum og með mismunandi formi, áður en byrjað var á myndinni. Þessum heilu þremur tonnum var svo raðað niður á sinn stað í agnarsmáum völlum. Þar á meðal fengu nokkrir gullmolar að njóta sín í sólargeislunum. Annar vestur-þýsku bræðrana átti svo eftir að koma með myndina samsetta í hlutum og með fagmenn til að púsla saman heildarmynd Gerðar sem lauk ári síðar, í október árið 1973. Tollgæslumerkið má finna í hægra horninu, sjáanlegir eru bátar, sjórinn, sólín, viðarbryggjan gamla - svipmynd af því landslagi sem mátti finna á bak við Tollgæsluhúsið á þeim tíma. Hvað var á bak við Tollgæsluhúsið? Fæstir leiða hugann að verkinu þegar fólk fer þar hjá. Mósaíkverkið sýnir sólina setjast í hafið og báta í höfn.

Hátíðlegur fundur við lítið tilefni

Á sama tíma og verkið var undirbúið utan landsteinanna, fór fram fundur í tollgæsluhúsinu. Haustið 1972 boðaði Kristján Pétursson til fundar. Fundinn sátu Halldór V. Sigurðsson, ríkisendurskoðandi, Ólafur Jónsson tollgæslustjóri, Ólafur Nilsson skattrannsóknarstjóri, Þórir Oddson, aðalfulltrúi hjá sakadómi Reykjavíkur, Hallvarður Einvarðsson aðalfulltrúi við embætti saksóknara ríkisins og ónefndur fulltrúi lögreglustjóra. Ásamt þeim var Kidda til halds og trausts Ásmundur Guðmundsson, óbreyttur rannsóknarlögreglumaður úr Kópavogi. Miðað við stjórnskipulega tign fundargesta mætti ætla að eitthvað mikið hafi verið um að vera, var kannski rússnesk mafia búin að taka yfir Eimskipafélagið? Eða ólöglegt samráð bílaumboðana í stórfelldum tollalagabrotum? Ef til vill lá rökstuddur grunur fyrir aðild ráðherra í dreifingu harðra vímuefna og skrifstofustjórinn falsað bókhalðið? Nei, það reyndist ekki tilefnið.

Fundurinn fjallaði um hvort rannsaka ætti skemmtistað niðri í bæ, veitingahúsið við Lækjarteig 2 í Reykjavík: Klúbbinn – eins og hann var síðar kallaður. Allur er varinn góður en var virkilega nauðsynlegt að ræsa út riddaraliðið? Á hvaða grundvelli?

Morgunblaðið rekur fund þennan og tilefni hans síðar, þann 14. nóvember árið 1976, í fróðlegri úttekkt. Kiddi P. byrjaði einn síns liðs, fylgdist með flutningum áfengis frá áfengisútsölnunni við Lindargötu og til skemmtistaðarinn Klúbbsins. Kiddi P. fór því næst að njósna um þessa flutninga (í heimildarleysi og án eiginlegs umboðs enda var hann ekki lögreglumaður) og tók eftir því að bíll frá veitingahúsinu fær afgreidda kassa út um bílskúrsdyr í austurálmú áfengisverslunarinnar sem er flutt með sama bílnum til veitingahússins. Kiddi taldi þetta vísbendingu um að brögð væru í tafli þar sem það hafi verið meint venja að afgreiða áfengi til veitingahúsa í hinni álmú hússins. Auk þess áttu allar flöskur seldar til veitingahúsa með vínveitingaleyfi að vera sérmerktar með auðkenningunni „VH“ til aðgreiningar frá

áfengi seldu til einstaklinga. Kidda grunaði hins vegar að svo væri ekki hvað varðar áfengisflöskurnar í kössnum í bílnum á leið til Klúbbsins.

Á þessum tímapunkti, í lok sumars 1972, fékk Kiddi P. til liðs við sig hjálparsvein nokkurn og rannsóknarlögreglumann, fyrrnefndan Ása í Kópavogsbæ, til að „sannreyna“ hvað það var eiginlega sem Kiddi hafði greinilega orðið áskynja um. Þeir gátu þó staðfest það, að flutningar þessir áttu sér jafnan stað á laugardagsmorgnum. Þeir félagar fylgdust með flutningunum þessum frá 26. ágúst til 7. október árið 1972. Í sameiningu hafi þeir talið saman fjölda kassa sem fóru út úr útsölunni og í bíl á vegum veitingastaðarins. Mesti fjöldinn á einum morgni – sem þeir ku hafa staðfest hjá hvor öðrum með talningu – voru 17 kassar. Á þessum tímapunkti töldu þeir réttast að festa á filmu þessa flutninga, þeir tóku nokkrar ljósmyndir sem áttu auk þess að sýna fram á eitthvað misjafnlega misjafnt. Þeir létu þar þó ekki staðar numið heldur tóku þeir sig saman og könnuðu í sameiningu nokkrar tómar flöskur í grennd við þessa flutninga sem reyndust, þegar allt kom til alls, ekki bera VH-merkið – hvorki meira né minna.

Kiddi P. og Ási skrifuðu svo saman skýrslu um þessa „rannsókn“ og skiptu henni auk þess í tvo hluta – annars vegar staðfestar upplýsingar og hins vegar „óstaðfestar“ upplýsingar, en ekki hvað?

Á fundinum með herraönnunum í tollgæsluhúsinu, spyrtu þeir Kiddi og Ási svo saman staðfestum upplýsingum um smyglmál til landsins skömmu fyrir „rannsókn“ sína. Þeir félagar bentu sem sagt á kærur sem lágu fyrir sakadómi í óskyldum málum og vísaðu svo í „óstaðfestar“ upplýsingar sem tengdu það saman við Klúbbinn í skýrslu sinni. Auk þess veifaði Kiddi P.

ljósmynd af bíl með kössum þar sem gátu mögulega verið flöskur án rétttra merkinga. Og fleiri myndir af vettvangi sem sýndu þegar allt kom til alls ekki fram á eitt né neitt – það skiptir hins vegar ekki höfuðmáli.

Ólögmat lokun Klúbbsins

Á grundvelli alls þessa, óskuðu þeir Kiddi P. og Ásmundur eftir því að fram færi fyrirvaralaus vörutalning hjá ÁTVR við Lindargötu þar sem flöskumerkingarnar yrðu athugaðar, ásamt tappainnsiglium og á sama tíma yrði framkvæmd athugun í áfengisgeymslum Klúbbsins. Þessi samstillta aðgerð átti að koma í veg fyrir að rannsóknarhagsmunir glötuðust og átti einnig að nema á brott bókhaldsgögn staðarins. Kiddi P. og Ási fullvissuðu menn sömuleiðis um að þeir hefðu „áreiðanlegar upplýsingar“ að Sigurbirni Eiríkssyni eiganda Klúbbsins væri fullkunnugt um þessi meintu lögbrot.

Þá kom í ljós að skattaframtöl síðustu tveggja ára vantaði fyrir staðinn. Á grundvelli þess taldi Ólafur Nílsson, þáverandi skattrannsóknarstjóri, sig hafa nægilega vel ígrundaða ástæðu til að skemmta skrattanum og ritaði bréf stílað á sakadóm Reykjavíkur (með Kidda P. og Ása) þar sem farið var fram á húsrannsókn. Og hvað átti húsrannsókn að leiða í ljós, nákvæmlega? Sjaldnast er dráttur á skilum skattframtala talinn ástæða til húsleitar, en gott og vel. Sakadómur í umsjá Halldórs Þorbjörnssonar lét að sjálfsögðu ekki á sér standa. Húsleit þessi fór fram tveimur dögum síðar eða þann 14. október árið 1972, nokkrar flöskur án merkinganna „VH“ voru sagðar hafa fundist og bókhaldið var numið á brott.

Frumrannsókn sakadóms annaðist Þórir Oddson, sem sat einmitt fundinn frækna. Þórir gerði Sigurjóni Sigurðssyni lögreglustjóra grein fyrir þeim kærur sem lágu á borði Sakadóms gegn Klúbbum. Annar fundargestur, Hallvarður Einvarðsson, skýrði Sigurjóni sömuleiðis frá málinu.

Í framhaldinu tók Sigurjón lögreglustjóri þá ákvörðun að svipta staðinn vínveitingaleyfinu

„fyrst um sinn og þar til annað verður ákveðið.“ Hverju átti það að skila fyrir rannsóknarhagsmuni, nákvæmlega? Lögreglustjórinn studdi ákvörðun sína með ákvæði 2.

málsgr. 14. gr. áfengislaga sem kvað á um að lögreglustjóra væri heimilt að banna vínveitingar þegar „sérstaklega stendur á.“ Lögin fjalla hins vegar ekkert um rannsóknarúrræði fyrir einu né neinu. Áfengislög nefna þessa heimild í samhengi við lýðheilsusjónarmið og önnur lögskýringarsjónarmið vísa augljóslega á allt annað en rannsóknarúrræði sem er af og frá.

Hallvarður Einvarðsson skrifaði greinargerð þar sem hann rökstyður sérstaklega þessa lögleysu lögreglustjórans, segir hana „[sjálfsagða]“ og „á ýmsan hátt í þágu rannsóknar málsins.“ Þá bendir Hallvarður á að „starfræksla þessa veitingahúss, eins og málum var komið, hafi verið allsendis óviðeigandi frá sjónarmiði almennrar réttarvörslu.“ Það sem vantar í rökstuðningi Hallvarðs er að sjálfsögðu að þetta hafi verið hin rétta lagalega túlkun en þessi „skýring“ brýtur í berhög við almennt viðurkennda lagalega aðferð. Í stað þess að Hallvarður bendi á að þetta

hafi verið rétt beiting lagaákvæðisins þá segir hann beinlínis að þetta hafi verið „nærtækast og skjótlegast” að beita þessari lagaheimild.

Í kjölfar sviptingar vínveitingarleyfisins, kvarta Klúbbmenn til dómsmálaráðuneytisins enda heyrir lögreglustjórinn undir dómsmálaráðuneytið. Þar situr sem ráðherra enginn annar en Ólafur Jóhannesson. Vitandi af gildrunni er Ólafur tregur að opna staðinn með úrskurði í skjóli valds ráðuneytis síns og kemur þess í stað lagalegum rökstuðningi til Sigurjóns lögreglustjóra á framfæri án þess að kveða upp úrskurð sjálfur. Í sjálfu sér mætti efast um að slíkt sé hægt án þess að Ólafur hefði, de facto, kveðið upp úrskurð - en gott og vel. Í rökstuðningi Ólafs kemur fram að lögreglustjórinn hafi ekki getað reitt sig á þá lagagrein sem lögreglustjórinn bar fyrir sig varðandi sviptingu vínveitingaleyfis. Í framhaldinu afturkallar Sigurjón lögreglustjóri ákvörðun sína um sviptingu vínveitingaleyfisins. Í adraganda áráðarinnar á Ólaf Jóhannesson þremur árum síðar, haustið 1975, á Vilmundur Gylfason eftir að benda á lagarök Hallvarðs Einvarðssonar sem röksemd fyrir því að Ólafur Jóhannesson hafi með ólögætum hætti hindrað rannsókn á starfssemi Klúbbsins. Sighvatur Björgvinsson, þáverandi þingmaður Alýðuflokksins, á svo eftir að bergmála þá vitleysu í sal Alþingis á ógleymanlegan hátt.

Vilmundur og Sighvatur, skýla sér á bak við orð og meiningar vafasamra manna. Á meðal þeirra eru þeir Hallvarður Einvarðsson og Kiddi P. og því nauðsynlegt að varpa nokkru ljósi á sögu og hlutverk þeirra.

Leikarar í vondri trú

Þeir Hallvarður Einvarðsson, þáverandi aðalfulltrúi embætti saksóknara ríkisins og Þórir Oddsson, þáverandi aðalfulltrúi sakadóms Reykjavíkur, heiðursgestir fundar Kidda P. áttu heldur betur eftir að koma við sögu á síðari stigum. Þeir fara báðir með hlutverk í

Geirfinnsmálinu – sem er ekkert annað en einn angi Klúbbmálsins – sem hófst með fundinum í tollgæsluhúsinu.

Í kjölfar þess að Sævar M. Ciesielski fékk loksins skriffæri og blað í sínar hendur eftir margra mánaða gæsluvarðhaldsvist í ólögætum vistarverum Síðumúlafangelsis, fór Sævar að skrifa kæru á meðferðinni sem hann hlaut. Í framhaldi af skrifum gæsluvarðhaldsfangans Sævars, fór fram rannsókn sem hefur verið nefnd „harðræðisrannsóknin” í Guðmundar- og

Geirfinnsmálunum. Það var svo enginn annar en Þórir nokkur Oddsson sem var að sjálfsgöðu settur yfir þá meintu rannsókn á illri meðferð árið 1979. Í viðtali Helgarpóstsins þann 9.

nóvember árið 1979 er Þórir Oddsson spurður hispurslaust vegna harðræðisrannsóknarinnar – um það sem blasti við: „Getur það talist eðlilegt, að þú sem nánasti aðstoðarmaður rannsóknarlögreglustjóra [embætti sem Hallvarður nokkur Einvarðsson gengdi] og yfirmaður ýmissa þeirra rannsóknarlögreglumanna sem stóðu að rannsókn Geirfinnsmálsins, standir nú að rannsókn þar sem skera á úr um það hvort harðræði hafi verið beitt gagnvart sakborningum er unnið var að því máli?” Þórir taldi svo vera: „Ég tel að það sé ekki neitt athugavert við það.” Varðandi andrúmsloftið í sama viðtali – eftir að Þórir „yfirheyrir samstarfsmann [sinn] varðandi alvarlega ákæru og hittir hann síðan í kaffistofunni stuttu síðar [þar sem spjallað er] um daginn og veginn” segir Þórir það alls ekki vera neitt þrúgandi eða furðulegt, hann beinlínis viðurkennir að: „Ég hef ekki orðið var við það, að andrúmsloftið hér hafi breyst [!] á meðan á rannsókninni stóð.” Sú staðhæfing segir allt sem segja þarf um hversu alvörugefin sú „rannsókn” var.

Varðandi hlutverk Hallvarðs Einvarðssonar má benda á bréf bandaríska sendiráðsins hér á landi til utanríkisráðuneytis Bandaríkjanna, dagsett þann 15. júlí árið 1976, eftir að starfsmaður sendiráðsins heimsótti Sævar M. Ciesielski í Síðumúlafanglesi – en Sævar hafði ekki tekið ákvörðun um hvort hann hygðist taka upp bandarískan ríkisborgararétt. Í bréfinu virðist Hallvarður hafa leikið hlutverk rannsóknardómara þegar hann hótar Sævari að hans bíði aftaka í Bandaríkjunum:

„ASSERTING THAT ORN HOSKULDSSON AND HALLVARDUR EINVARDSSON, TWO JUDGES ASSOCIATED WITH THE CASE, HAD THREATENED HIM. CIESIELSKI REPORTED THE SUBSTANCE OF THE ALLEGED THREATS AS BEING THAT HE WOULD LOSE HIS ICELANDIC CITIZENSHIP AND BE DEPORTED IF HE CHOSE US CITIZENSHIP. ADDITIONALLY, HE STATED THAT THE JUDGES TOLD HIM HE WOULD BE EXECUTED IN THE US FOR HIS ALLEGED CRIMES IN ICELAND.”

Hvað varðar hina svokölluðu „meintu” illu meðferð á Sævari og öðrum frelsissviptum ungmönnum í Síðumúla má benda á skýrslu starfshóps Innanríkisráðuneytisins (2013), skipuðum af Ögmundi Jónassoni til staðfestingar á að þetta voru

ekkert annað en langvarandi og ofsafengnar pyntingar. Þá má benda á gagnrýni Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu á kjölfar heimsóknar til landsins árið 1993 – nefndin taldi vistarveruna eina og sér í Síðumúlafangelsinu falla undir alþjóðlega skilgreiningu á hugtakinu pynting, sbr. 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Sævar fer fram á endurupptöku árið 1994 og þá þarf að setja annan ríkissaksóknara til að gegna störfum í málinu þar sem þáverandi ríkissaksóknari var enginn annar en Hallvarður Einvarðsson. Endurupptökubeiðni Sævars M. Ciesielski átti eftir að vekja mikla athygli. Hæstiréttur skipaði Ragnar Aðalsteinsson, hrl. sem talsmann Sævars. Fyrrum ritstjóri Vísis í tíð valdaránstillraunar herstöðvar stuðningsmanna gegn Ólafi Jóhannessyni, Þorsteinn Pálsson, þáverandi dómsmálaráðherra, lokaði fangelsinu í Síðumúla árið 1996 og í framhaldinu var það selt til niðurrifs. Síðumúlafangelsið var svo jafnað við jörðu í byrjun febrúar árið 1997, um það leyti sem Ragnar og Sævar skila greinargerð til Hæstaréttar, þann 21. þess mánaðar.

Hverra manna var Kristján Pétursson?

Sveitrastrákurinn úr kotinu í Skagafirði gengdi mörgum trúnaðarstörfum fyrir Alþýðuflokkinn á Suðurnesjum en þar með er þó ekki öll sagan sögð. Um það leiti sem fundurinn frækni um Klúbbinn átti sér stað ók Kiddi um á eldrauðum Mustang Mach 1. Hvort hann geymdi ennþá 22.

kalíbera skammbyssuna sem hann hafði til umráða skal ósagt látið. Aðspurður í viðtali fyrrnefnds blaðs Helgarpóstisins þann 9. nóvember árið 1979, um hvernig Kidda líkaði líking hans við James Bond, gat Kiddi ekki neitað því að hafa fundist hún „heillandi.“ Hvellhetturarnar úr 8 gata tryllitækini hægðu á sér og í gegnum reykinn mátti sjá númeraplötuna „J100“ á bílnum.

Einkabílar bandarísku hermanna á vellinum fengu bókstafina JO. Einkabílar íslenskra starfsmanna herstöðvarinnar bandarísku, með lögheimilið út á velli, höfðu hins vegar númeraplötu sem byrjaði á J. Lögsagnarumdæmi Kidda var bandarískt öryggissvæði undir herlögum og þar hafði það verið til margra ára. Það var nefnilega svo að eftir Essó-hneykslið, eða Olíufélagsmálið svokallaða, í kringum árið 1960, átti Kiddi ekki afturkvæmt til löggæslustarfa. Eins og Kiddi rekur í bók sinni Margir vildu hann feigan (1990): „Líklegt má telja að afskipti mín af Olíufélaginu hf. hafi ráðið mestu um þá ákvörðun ráðuneytisins og lögreglustjóra að bola mér úr starfi enda höfðu afleiðingar málarekstursins margþætt áhrif sem ekki verða rakin hér.“

Kristján Pétursson byrjaði feril sinn sem lögreglumaður í Keflavík um tvítugt, árið 1950. Bandarískir herlögglumenn fóru einir með vopn á öryggissvæðinu og hafði Kristján vakið máls á hvort ekki bæri að vopnvæða íslensku lögregluna á vellinum. Í fyrrnefndri bók stærir hann sig í sífellu af nánnum tengslum við bandaríska hermenn og rannsóknarlögglumenn. Bók Kidda verður þó að taka með gríðarlegum fyrirvara. Fyrir utan þá staðreynd að sjálfsvæðingur eru ævinlega skilgreindar sem varnarrit höfunda í sagnfræðilegum skilningi nær bók þessi algjörlega nýjum hæðum í ótrúverðugleika. Þar er að finna samansafn af óraunverulegum senum sem eru þekktar fyrst og fremst úr bandarískum kvikmyndum sem eru vandræðalega klisjukenndar. Þá gerir það lesandanum gífurlega erfitt fyrir hvað bók þessi er stútfull af kvenfyrirlitningu, kynþáttaniði og fordómum í garð samkynhneigðra sem eru gerð skil með hinum lágkúrulegasta hætti víðsvegar í köflum sem allir eiga þó að sýna fram á tiltekna mannkosti höfundar. Má þar helst nefna sanngirni, fórnfýsi og óttaleysi hetjunar sem lætur ekkert stoppa sig við að gera hið „rétt“ (sem oft á tíðum virðist raunar vera vafasamt ef ekki beinlínist ólöglegt og siðferðislega rangt). Kiddi þarf sífellt að biðja fallettu konurnar – sem hoppa í kjöltu hans eða leggja höfuð sitt á bringu hans og vilja draga hann með sér í svefnherbergið – að bíða. Söguhetjan þarf að fá sér einn sofa af áfengi og svo halda áfram að bjarga heiminum – á meðan liggur vondi kallinn meðvitundarlaus eftir enn ein átökin á stofugólfi hinnar fögru konu sem er með stjórnurnar í augunum.

Í þessari bók vekur það engu að síður athygli – eftir að Kiddi P. lýsir aðkomu sinni að Essóhneykslinu svokallaða – að hann lýsir í raun stöðu sinni með skilgreiningunni á persona non grata: „[Þ]ess í stað var því lýst óformlega að þeir teldu sig ekki lengur geta borið ábyrgð á störfum mínum og ég væri í raun embættinu óviðkomandi[!]“. Þá ber starfsvettvangur og lögsagnarumdæmi hans Kidda – bandarískt öryggissvæði – eftir aðkomu hans að málinu með sér að hér megi vera sannleikskorn að finna.

Árið 1956, tveimur árum áður en Kiddi P. skilar skýrslu til sakadóms um Essó-hneykslið, var ókyrrð í lofti þar sem Framsóknarflokkurinn sleit stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn á grundvelli herstöðvarmála og myndaði þess í stað vinstri stjórn sem hafði brottför hersins í ríkisstjórnarsáttmála sínum. Frá sjónarhorni Bandaríkjamanna, var Framsókn á

atkvæðaveiðum með því að þykjast vera hernaðarandstæðingar. Þá má einnig benda á að áform voru uppi að hefja þorskastríðið við Breta þar sem Bandaríkjamönnum átti beinlínis eftir að vera hótað að myndu þurfa að verja landið á grundvelli varnarsamningsins. Menn höfðu lítinn húmor fyrir þessu vestanhafs. Árið 1957 sækir Kiddi P. fjögurra vikna námskeið í herstöðinni Fort Gordon í Georgíufylki í Bandaríkjunum. Það er allra athygli vert að Kiddi P. nefnir þetta atriði hvergi í bók sinni. Svo virðist vera að það sé úr takti við stíl bókarinnar sem hefur það að markmiði að sýna Kidda P. stóran og sterkan í augum lesandans við hvert tækifæri sem gefst.

Ári síðar skilar Kiddi P. fyrrnefndri skýrslu til sakadóms sem markar upphaf Essó-hneykslisins sem endar með fangelsisdómi yfir framkvæmdastjóra og átti eftir að orsaka mikið fylgistap Framsóknar. Um hvað snérist þetta Essó-hneyksli eða Olúfélagsmál?

Olúamálið fjallaði m.a. um brot gegn lögum um gjaldeyrismál, tollheimtu og bókhald hjá Olúfélaginu hf. og dótturfélagi þess hinu Íslenska steinolíuhlutafélagi (Essó). Félögin starfræktu innflutning og sölu á olíuvörum. Dómsrannsókn hófst 16. desember 1958 og átti heldur betur eftir að vinda upp á sig. Umboð Gunnars Helgasonar, rannsóknardómara var sífellt víkkað og annar rannsóknardómari skipaður að auki, Guðmundur Ingvi Sigurðsson sem þá var fulltrúi sakadómarans í Reykjavík og átti raunar seinna eftir að vera skipaður verjandi Erlu Bolladóttur í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Var rannsóknardómurinum falið að rannsaka starfsemi félaganna, Olífufélagsins hf. og Essó. Þá var löggiltur endurskoðandi rannsóknardómurum til halds og trausts.

Eins og greint er frá í ákæru og dómurinn fjallar um þá var varnarliðið meðal viðskiptavina Essó en sala á olíu til þeirra var réttilega undanþegin tollum (enda ekki skilgreint innan eiginlegrar lögsögu Íslands). Tiltekinn angi svindlsins útskýrir heildarmyndina ágætlega: Olíu sem ætluð var varnarliðinu (undanþeginn tollum) og öðrum viðskiptavinum innanlands (tollskyld) var blandað saman í sömu tankana í tilteknu hverfi. Svo var dælt þaðan af þeim tönkum áfram bæði til varnarliðsins og til annarra – hversu mikið fór hvert og hversu mikið var reiknað til tollyfirvalda? Það kom í ljós að rangar upplýsingar höfðu verið gefnar upp til yfirvalda og í bókhaldi. Útkoman var sú að Essó græddi ólöglega á kostnað ríkisins. Framkvæmdastjóri fékk fangelsisdóm staðfestan með Hrd. 1963 bls. 674 og stjórn félagsins bar að greiða fjársekt. Málið var hið vandræðalegasta fyrir Framsóknarflokkinn strax við upphaf rannsóknar á svindlinu. Hart var vegið að flokknum fyrir málið sem sást á fylgistapi í kosningunum árið 1959. Gárungar sögðu að farið hefði fé betra; mjólkurkú Framsóknarklíkunnar hefði fallið á græðginni. Þá var þess getið í fjölmiðlum að eina málsvörn Tímans, mál gagns Framsóknarflokksins, hafi verið að benda á þá staðreynd að Sjálfstæðisflokknum hefði mátt vera fullkunnugt um svindlið. Á meðan málið gerjaðist í fjölmiðlum var gengið til kosninga, fyrst í júní árið 1959 og svo október sama ár þar sem fjölgað var um átta þingmenn, úr 52 í 60 (eftir að þingið hafði samþykkt kjördæmabreytingu, kosið út frá landshlutum en ekki sýslum). Þrátt fyrir fjölgun þingmanna tapaði Framsókn tveimur mönnum, náði 17 mönnum á þing. Í kjölfarið mynduðu Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn langlíft ríkisstjórnarsamstarf sem gætti heldur betur bandarískra hagsmuna á Íslandi og ekkert verið að grínast með að vilja „herinn burt.“

Eins og greint er frá í dómi sakadóms sem fyrrnefndur Hæstaréttadómur vísar í, þá var dómsrannsókn þessi – sem olli heldur betur straumhvörfum í íslenskum stjórnámálum og staðfesti öryggi herstöðvarinnar um langt skeið – reist á grundvelli skýrslu sem Kiddi P. og Guðjón Valdimarsson lögðu fram þann 26. nóvember árið 1958. Skýrslan þeirra útskýrir að samkvæmt „áreiðanlegum upplýsingum“ hafi olía úr tönkum í Nichol-hverfinu svokallaða verið látin renna niður olíuleiðslu neðanjarðar á tank Olíusamlagsins í Keflavík. Hver gat haft þessar upplýsingar undir höndum?

Þá segir ennfrekar í skýrslunni að „okkur skilst“ að dælt hafi verið inn á tanka þar sem blandað er saman innfluttum birgðum er fara áttu til varnarliðsins við aðrar birgðir sem fara áttu til notkunar á innanlandsmarkaði. Þetta hafi svo foringi varnarliðsins í olíumálum (P.O.L.) majór C. McLaughlin „staðfest“ í aðalstöðum O.S.I. (Office of Special Investigation USAF), rannsóknarlögreglu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Í skýrslunni er fyrrnefndur foringi olíumála varnarliðsins margnefndur sem eiginlegur heimildarmaður auk þess sem það kemur fyrir að atriði séu fengin skv. „öruggum heimildum.“ Eins og varðandi fyrrnefnda atriðið sem skýrslan segir að sé fengin skv. „áreiðanlegum upplýsingum“ geta þær upplýsingar aðeins komið frá starfsmönnum fyrirtækisins sem vissu af svindlinu eða bandaríska hernum.

Í vafasömu sjálfsævisögu sinni, hafnar Kiddi P. að hafa orðið bandarískum yfirmanni rannsóknarlögreglunnar, John, að liði með að finna „rottunar“ í kerfinu. Kiddi sagðist ekki getað hjálpað: „Ég hafnaði öllu samstarfi í þá veru enda viðbúið að maður kynni að þvælast inn í hvers konar leyniþjónustustörf sem samræmdust illa mínum framtíðaráformum.“

Í öllum praktískum skilningi hins vegar er ekki hægt að horfa fram hjá því að Kiddi P. var í því hlutverki, í Olúfélagsmálinu, að bera upplýsingar á milli, frá bandaríska hernum og til sakadóms, sem orsakar rannsókn sem olli miklu fylgistapi Framsóknar (stuttu eftir að Framsókn setur herstöðvarmál í uppnám og skömmu eftir að Kiddi P. sótti fjögurra vikna námskeið í bandarískri herstöð). Í framhaldinu verður til frjór jarðvegur fyrir langlífa stjórn Albýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, Viðreisnarstjórnina, sem gætti hagsmuna herveldisins bandaríska hér á landi.

Eftir skýrslu sína í Essó-hneykslinu og á meðan málið var til rannsóknar, útskýrir Kiddi P. í fyrrnefndri bók sinni að hann hafi ekki lengur gegnt lögreglustörfum þrátt fyrir að halda laununum sínum: „Þetta ástand stóð í hartnær eitt ár en þá bauð utanríkisráðherra mér að gerast ráðningastjóri Varnarmáladeildar á Keflavíkurflugvelli. Starfið fólst í því að ráða starfsmenn til varnarliðsins...“

Eftir sjö ár í þeirri stöðu, frá 1960-1967, tekur Kiddi við starfi deildarstjóra tollgæslunnar og útlendingaeftirlitsins. Einnig staðsett á herstöðinni út á velli. Það er í fullu samræmi við þá lýsingu Kidda á stöðu sinni, að hann hafi haft einskonar persona non grata stöðu hér á landi eftir málið. Þess vegna hafi Kiddi einungis starfað á öryggissvæði og eiginlegri lögsögu Bandaríkjanna eftir þetta.

Og varðandi bílinn hans Kidda P. – hinn eldrauða Mustang Mach 1 – þá keyrði Kiddi hann ekki lengi. Sagan segir að nafni hans nokkur, eftir að hafa unnið á sænsku skemmtiferðaskipi í Karabíska hafinu í nokkur ár, hafi komið til landsins og keypt gripinn. Hafandi verið erlendis áttaði nafninn sig ekki á orðspori Kidda. Nafninn gerir þá þau reginmistök að leggja bílnum á almannafæri og það við Klúbbinn sjálfan. Þá hafi aldeilis ekki verið mikið eftir af bílnum þegar nafninn kom síðar að vitja hans – allar rúður mölbrotnar. Hvort það sé sönn saga skal ósagt látið og ekki hægt að selja dýrar en heildarverðmæti bílsins, eftir að nafn Kristjáns Péturssonar festist við hann.

Af hverju Klúbburinn?

Þegar allt er með felldu, þá er ákæra gefin út sem er grundvölluð á rannsókn. Í tilfelli Klúbbmálsins var hins vegar rannsókn á Klúbbnum grundvölluð á ákæru – hvað var í gangi? Eftir að tólf ára viðreisnarstjórninni lauk, frá 1959-1971, tók við vinstri stjórn sem ógnaði herstöðvar hagsmunum enn á ný. Í ríkisstjórnarsáttmála vinstri stjórnar undir forystu Ólafs

Jóhannessonar var gerð atлага að aðalvígi íslensk-bandarískra varnar- og viðskiptahagsmuna: Varnarliðið skyldi fara burt í áföngum. Stjórnarliðar lögðu raunar mismunandi skilning í merkingu þeirrar klausu. Ólafur átti svo eftir að nota legu landsins fyrir herstöðina sem þrýsting á Bandaríkin, til að beita Breta þrýstingi til að gefa eftir í landhelgismálum að öðru sinni. Ekki um margt ólíkt því sem uppi var á teningunum í fyrra þorskastríðinu.

Ári eftir myndun vinstri stjórnarinnar, árið 1972, lætur Kiddi P. til skarar skriða enn og aftur og nú er það Klúbbmálið. Ólíkt olúmálinu - sem grundvallaðist á sannanlegri ólögsmætri háttsemi - þá var Klúbbmálið uppspuni frá rótum. Það stigmagnaðist og vatt heldur betur upp á sig, hvarf Geirfinns Einarssonar var flækt í málið og Ólafur Jóhannesson var sakaður um að hafa hindrað rannsókn mannhvarfsmálsins sömuleiðis. Fjórum árum eftir fund Kidda í tollgæsluhúsinu bjuggust allir við afsögn Ólafs Jóhannessonar - eftir að Klúbbmenn voru þá komnir í gæsluvarðhald vegna meintra tengsla við Geirfinnsmálið. Vilmundur Gyflason og Sighvatur Björgvinsson, Albýðuflokksmenn, réðust til atlögu með vitund og vilja Sjálfstæðisflokksins, en allt kom fyrir ekki, eins og síðar verður rakið.

Klúbburinn varð ekki fyrir valinu vegna sannanlegrar refsiverðar háttsemi. Klúbburinn var valinn vegna tengingar við Framsóknarflokkinn – sem lá fyrir frá upphafi en var ekki afhjúpuð fyrr en í miðri árás á Ólaf Jóhannesson í febrúar árið 1976. Hver var tengingin við Framsókn? Húsfélag Framsóknarflokksins leigði Sigurbirni Eiríkssyni, eiganda Klúbbsins, húsnæði fyrir skemmtistaðinn Glaumbæ, þar sem Listasafn Íslands stendur í dag. Glaumbær brann hins vegar svo húsfélagið festi kaup á nýju húsnæði á þremur hæðum auk kjallara á horni Kringlumýrabrautar og Borgartúns. Staðsetningin er ekki fjarri lagi þar sem hótél Cabin stendur og heitir í dag. Gatan sem þar lá nefndist Lækjarteigur – hefur líklega dregið nafn sitt af Fúlutjarnarlæk sem áður fyrr rann til sjávar á þessu svæði. Skemmtistaðurinn sem átti eftir að fá nafngiftina Klúbburinn síðar hafði heimilsfang sitt við Lækjarteig 2. Sigurbjörn Eiríksson eigandi Klúbbsins þurfti að gera upp nýjan stað, kaupa birgðir og annað og samdi við húsfélag Framsóknar um að húsfélagið myndi gefa

sér tveggja og hálfra milljón króna lán sem rekstur skemmtistaðarins skyldi greiða upp á þremur árum. Þar með myndi Sigurbjörn fella niður kröfu sína á húsfélagið í kjölfar brunans. Húsfélag Framsóknar samþykkti og þar með lá til grundvallar tengingin sem var notuð til að klekkja á ósamvinnuþýðum mönnum í vestrænum varnarmálum – hvorki meira né minna.

Vituð þér enn – eða hvað?

Guðmundar- og Geirnnsmálin

Hafþór Sævarsson Ciesielski

SKOÐUN



IV. Innmúrað hirðfí – því miður

Hafþór Sævarsson skrifar 20. júlí 2018 09:30

Jón Steinar Gunnlaugsson er gífurlega óheppilegur til að gæta hagsmuna fórnarlamba í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum. Ástæða þess er sú að Jón Steinar stendur fyrst og síðast með þöggun þessara mála og afvegaleiðingu. Það er mat okkar sem þekkjum söguna að hann sé gjörsamlega vanhæfur.

Málaliðinn hefur þann vana að skella öllum skuldum á Hæstarétt. Á góðum stundum í leiksýningum miklum, t.a.m. í Kastljóspætti gegn Skúla Magnússyni, finnst Jóni þessum flott að dylgja um innvígða og innmúraða hjá Hæstarétti. Sannleikurinn er hins vegar sá að Jón Steinar sjálfur er ekkert annað en innvígður sendill þeirra afla sem orsökðu framgang Guðmundar- og Geirfinnsmála. Því hlýtur að teljast sorglegt að Jón Steinar hafi verið skipaður verjandi eins sakbornings í endurupptöku þessara mála fyrir Hæstarétti.

Ólafur og Vísismafian

Á árum áður tóku dyggir herstöðvar stuðningsmenn í kjarna Viðreisnarflokkana, Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, höndum saman. Þeir réðust til atlögu gegn Ólafi Jóhannessyni, formanni Framsóknarflokksins, sem hafði sýnt og sannað að hann væri eina mögulega ógn herstöðvarinnar bandarísku og þar með ógn við margskonar viðskiptasambönd sömuleiðis. Ólafur sætti linnulausum pólitískum skotgrafnarhernaði í gegnum tíð vinstristrjórnarinnar og áfram í ríkisstjórn með

Sjálfstæðisflokknum. Ólafur átti eftir að hafa orð á því á Alþingi sem var raunar sjónvarpað þann 2. febrúar árið 1976, að hafa geymt en ekki gleymt hnífstungum Sjálfstæðisflokksins. Þann dag var Ólafur tengdur við Geirfinnsmálið á Alþingi af Sighvati

Björgvinssyni, þingmanni Alþýðuflokksins. Slíkt var allt í takt við þær dylgjur sem höfðu komið fram í Vísi sem stigmagnaðist eftir að svokallaðir „Klúbbmenn“ voru geymdir í gæsluvarðhaldi, á hárréttum tímamarki í byrjun árs 1976.

Mesti fræðimaður síns tíma í lögum, eftir langan og farsælan feril sem kennari, gerðist stjórnmalamaður. Stjórnmalamaninum Ólafi Jóhannessyni var svo eignuð ævintýranleg hlutdeild í glæpamálum miklum. Hvort sem það átti að vera eiming spíra úr sjó, ólögleg opnun skemmtistaðar eða að hafa hindrað rannsókn á hvarfi Geirfinns Einarssonar, átti Ólafur að blandast þessu öllu með hinum óhugnalegasta hætti. Ekkert af því stenst skoðun. Ólafur nefndi Vísismafiuna á nafn í „beinni línu“ þann 1. febrúar árið 1976. Þorsteinn Pálsson og aðrir stuðningsmenn bandarískra hagsmuna í stjórn Reykjavrents hf., útgáfufélags Vísis, kærðu dómsmálaráðherra þessa lands. Og fyrir hvað var dómsmálaráðherrann kærður? Fyrir að nota hugtakið „Vísismafia.“ Með því að dirfast að verja sig gegn algjörru vitfirru sem kom úr innsta kjarna Viðreisnarklíkunnar.

Ritstjórar Vísismafiunar, Þorsteinn Pálsson fyrir Sjálfstæðisflokkinn og Árni Gunnarsson fyrir Alþýðuflokkinn, áttu ávallt eftir að halda í heiðri hagsmuni vestræns hernaðarbandalags. Þeir hófu störf fljótlega eftir að ný stjórn Reykjavrents hf. tók við eftir „sögulegan“ aðalfund í júlímánuði árið 1975. Gunnar Thoroddsen var í minnihluta í stjórninni enda reyndist Gunnar vera sá eini úr Sjálfstæðisflokknum sem þorði að verja Ólaf rúmu hálfu ári síðar þegar árásin náði hápunkti sínum í þrýstingi fyrir afsögn Ólafs og botninum í lágkúru. Það fer ekkert á milli mála að mennirnir í meirihluta í nýskipaðri stjórn Reykjavrents hf. það sumar höfðu fitnað - og það jafnvel meira en góðu hófi gegnir - af viðskipasamböndum við Bandaríkin.

Stjórnarformaður var Ingimundur Sigfússon í Heklu og með honum m.a. Þórir Jónsson framkvæmdastjóri fyrir Ford-umboðið. Sonur Ingimundar Sigfússonar, Valur Ingimundarson prófessor í sagnfræði, skrifaði gagnlega bók um samskipti Íslands, Bandaríkjanna og NATÓ frá árunum 1960-1974 sem nefnist „Uppgjör við umheiminn.“

Þjóðviljinn greinir frá sviptingunum í stjórn Reykjavrents hf. sumarið 1975 þannig, að það hafi verið klíka Geirs Hallgrímssonar forsætisráðherra sem hafi tekið yfir stjórn útgáfufélagsins og Gunnar Thoroddsen hafi verið ofurliði borinn. Gárungar töluðu um Björn Bjarnason sem „AðalGeir“ sem vísar til þess að Björn átti að hafa mikil áhrif í ákvarðanatöku Geirs Hallgrímssonar.

Björn Bjarnason hefur neitað að hafa gegnt starfi sem pólitískur aðstoðarmaður Geirs. Þá hefur Björn vísað til þess að slíkt starf hafi aldrei verið til, Geir hafi aldrei haft pólitískan aðstoðarmann. Þegar Morgunblaðið spurði tíðinda úr opinberri heimsókn Geirs

Hallgrímssonar til Vestur-Íslendinga í Kanada sem birt var 24. janúar 1975 var Björn spurður um ferðina. Björn var formlega deildarstjóri forsætisráðuneytis á þessum tíma. Þar talar Björn um þá Geir sem liðsheild, sbr. „þegar við komum...“ Hefði Björn einungis verið í hlutverki starfsmanns ráðuneytisins hefði verið heppilegra að orða það svo: „þegar ráðherrann kom.“ Morgunblaðið greinir frá hlutverkinu þannig: „en Björn er ráðherra þar til aðstoðar.“ Í september 1975, fljótlega eftir fyrrnefndu sviptingarnar í stjórn Reykjavrents hf. það sumar, er Björn gerður að skrifstofustjóra forsætisráðuneytisins. Í dag sitja þeir Björn Bjarnason og Árni Gunnarsson saman í stjórn Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu. Þorsteinn Pálsson hefur nefnt Evrópusambandið sem eðlilega

þróun á NATO-aðild Íslendinga. Til að gera grein fyrir eðli vinnubragða þessa félagsskapar, því landsliði stuðningsmanna vestræns

hernaðarbandalags sem hér um ræðir, kallaði Ólafur þessa samkundu „Vísis-mafíu.“ Réttnefni er það og réttnefni skal það heita.

Það var svo enginn annar en sjálfur Jón Steinar Gunnlaugsson sem birti Ólafi kæru þessarar Vísismafíu í lok febrúar árið 1976. Það er einmitt svo að Jón Steinar var lögmaður þessarar hagsmunagæslu varnar- og viðskipasambanda við Bandaríkin, sem beinlínis misnotaði Guðmundar- og Geirfinnsmálin í þeim tilgangi að koma höggi á Ólaf Jóhannesson, hvorki meira né minna. Hefur Jón Steinar einhvern tíma séð ástæðu til að gera þennan tíma upp? Eða er hann kannski bara búinn að gleyma því að hafa birt með undirskrift sinni, dómsmálaráðherra þessa lands kæru? Sjálfsagt ber hann ekki minni þess heldur að dómsmálaráðherra þessi var einnig kennari þegar hann nam lög, eða hvað? Ólafur kenndi í það minnsta Þorsteini Pálssyni og eflaust hefur Jón Steinar verið þakklátur hefði hann fengið að sitja einhverja tíma hjá Ólafi. Þar hefði hann ýmislegt getað lært, ef ekki sómasamlega síði þá í hið minnsta stílbragð sem hægt er að bera lágmarks virðingu fyrir.

Í staðinn seldu þeir Jón Steinar og félagar hollustu sína og var Ólafur Jóhannesson sjöundi sakborningurinn – eða öllu heldur sá fyrsti - sem fékk dóm í tengslum við Guðmundar- og Geirfinnsmálin. Orð Ólafs um Vísismafíu voru dæmd ómerk og hann svívirtur. Jón Steinar var þar í hlutverki sendiboða og böðuls. Af einhverjum ástæðum virðist Jón Steinar hafa takmarkaðan áhuga á að halda sögu þessari á lofti, í raun þvert á móti.

Sáttur við hvítþvott

Um aldamótin síðustu gætti Jón Steinar hagsmuna Magnúsar Leópoldssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra skemmtistaðarins Klúbbssins. Það var vegna rannsóknar setts

ríkissaksóknara Láru V. Júlíusdóttur um hvort menn tengdir skemmtistaðnum voru að ósekju tengdir við þessi umtöluðu sakamál. Hér er einfaldlega gert ráð fyrir því að Jón Steinar hafi alveg örugglega gert Magnúsi grein fyrir þessari forsögu sinni í góðri trú. Gott og vel, gerum ráð fyrir því. Fjöldamörg atriði í rannsókn Láru sýndu það svart á hvítu að Klúbburinn og Magnús Leópoldsson, voru einmitt tengdir að ósekju inn í málið. Þrátt fyrir að rannsóknin sjálf tæni saman fjöldamörg dæmi af þessum toga er einfaldlega fullt í niðurstöðu kafla rannsóknarinnar, að ekkert benti til að Klúbbmennirnir væru blandaðir í rannsóknina af svokölluðum rannsóknaraðilum. Hvað fannst Jóni Steinari um þennan hvítþvott andsætt hagsmunum skjólstæðings síns, Magnúsar Leópoldssonar? Jón var sá allra rólegasti yfir niðurstöðunni, af fjölmiðum þess tíma að dæma. Niðurstöðu sem var í bullandi mótsögn við rannsóknina sjálfa. Það er ekki annað að sjá en að Jón hafi samþykkt gjörninginn

athugasemdalaust. Eflaust hefur hann verið svo hógvær og tillitssöm manngerð á þessum árum að hann þorði bara ekki að segja neitt til að annast almennilega hagsmunagæslu fyrir skjólstæðing sinn.

Afvegaleiðing sögunnar

Í greinargerð sinni nú, fyrir skjólstæðing sinn Kristján Viðar til Hæstaréttar í endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmála, nefnir Jón að málið fékk á sínum tíma mikla umfjöllun í fjölmiðlum.

Og að „furðuleg pólitísk upphlaup urðu“ sem áttu eftir að halda þjóðinni upptekinni við málið í langan tíma. Stöldrúm aðeins við þetta orðalag. Í fyrsta lagi nefnir Jón að þessi upphlaup „urðu“ eins og úr tómarúmi einhvers konar sem enginn var valdur að. Þá hafi þau verið „furðuleg.“ Með þessu orðalagi er vísitandi verið að afvegaleiða athyglina frá þeim aðilum sem ollu þessum skipulögðu, andstætt þessum „furðulegu“ upphlaupum. Orðalagið lætur að því liggja að úr tómarúmi voru einhver upphlaup gerð sem engin skýring fái á, hvað þá að þau hafi verið skipulögð með einhvern tiltekinn tilgang í huga. Það stórhægilega við þessi ummæli er að þau eru skrifuð af manni sem var í fremstu víglínu þeirra „upphlaupa“ sem getið er til! Samkvæmt þessu orðalagi finnst greinilega Jóni Steinari vinnubrögð sín „furðuleg“ sem engin rökleg skýring fái á. Þá greinilega áttar hann sig ekki á tilgangi þeirra hagsmuna sem hann sjálfur þjónaði og raunar voru þeir hagsmunir ekki einu sinni til. Jón Steinar orðar þetta svona gegn betri vitund í þeim tilgangi að afvegaleiða lesandann. Finnst fólki trúverðugt að Jón sé að gæta hagsmuna skjólstæðings síns með þessari afvegaleiðingu í greinargerð hans?

Eftir þessa vísitandi villandi forsendu sem Jón Steinar notar til afvegaleiðingar, stenst Jón ekki freistinguna og heldur áfram. Jón rekur aðdraganda þrýstingsins sem leiddi til að þýskur „lögreglumaður“ kom hingað til lands. Það er svolítil smættun á réttarfarslegri tign Karl Schütz að geta hans sem lögreglumanns í Þýskalandi. Hann var einn háttsettasti yfirmaður vesturbýsku alríkislögreglunar, nýkominn á eftirlaun. Alls starfaði alríkislögreglan (þ.

Bundeskriminalamt) í Vestur-Þýskalandi í sjö deildum á þessum árum. Karl Schütz hafði aðsetur í Bonn, höfuðborg Vestur-Þýskalands og var yfirmaður þriggja deilda hennar. Hann hafði yfirumsjón með m.a. þjóðaröryggismálum og rannsóknardeild sakamála. Meðal þeirra eitt þúsund starfsmanna í þessum deildum voru um 600 rannsóknarlögreglumenn sem Karl Schütz hafði yfirumsjón með. Hvað var það nákvæmlega við Guðmundar- og Geirfinnsmál sem þessi háttsetti þjóðverji sá sem verðugt verkefni, fyrir mann af sínum kalíber til að sinna, nýkominn á bátinn sinn á eftirlaun? Ástæðan fyrir komu Schütz hingað til lands, var ekki rótgróin og einlæg þrá hans að leita sannleikans. Nei, það mun hafa verið hæfni hans og reynsla í beinum aðgerðum í þágu „þjóðaröryggismála.“ Spennan við slíkt „þjóðaröryggismál“ hefur verið það sem freistaði hans. Saga þessi verður rakin síðar.

Í næstu setningum í greinargerð sinni til Hæstaréttar tínir Jón Steinar saman atriði sem hafa þann eina tilgang að skella skuldinni á Ólaf Jóhannesson. Að það hafi verið

dómsmálaráðherrann sem var ástæðan fyrir komu þýska „lögreglumannsins“ og átti sökina á öllum þessum þrýstingi sem rannsakendur og dómara urðu fyrir. Hið rétta er að Karl Schütz hefði aldrei getað starfað hér á landi eins og hann gerði nema með fullu samþykki sakadóms.

Sakadómur fór með rannsókn málsins, lagalega og efnislega með rannsakendur og dómara undir sínu embætti og sinni stjórn; ráðherrann gæti ekki hafa skipt sér af því þó hann hefði viljað. Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari og Ólafur Jóhannesson ráðherra sömdu um Karl Schütz eftir að valdaránstílaunin mistókst að hluta til - Ólafur sagði ekki af sér en í staðinn hótaði hann aldrei frammar, hvorki Bandaríkjaforseta sjálfum (eins og Ólafur gerði raunar við Nixon sumarið 1973 á Kjarvalsstöðum) né öðrum svo vitað sé til, að koma herstöðinni burt.

Ólafur náði að verjast og þrýsta á samkomulag sem Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari samþykkti. Frá fundi þeirra félaga í mars árið 1976, er greint frá í Dagblaðinu þann 13. júlí sama ár. Hvernig Ólafur fór eiginlega að því að þrýsta þetta samkomulag í gegn verður útskýrt síðar. En orsökkin voru

hagsmunir „vestrænnar samvinnu“ í varnarmálum og viðskiptum - á pólitíska sviðinu var birtingarmyndin „Vísismafían.“ Þá var ástæðan þrátefli sem Ólafur – sem öll spjót beindust gegn - náði með naumindum í nauðvörn að skapa sér. Jón Steinar þorir ekki að nefna Ólaf á nafn í greinargerð sinni og telst það helst Jóni til tekna þar sem slíkt gefur þó allavega vísbendingu um að Jón hafi það ekki í sér að hvítþvo sig með nafni Ólafs Jóhannessonar öðruvísi en með að geta hans einungis sem „dómsmálaráðherra.“

Þöggun betluð

Það sem kórónar svo hagsmunagæslu Jóns fyrir þöggun og afvegaleiðingu málsins eru lokaorðin í greinargerð hans fyrir Kristján Viðar til Hæstaréttar. Þar biður hann Hæstarétt sjálfan um að halda sérstakan fund með verjendum til að leggja á ráðin fyrir munnlegan málflutning endurupptökunar nú í haust. Og hverju er Jón Steinar svona gríðarlega umhugað um, í það minnsta að nafninu til, fyrir hagsmuni skjólstæðings síns, að hann þurfi að leggja á ráðin með sjálfum erkifjanda sínum, Hæstarétti? Nú, hann tekur fram að meðal annars þurfi að gæta að því að ekki séu óþarfa „tvítekningar í málflutningi“ í vörnum sakborninga um

„sambærileg efnisatriði.“ Það er ekkert annað. Jón leggur til að sérstakur fundur Hæstaréttar og verjanda mætti skipuleggja slíka þöggun! Það fer hins vegar ekkert á milli mála að

skjólstæðingur hans græðir sem mest á öllum tvítekningum á „sambærilegum efnisatriðum,” að málið sé ekki þaggað niður heldur það gaumgæfilega rakið frá öllum hliðum. Jafnvel þó það allt saman væri svo þrítekið, myndi skjólstæðingur hans aðeins hagnast á því. Finnst fólki trúverðugt að Jón sé að gæta hagsmuna skjólstæðings síns með því að reyna að forðast „tvítekningar“ í málflutningi um „sambærileg efnisatriði?“ Hvaðan kemur þetta? Hvernig í ósköpunum á það að þjóna hagsmunum skjólstæðings hans? Satt best að segja virðist þetta eiga fullt erindi á borð stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Getur það hugsast að Jón Steinar sé einfaldlega að freistast til þess, í nafni þess að gæta hagsmuna fyrir fórnarlamb í Guðmundar- og Geirfinnsmálum, að gæta hagsmuna þeirrar samkundu sem hann sjálfur tengist? Já, það liggur enginn vafi á því, því miður. Jón Steinar er ekki einungis í hlutverki sendiboða, hann tekur meðvitaðan þátt í afvegaleiðingunni. Þetta gerir hann berskjaldaður fyrir afhjúpun frá hverjum sem er og hvenær sem er. Hver mætir sjálfviljugur í Hæstarétt Íslands, í endurupptöku Guðmundar- og Geirfinnsmála hvorki meira né minna, með bundið fyrir augun, með snöruna um hálsinn og með bros á vör? Sagan af hamingjusama hirðfíflinu verður ekki lengri að þessu sinni.

Höfundur er sundlaugarvörður.

Guðmundar- og Geirfinnsmáli

Athugið. Allar athugasemdir eru á ábyrgð þeirra er þær rita. Vísir hvetur lesendur til að halda sig við málefnalega umræðu. Einnig áskilur Vísir sér rétt til að fjarlægja ærumeiðandi eða ósæmilegar athugasemdir og ummæli þeirra sem tjá sig ekki undir eigin nafni.

Viðauki [7]

Nr. 6293/1976

Nr. 1 Lagt fram í sakadómi

Reykjavíkur 30/3 1976

1

[Handwritten signature]

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík

Skýrsla

Fimmtu-daginn 22. jan. 1976

Á milli af:
S. Bjarnasyni

Kl. 14:15 er mættur í fangelsinu við Síðumíla hjá rannsóknarlögreglunni í Rvk. Sevar Marínó Cielaski kvikmyndagerðarmaður til heimilis að Þverbrekku 4 í Kópavogi, (lögheimili að Grýftubakka 10 Rvk., núverandi gæslufangi), fæddur 6. 7. 1955 að Stóra-Höfl í Gnúpverjahrepp, Árnessýslu.

Á milli:

Gætt er l. málgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og metta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er grunur rannsóknarlögreglunnar um vitneskju hans varðandi hvarf Geirfinns Einarssonar, sem síðast spurðist til í Keflavík þann 19. nóv. 1974.

Á milli:

Áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Mér er kunnugt um hvarf Geirfinns og ég fylgdist með rannsókn þess máls, eins og hún kom fram í fjölmiðlum, fyrst hér heima á Íslandi og svo eftir að ég kom til Danmerkur í desember 1974.

Á milli í varðhald:

Nokkrum dögum áður en Geirfinnur hvarf, þá var ég að kvöldi, milli kl. 22:00 og 23:00 að mig minnir, einn á gangi niður Laugaveg hér í borginni. Þá var stöðvuð það rétt hjá mér fólksbifreið og maður í henni kallaði í mig með nafni. Þetta var Mercedes-Benz bifreið, að mig minnir bláleit að lit. Sá sem kallaði, reyndist vera Einar Bollason bróðir sambýlskonu minnar Erlu Bolladóttur. Hann sat í afturseti bifreiðarinnar og settist ég inn við hlið honum. Undir stýri bifreiðarinnar sat Magnús Leópóðsson og við hlið hans maður, sem þeir Einar og Magnús nefndu

svo Geirfinn. Síðar, þegar ég sá myndir í fjölmiðlum af Geirfinni Einarssyni, þá þekkti ég hann sem þann sama Geirfinn og á þarna var í bifreiðinni. Magnús þekkti ég ekki fyrir, en komst að því síðar, að hann væri starfamaður samkomuhússins Klúbbsins við Borgartún hér í borginni. Þegar ég var kominn í bifreiðina, þá fóru þeir Einar og Magnús að tala um það við mig, hvort ég geti ekki tekið að mér dreifingu á ~~xx~~ áfengi, sem um það bil væri verið að smygla hingað til landsins. Ástæðan til þess, að þeir Einar og Magnús fóru þessa á leit við mig, var þó sú, að þeim var kunnugt um, að ég hefði staðið í, eða stæði í ólöglegum innflutningi og dreifingu á fíkniefnum. Allt varðandi það athæfi mitt er löngu komið fram við yfirheyrslur hjá sakaðómi í ávana- og fíkniefnamálum.

Há var ekið hér um borgina og ratt um þennan ólöglega innflutning á áfengi og dreifingu þess og tók ég vel í að taka þátt í slíku. Meðal annars sátum við um stund í bifreiðinni utan við Klúbbinn, en ökuferðinni lauk við Hótel Borg og þar fór ég úr bifreiðinni, en þeir hinir þrír óku á brott. Í samræðum okkar kom fram, að þeir félagar ættu von á áfengissendingu, tölurverðu magni, og nefndu 75 % Vodka og Spíritus. Ekki man ég til þess, að þeir nefndu hvar ætti að koma áfenginu í land, en það myndi koma í brúsum. Þeir félagar kváðust myndu hafa síðar nánara samband við mig um þetta og var hugmyndin, að ég í millitíðinni kannaði möguleikana á að dreifja áfenginu. Áfalllega voru það þeir Magnús og Einar, sem ræddu þessu máli við mig í bifreiðinni, en Geirfinnur lagði lítið til málanna. Ekki minnst ég þess, að neitt hafi borið á góma hvar Geirfinnur ætti heima. Ratt var um, að ég ætti að sækja í ~~xxxxxxx~~ áfengi á því verði, sem svaraði kr. 2.000,00 pr. flösku og réði því svo sjálfur á hvað ég seldi það aftur.

Nokkrum dögum síðar hringdi Einar í mig heim til móður minnar að Grftubakka 10 og var Erla einnig stödd þar, enda höldum við á þeim tíma tölulvert til heima hjá móður minni. Ég held að klukkan hafi verið 2100 til 2200. Einar talaði um að koma og ræða við mig og samþykkti ég það. Skömmu síðar kom Einar svo og var þá á akandi á rauðri Fiat-fólksbifreið, ég held bifreið Bolla Gunnarssonar fæður þeirra Erlu og Einars. Með Einari í bifreiðinni var Magnús og svo Valdimar Olsen, sem mun eiga heima að Framnessvegi 61 hér í borginni. Eftir því, sem ég best veit, þá hefur hann starfað á sumrum sem hóteltjóri í Hótel Vánhúll á Þingvöllum. Eins og fram er komið, þá var Einar ökuáðurinn, en ég settist í framstíð við hlið hans, en þeir Magnús og Valdimar sátu í aftursætinu. Þeir

spurðu mig hvort ég hefði kannað eitthvað markaðinn fyrir áfengið, en ég sagði þeim sem var, að það hefði ég enn ekki gert. Þeir sögðu mér þá, að þeir væru að leggja af stað til Keflavíkur til þess að sækja áfengissendingu þá, sem þeir höfðu átt von á og spurðu hvort ég vildi ekki fara með þeim. Því játti ég og var nú ekið áleiðis til Keflavíkur og farin leiðin um VatnSENDABÆS og hjá VÍFÍLSSTÖÐUM á Reykjanesbraut. Ekki var numið neinsstaðar staðar, fyrr en til Keflavíkur kom. Á leiðinni var rætt um áfengissölu og talað um, að ég gæti fengið Spítusinn á hagstæðu verði, ef ég tæki hann í stórum umbóðum. Minnig spurðu þeir félagar mig um fíkniefnadreifingu og neyðu. Þá töluðu þeir um, að hugmyndin væri að hitta fleiri aðila, er til Keflavíkur koma og nefndu, svo ég man, nafn Jóns Ragnarssonar forstjóra Hafnarbíós sem eins þeirra. Þegar við komum til Keflavíkur, en áður en bifreiðin var stöðvuð, þá töluðu þeir félagar um að hitta Geirfinn og skildist mér, að hann ætti að taka þátt í því að málgastr áfengis, sem þyrfti að sækja út á sjó. Eitthvað lítilsháttar var ekið um Keflavík, en bifreiðin síðan stöðvuð á stað nálægt höfninni. Ég er mjög ókunnugur í Keflavík, en ég geri ráð fyrir, að ég myndi þekkja aftur stað þann, þar sem bifreiðin var stöðvuð. Nú fóru þeir Valdimar og Magnús úr bifreiðinni, en við mínar urðum eftir í henni. Talað var um, að taka þá Valdimar og Magnús aftur í bifreiðina eftir ákveðinn tíma og munu þeir hafa áður verið búnir að ákveða staðinn við Einar. Ég sá nú á eftir þeim Magnúsi og Valdimar, þar sem þeir gengu niður einhverja hliðargötu, sem virtist liggja niður að höfninni, en við Einar & Ókum á brott.

Ekki sá ég þarna í Keflavík neina menn, sem ég gat sett í samband við ferðilag okkar, en mér skildist á öllu, að þá í það minnsta ein önnur bifreið hefði farið hóðan til Keflavíkur og í henni, eða þeim, einhverjar, þeirra á meðal Jón. Við mínar Ókum inn í Njarðvíkur og eitthvað þarna um og í Keflavík, og einnig var ekið áleiðis til Sandgerðis, en nánar til tekið í nánunda við radarstöðina, sem þar er. Sennilega höfum við verið í þessum akstri í 1-2 klukkustundir. Við stöðvuðum um stund á veginum til Sandgerðis og ræddum saman og var umræðuefnið ferðir mínar til útlanda, handtöku mínar þar og hertlendis og annað í þeim dúr. Að lokum Ókum við svo inn í Keflavík og þar hittum við Magnús, en Valdimar var ekki með honum. Ekki treysti ég mér til að segja til um á hvaða stað það var í þessum.

Magnús settist upp í bifreiðina og hafði á orði við Einar, að þetta hefði "reddast" og átti þar við það að nálgast áfengið, en slys hefði komið fyrir. Magnús sagði, að Geirfinnur hefði fallið út- byrðis úr bátinum og drukkað. Ekki talaði Magnús neitt nánar um hvernig það slys hefði borið að ~~hann~~ höndum, eða hvort þeir hefðu náð Geirfinni aftur inn í bátinn. Aftur á móti sagði þú Magnús við mig, að mér væri hollara að nefna slysið ekki við nokkurn mann, það væri mér fyrir bestu.

Nú var ekið hingað áleiðis til borgarinnar, en ekki varð ég frekar en fyrr, var við neina aðra aðila í sambandi við að sækja áfengið, þótt svo ég væri viss um, að fleiri hefðu farið þetta víslið til Keflavíkur sömu erinda og við. Ekki man ég til þess, að ég ræddi neitt, í það minnsta ekkert sérstakt, við þá Einar og Magnús á leiðinni hingað til borgarinnar. Þeir voru eitthvað að ræða sín á milli og heyrði ég ekki hvað það var, nema þeir tóluðu um að fara í Klúbbinn, er hingað komi. Ekki var neitt frekar minnst ástýx & slysið svo ég heyrði. Þegar hingað til borgarinnar kom, þá var mér ekið rakleiðis heim til móður minnar, þar sem ég fór úr bifreiðinni, en þeir óku á brott. Áður tóluðu þeir Einar og Magnús við mig um að hafa bráðlega samband við mig til þess að ræða nánar um áfengisdreyfinguna.

Ég held klukkan hafi verið um 03:00, þegar ég kom heim.

Daginn eftir fór ég heim til Sigurðar Hákonarsonar að Bergþórugötu 27 og bauð honum að selja honum áfengi. Hann tók mjög vel í það og ætlaði ég að hafa samband við hann síðar. Nokkrum dögum síðar hringdi Einar svo í mig og spurði hvernig mér gengi í sambandi við að koma út áfenginu. Ég sagðist ekki vera búinn að athuga það endanlega, en þá var búið að lýsa eftir Geirfinni í fjölmiðlum og mér leist ekki á að eiga viðskipti við þá féлага. Ég kvaðst myndi hafa samband við Einar síðar, en gerði það aldrei.

Skömmu eftir þessa ferð mína til Keflavíkur, þá fór Erla til Kaupmannahafnar og ég svo nokkru síðar.

Ekki lét ég neinn vita um vitneskju mína varðandi hvarf Geirfins, þfátt fyrir ítrekuð tilmáli lögreglunnar í fjölmiðlum og réði þar ótti minn við hefndarráðstafanir gegn mér af hálfu þeirra féлага. Yfirheyrslu lauk kl. 19:05.

Upplesið, staðfest:

Vottar:
Sigurðar H. Hákonarson
Einar H. Björnsson

Ólafur Þ. Þorvaldsson
Ólafur Þ. Þorvaldsson

Jaroslav H. Pieriecki
Sergej Marinó Ciesielski

E. H. Björnsson
E. H. Björnsson lögreglu.

23. jan. 1976 kl. 10:30 er mætt hjá rannsóknarlögreglunni í Rvk. sem vitni í máli þessu í Fængelsinu við Síðumúla, Erla Bolla-
dóttir nú til heimilis að Stóragarði 29 hér í borg síni 32138,
fædd 19. 7. 1955 í Rvk.

Eftir að mættu hefur verið gerð ljós vitnaskyldan skýrir hún frá eftirfarandi: Mér ~~hefur verið ljóst~~ ljóst, að tilefni yfir-
heyrslu þessar er sú, að rannsóknarlögreglan telur hugsanlegt, að
ég muni geta veitt einhverjar upplýsingar varðandi atvik það, er
Geirfinnur Einarsson hvarf í og síðast spurðist til í Keflavík að
kvöldi þess 19. nóv. 1974. Þá ~~hefur mér verið kynntur réttur minn~~
til þess að neita að bera vitni, þar sem vitnisburður minn gæti orðið
nánum vandamönnum mínum í óhag. Þrátt fyrir það mta ég að skýra
frá því, sem ég tel mig vita um hvarf Geirfinns.

Ég var að kvöldi dags stödd við samkomuhúsið Klúbbinn við Borg-
artún hér í borginni og var þáverandi sambýllismaður minn Sævar
Giesielaki þar einnig. Á þessum tíma héldum við Sævar til fmist
í íbúð, sem við höfðum á leigu að Hjallavegi 31, eða heima hjá móður
Sævars að Grftubakka 10. Ekki man ég hversvegna við Sævar vorum
stödd saman við ~~Klúbbinn~~ Klúbbinn þetta kvöld, en eitt er ég viss um, að
höfðum ekki verið að skemmta okkur. Ekki veit ég hvað klukkan var,
en enn var verið að hleypa gestum inn í húsið, svo ekki getur hún
hafa verið orðin 23:30. Þarna utan við Klúbbinn settumst við Sævar
upp í íðlsbifreið, sem mér í fyrstu fannst vera leigubifreið, enda
sat maður undir stýri hennar. Ekki man ég hvort annar maður sat
við hlið þkumansins, en slíkt er hugsanlegt. Síðan var ekið af
stað án þess að ég eða Sævar segðum neitt til um hvert halda skyldi
og fannst mér, eins og þetta væri allt fyrirfram ákveðið. Ekið var
hóðan út úr borginni og áleiðis ~~um~~ til ~~Reykjavíkur~~ Hafnarfjarðar. Ég
hugsaði þá ekki neitt sérstaklega um það hvert verið væri að fara,
nema ferðinni væri heitið til Hafnarfjarðar, þótt svo ég ekki vissi
um neitt erindi okkar Sævars þangað. Við Sævar sátum ein í aftur-
seti bifreiðarinnar og sat hann mjög nálægt hurðinni hægra megin,
en ég um það bil í miðju sætinu. Ekki var numið staðar í Hafnar-
firði, heldur ekið í gegnum bæinn og inn á Reykjanesbraut sunnan
við hann og stefnt í átt til Keflavíkur.

Á leiðinni til Keflavíkur, þá hélt Sævar allan tímunn í aðra
hendina á mér og virtist ekki vilja sleppa henni, því ég reyndi
oftar en einu sinni að draga að mér hendina, en hann sleppti ekki.
Á leiðinni til Keflavíkur áttu sér stað samræðar milli Sævars og

Skumanninsæ, en ekki man ég þær neitt orðréttar. Ekki nefndu þeir nein nöfn, en ég fekk það fljótlega á tilfinninguna, að það ætti að stytta mér aldur og væri ferðalagið meðal annars farið í þeim tilgangi. Sinnig tóluðu þeir um, að manni ætti að stytta aldur með því að fara með hann út á sjó undir því yfirskini, að sækja eitthvað. Ekki var nafn þessa manns nefnt, en talað um, að Ökumaðurinn og bróðir minn Einar Bollason hefðu báðir reynt að koma vitinu fyrir manninn með því að bjóða honum peningagreiðslur. Það hafði ekki borið árangur, maðurinn væri bara með "stela", og því þyrfti að láta hann hverfa.

Ekki er ég viss um af hvaða tegund bifreið þessi var, sem Sævar fórum þetta kvöld í til Keflavíkur, en sætin í henni voru mjög mjúk og þægilegt að sitja í þeim. Þá man ég eftir því, að ~~hvað~~ hraðamælir bifreiðarinnar var nokkuð sérkennilegur. Hann var kanntaður og stóð nokkuð hátt upp úr mælaborðinu framan við Ökumanninn. Það var eins og súla í mælinum og steig hún lóðrétt, þegar hraðinn var aukinn. Súlan var græn eða rauð á litinn og efri endi hennar eins og skáskorinn, þannig að hann myndaði ~~ek~~ odd. Hraðamælir sem þennan tel ég, að ég myndi þekkja aftur ef ég sæi hann. Frekar en þetta get ég ekki lýst bifreiðinni með neinni vissu.

Þegar til Keflavíkur kom, þá var bifreiðin stöðvuð niður undir flæðarmáli. Þar var ~~bryggja~~ ein bryggja og til hliðar við hana skammt frá, nokkuð háir klettar eða hamrar í sjó fram. Ég get ekki gert mér grein fyrir hvaða leið við ökun um Keflavík, áður en við stöðvuðum á þessum stað. Flæðarmálið ^{til hliðar} þarna við bryggjuna var mál eða sandur, en ekki steypdur kanntur eins og venjulega er í höfnum. Ekki tel ég mig geta lýst með orðum nánar umhverfinu, nema leiðin að bryggjunni lá dálftið niður í móti, í það minnsta var það fyrst í stað á fótinn, er ég fór af staðnum rétt á eftir. Nú þegar bifreiðin var stöðvuð, þá fór Ökumaðurinn fýstur út úr henni og ~~gerðir~~ sá ég þá fyrst ~~hvað~~ í andlit honum og var það Magnús Leópnússon, sem er forstjóri eða eitthvað svoléiðis í Klúbbnum. Ekki er ég viss um nema ég hafi fyrr á leiðinni verið búinn að gera mér grein fyrir hver Ökumaðurinn væri. Magnús fór út úr bifreiðinni með þeim ummalun, að Sævar skyldi gæta mín og jankaði Sævar því.

Þarna á staðnum voru fyrir aðrar bifreiðar, ~~ég~~ og fleiri menn. Ég man fyrir víst eftir rauðri fólksbifreið, sem gæti hafa verið

Bifreið fíður mín, og ég man eftir stórrri sendibifreið, sem stóð á bryggjunni rétt upp undir flæðarmálinu. Þetta var bifreið með sama sniði og VW-sendibifreiðar, svokölluð rágbrauð, nema miklu stórrri. Ég held hún hafi verið ljós á litinn, þó er ég ekki viss um það. Bifreiðin sneri framendanum að landi og voru framrúðurnar stórar, en hliðarrúðum man ég ekki eftir fram yfir rúður á móts við framseti. Mér fannst endilega, að maður væri í bifreiðinni. Þarna var dimmt og því erfitt að greina nákvæmlega, nema það, sem skammt var frá manni. Bátur lá utar við bryggjuna, en ekki get ég gert mér fyllilega grein fyrir hvernig hann leit út, ég held helst, að þetta hafi verið nokkuð stór "trillubátur" með stýrishúsi.

Þarna í flæðarmálinu og rétt ofan við það sá ég alls 7m menn, það er eftir að Magnús og Sævar voru báðir komnir út úr bifreiðinni, en Sævar fór út rétt á eftir Magnúsi. Ég Bifreið sá, sem kom í, stóð ofan við fjöruna og til hliðar við bryggjuna og sneri framenda að henni. Bryggjan var því svo líftið á vinstri hönd, þegar maður sat í bifreiðinni. Rétt skáhalt framan við bifreiðina til vinstri stóðu þeir Sævar og Magnús á tali við einhvern þriðja mann, sem ég ekki þekkti. Lengra frá og meira til hliðar við bifreiðina var einn maður, sem ég heldur ekki þekkti. Þriðja manninn þekkti ég ekki heldur, en hann stóð enn ~~lengra~~ lengra frá bifreiðinni en hinir í svipaða stefnu og þeir Sævar, Magnús og sá, sem þeir voru að tala við. Skáhalt framan við bifreiðina í fjörunni til hægri stóð Einar bróðir minn og enn lengra til hægri, en fjór sjávarmálinu stóð Kristján Viðar Viðarsson. Eftir það, sem ég hafði heyrt af samræðunum í bifreiðinni á leiðinni, þá hafði ég það á tilfinningunni, að það væri Kristján Viðar, sem ætti að sjá um mig, en maðurinn, sem var á tali við þá Magnús og Sævar, væri sá, sem hefði verið með "stalana" og ætti að hverfa.

Hennirnir virtust eitthvað uppteknir af hvorum öðrum eða einhverju og bentu út í loftið. Ég var nú orðin mjög hædd og fór út úr bifreiðinni, en reyndi að gera það þannig, að ekki yrði eftir því tekið, og tókst það. Enginn virtist taka eftir því, að ég var ekki lengur inni í bifreiðinni, eða hafa nokkuð við það að athuga. Ég fór nú að fikra mig frá bifreiðinni og í átt frá mönnum og gekk aftur á bak. Þegar ég var komin spölkorn frá þeim, þá ~~rák~~ sneri ég mér við og tók til fótanna í burtu. Ekki get ég gert mér grein fyrir hvert ég hljóp, enda hugsaði ég um það eitt

að komast sem lengst á brott og fela mig. Fyrst var leiðin aðeins á fótinn, x en svo kom ég á jafnaléttu. Nú varð fyrir mér eitt-hvert hús, sem var opið og fór ég þangað inn til þess að leita að felustað. Þarna inni man ég, að var eitthvert timburdrasl og faldi ég mig úti í horni. Ég get ekki gert mér ljósa grein fyrir hvers-konar hús þetta var, en þetta gæti hafa verið hús í byggingu, eða eitthvert geymsluhúsmæði. Ekki get ég gert mér grein fyrir hversu lengi ég lá þarna í horninum en það skipti örugglega klukkustundum. Mér leið svo illa, að ég kastaði upp.

Þú þennan felustað minn yfirgaf ég svo ekki fyrr en ég varð þess vör, að einhver umferð var orðin. Ég get ekki gert mér grein fyrir í hvaða átt ég nú gekk, en mér tókst að stöðva bifreið, sem mér fannst koma úr suðurátt og var það á malarvegi. Þetta var Höskvítuh-fólksbifreið af eldri-gerð og Ókumaðurinn fullorðinn maður. Hann var ræðinn og skildist mér á honum, að hann væri Vestmannaeyingur, sem hefði fluttst til fastalandsins eftir eld-gosið í Þyjum. Ekki man ég nákvæmlega hvaða skyfringu ég gaf maninum á ferðum mínum, eða hvort ég gaf honum einhverja skyr-ingu, þó minnir mig, að ég hafi talað um að starfa í frystihúsi í Grindavík. Hvernig sem það var, þá fór ég úr bifreiðinni við vegamót Reykjanesbrautar og Grindavíkurvegar. Þar stöðvaði ég svo stóra vöruflyttingabifreið, sem á leið hingað til borgarinnar, ~~þá fékk ég farþega~~ eða Hafnarfjarðar, allavega fékk ég far með þessari bifreið til Hafnarfjarðar, en frá Hafnarfirði tók ég svo almenningsvagn hingað til borgarinnar.

Hér fór ég í íbúð okkar við Hjallaveg og dvaldi þar um daginn. Sævar kom þangað heim einhvern tímann síðari hluta dagsins, eða um kvöldið. Hann vildi fá að vita hvar ég hefði verið og hvert ég hefði farið og eitthvað talaði hann um, að ég hefði ekki verið heima, þegar hann kom heim. Ekki man ég hverju ég svaraði honum.

Næsta dag eða þannasta, þá man ég eftir því, að farið var að lýsa eftir Geirfinni ^{Þingarsvni} ~~Þingarsvni~~, sem horfið hefði í Keflavík. Fyrst í stað setti ég hvarf hans ekki í samband við ferð mína til Keflavíkur, en þegar ég fór að hugsa málið betur, þá komst ég að þeirri niðurstöðu, að Geirfinnur myndi hafa verið maður sá, sem átti að láta hverfa. Ekki þekkti ég þó af myndum í fjöl-

niðlum af Geirfinni, hann sem neinn þeirra manna, sem ég sá niður við sjóinn í Keflavík. Mitt er annað, að hann gæti samt sem áður ~~hvað~~ vel hafa verið einn þeirra, þótt svo ég þekkti hann ekki aftur á mynd, vegna þess hversu dimmt var á staðnum.

Aldrei töluðum við Sevar beinlínis um þessa ferð til Keflavíkur, eða ~~hvað~~ hvað þar hefði skeð, en ég man eftir því, að Sevar talaði oft um það, að svona færi fyrir mönnum, sem væru með "stela" eða væru að skipta sér af því, sem þeim kæmi ekki við, og átti þar við hvarf Geirfinns. Um hálfum mánuði eftir ferðina til Keflavíkur, þá fór ég til kaupmannahafnar og þangað kom svo Sevar ca. 10 dögum síðar. Ég var hreinlega orðin svo hrædd, því ég hafði það einhvern veginn á tilfinningunni, að einhver vildi ryðja mér úr vegi. Ekki hafði mér þó verið hóttað neinu.

Yfirheyrslu lauk kl. 13:30.

Upplesið, staðfest:

Bjola Bolladóttir
Bjola Bolladóttir

Vottar:

Sigríður Þ. Eiríksdóttir
Sigríður Þ. Eiríksdóttir
Gunnar Guðmundsson
Gunnar Guðmundsson

Jónína Þ. Þorvaldsson
Jónína Þ. Þorvaldsson

E. H. Bjarnason
E. H. Bjarnason
Lögreglum.

23. jan. 1976 kl. 20:40 er settur hjá rannsóknarlögregl. í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson verkam. núverandi gæslufangi, til heimilis að Grettisgötu 82 hér í borg síni 21689, fæddur 21. 4. 1955 í Rvk.

Gætt er l.málgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætti er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er grunur rannsóknarlögreglunnar um, að mætti kunni að vera viðriðinn hvarf eða vita um hvarf Geirfinns Binarssonar, sem síðast er vitað um í Keflavík þann 19. nóv. 1974.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Ég tel mig ekki viðriðinn eða vita um hvarf Geirfinns Binarssonar. Hitt er annað, en ég, eins og fleiri, fylgdist með því í fjölmiðlum, er lýst var eftir honum og verið var að rannsaka hvarf hans.

Ég tel mig ekki hafa komið til Keflavíkur nema tvisvar um æfina. Fyrri sinnið var, þegar ég var um 13 ára gamall, en hitt sinnið gæti hafa verið einhvern tímann um það leyti, sem Geirfinnur á að hafa horfið.

Í þeim tíma var ég að öllu jöfnu mikið undir áhrifum þremur konar lyfja, bæði örfandi og á róandi, þó aðallega róandi, en var aftur á móti lítið undir áhrifum áfengis, enda ráðlegt af lækni að láta áfengisdrykkju eiga sig. Vegna þessarar lyfjanotkunar í óhófi, þá er minni mitt frá síðari hluta árs 1974 mjög óljóst á köflum.

Ég man eftir því, að einhvern tímann að kvöldlagi, þá fór ég upp í stóra sendibífið, sá þá gerð, sem þú ert er notað til vöru- eða fólkshlutvæðinga. Eftir því, sem ég best man, þá gerðast þetta bakatil við samkomuhúsið Klúbbinn við Borgartún hér í borginni. Ekki get ég gert mér grein fyrir hvers vegna ég fór inn í þessa bífið, en eitt er ég viss um, að ég hlýft að hafa þekkt einhvern, eða einhverja, sem í bífiðinni voru, annars hefði ég ekki farið inn í hana. Ég get því ekki, í það minnsta ekki enn sem komið er, sagt hverjir voru í bífiðinni auk mín, en fleiri menn voru í henni. Bífið þessi gæti vel verið af Mercedes-Benz gerð með gluggum aftur eftir hliðunum og ég held, fremur dökk að lit. Þessari bífið var ekið út úr borginni, að ég tel, til Keflavíkur. Ég er ókunnugur í Keflavík og get því ekki sagt um hvert þar var ekið, en ég man það, að bífiðin var stöðvuð rétt við sjó. Ég held, að bífiðin hafi verið stöðvuð til hliðar við stórt hús eða skemmu, sem ábyggilegax var ekki íbúðarhúsnæði, verslunar- eða skrifstofuhúsnæði. Framan við bygginguna var sjórinn í svolftilli fjarlægð og ég man eftir að

hafa séð þar fram á í það minnsta eina bryggju gerða úr steinsteypu. Lfsing var ekki góð þarna, engir ljósastaurar, heldur kom birtan frá ljósum á þeirri hlið fyrrnefndar byggingar, sem að sjónum sneri. Ég tel mig hafa séð aftan á nokkuð stóran bát, að ég held stálbát, en ekki get ég gert mér fyllilega grein fyrir hvort hann var í sjó, eða stóð á landi. Við bryggjuna var í það minnsta einn ann bátur og sá mjög lítil, ég held ekki með neina yfirbyggingu. Mér finnst eins og einhver hreyfing hafi verið á þeim báti, eins og hann væri un það til að koma að bryggjunni eða fara frá henni. Í það minnsta tvar aðrar bifreiðar voru þarna á staðnum og voru það hvorugvegga fólkobifreiðar. ~~Þessar bifreiðar voru af Volga, Datsun eða Mercedes-Benz.~~ Fólk var þarna við þessar bifreiðar, að mig minnir nokkrir karlmenn og einn kvennaður. Í það minnsta sumir þess karlmanna voru eldri en ég. Ég tel mig hafa séð þarna tvo menn í það minnsta, sem ég þar kennsl á. ~~Þess annar er Sævar Giesie-~~ lski, en hinn Óinar Bollason. Sævar þekki ég vel, en Óinar hef ég oft séð á myndum, en þekki hann ekki persónulega. Þá tel ég mig hafa séð þarna systur Óinars, Erlu Bolladóttur. Karlmennirnir virtust sér vera eitthvað að ræða saman. Aftur á móti man ég ekki eftir að hafa farið út úr bifreiðinni. Ekki man ég frekar eftir atvikum þarna á staðnum eða ferðinni hingað til borgarinnar aftur.

Ég man eftir því, að sjávarmálið beggja vegna við bryggjuna var mál, en ekki steinsteypt eða malbikað.

Frekar get ég ekki tjáð mig um þetta mál, í það minnsta ekki að sinni, en hugsast getur, að ~~ég~~ atvik kunní að ryfjast betur upp fyrir mér síðar. Hvort þessi atburður eða ferðalag mitt var un það leyti, sem farið var að lýsa eftir Geirfinni, ~~það~~ get ég ekki fullyrst un, en ég tel það vel hugsanlegt.

Yfirheyrslu lauk kl. 01:10.

Vottar:

[Handwritten signatures]
 Sigurður V. Eiríksson
 Guðjón A. Láter
 Skúli Steinhólmsson

Upplesnið, staðfest:

[Handwritten signature]
 Kristján Viðar Viðarsson

Kristján Viðar Viðarsson

[Handwritten signature]
 E. H. Bjarnason
 lögreglum.

23/10 1975.

Kl. 14:20 er mættur til yfirheyrslu í máli þessu Guðmundur Agnarsson, Njálsgötu 35a. f. 14/3 1933 á Isafirði. Mætti skýrir svo frá, eftir að hafa enn verið bent á l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála

Það er rétt sem fram er komið í máli þessu að ég hef verið að segja börnum mínum þessa sögu sem fyrir liggur í málinu, en ég endurtek það að þetta hafa verið tómur hugarburður hjá mér og ekki á neinn hátt haft við rök að styðjast.

Það er rétt að ég heimsótti Rúnar og Margréti í Bólstaðahlíðina á mánudagskvöldið og var ég þá drukkinn. Er ég kom á staðinn var Rúnar heima, en Margrét kom ekki fyrr en um kl. 24:00. Ég var að tala við þau frammi í eldhúsi og þá var Margrét að tala um samband mitt og Gróu og sagði ég henni að ég vildi gjarnar hætta þessari sambúð okkar, en þyrði það ekki, því ég væri flæktur í mál henni viðkomandi. Þegar Margrét gekk svo á mig betur, þá sagði ég henni þessa sögu að ég hefði verið með í bátnum þegar Geirfinnur tyndist og hafi ég þá verið að sækja smygl með Sigurbirni, Magnúsi Leopoldssyni, og fleirrum, en ég man ekki núna hvaða nöfn ég tiltók. Ég sagði þeim Margréti og Rúnari að ég hafi umrætt kvöld farið til vinnu og stimplað mig inn á, en síðan farið á Landspítalabílnum til Keflavíkur og þar hitt þá félagi, en þá hafi verið komið fram yfir tímann, sem hitta átti Geirfinn, og þá hafi Maggi farið inn í Hafnarbúðir og hringt á Geirfinn, en ég beðið á meðan og þá inni í Hafnarbúðum. Eftir þetta þóttist ég hafa farið niður að höfninni og tekið þar bát Högna frænda míns traustataki og sett vélina í gang og síðan farið með Geirfinni út fyrir höfnina og hann farið í froskbúnungi niður og sótt smygl varning, sem átti þar að vera frá því að Goðafoss hafði verið þar inni. Ég þóttist hafa fengið mjög nákvæmt mið frá einhverjum, sem sagði til um hvar varan væri og hafi ég syglt bátnum þangað. Þar fór Geirfinnur niður og sótti smyglið, en við fórum tvær ferðir í land með varning og síðan fórum við út þriðju ferðina og þá sagði ég þeim að Geirfinnur hafi farið niður en ekki komið upp aftur og kvaðst ég hafa beðið í fjóra tíma eftir Geirfinni, en vissi samt að hann hafði ekki loft á köfunarkútum sínum, nema til 1 og hálfis gíma. Þegar kom svo í land hafði hópurinn verið farin nema Sigurbjörn. Ég kvaðst hafa hlaðið Landspítalabílnum af varningi og eins hafi Range-Roverinn verið fylltur og hafi Maggi farið strax á honum til Reykjavíkur. Eithvað gaf ég í skín að hluti smyglsins hafi verið eithvað dýrmætara en spiritus og því hafi þessi ferð með Geirfinni verið dýrmæt fyrir Sigurbjörn og c/o. Eftir þetta kvaðst ég hafa farið til Reykjavíkur eftir að vera búinn að leggja bátnum aftur á sinn stað og ganga frá honum, en kvaðst hafa lendað varningum við slyppinn gamla. Ég ekki mjög kunnugur í Keflavík, en veit þó

Guðm. Agnarsson

3.8. 77
hvar gamlabryggjann er.

Ég sagði ekkert um það hvert ég hefði farið með varninginn eftir þetta og man ég ekki til þess að hafa verið spurður um það. Ég sagði þeim að ég hefði ekkert fengið fyrir ferð þessa enn, en hugmyndin væri að ég gengi greitt 1.990,000,00 krónur fyrir vikið.

Ég sagði þeim að ég hefði gert þetta áður og þá nokkru áður, en þá haf smyglið verið í mun minna mæli og fyrir það fékk ég kr. 70.000,00.

Það var svo daginn eftir að ég var farinn að fá eftirþanka af þessu og þá fór ég að draga í land sögur mínar, en þá gengu krakkarnir á mig og þá lofaði ég að segja lögreglunni sem var, en síðan fór ég til Gróu og þar varð okkur dundurorða og þá kallaði hún á lögreglunax, og ég var fluttur á lögreglustöðina, þar sem ég sagði lögreglunni að ég þyrfti að gefa skýrslu um mannhvarfið í Keflavík. Þar var mér sagt að geyma það til dagsins eftir þegar runnið væri af mér vínvíman. Það var svo þar næsta dag að ég hefði lofað að tala við lögregluna strax um morguninn, en þá brást mér kjarkur og ég fór heim til Gróu og þar var ég þann dag, þar til að ég fór heim til mín um kl. 18:30 og tók á móti rannsóknarlögreglunni.

Eins og fram er komið hef ég verið með Gróu Bæringsdóttur, en hún bjó með Sigurbirni Eiríkssyni og einnig síðar giftist hún Ragnari A. Magnússyni og höfum ~~með~~ verið í sambandi við fólk þetta. Það er rétt að ég var á Þingvöllum í sumar í 12 daga og bjó þar á hótelinu með Gróu og veitti á báða bóga, og að þokum var ég látinn undirritað 280.000,00 kr. víxil, sem ekki er farið að innheimta enn.

Ég kynntist Sæigurbirni er ég lá á Farsóttarhúsinu og höfum við þekkt síðan. Sigurbjörn vissi þá að ég var vélstjóri og kunnir að fara með vélar og var með staðgöðva þekkingu á meðferð báta.

Mig minnir fastlega að Högni frændi minn hafi átt trillu einhverntíman og það hafi verið kveikjan af sögunni um traustatak mitt á bát hans tvívegis.

Mig ramar í það þegar ég er mynntur á það að ég hef verið að segja þessa sögu um að ég hafi verið viðriðin Geirfinn er hann hvarf, en þetta hefur ávalt verið þegar ég hef verið drukkinn og eins í "pillum því ég hef mikið neytt hvorutveggja síðan í vor aðalega.

Kunningskapur minn við Gróu hófst um mánaðmót apríl og maí, var ég staddur á Nausti og þar hittir ég Gróu í fyrsta skipti og kom hún beint til mín þar sem ég var á barnum og upp frá því varð kunningskapur okkar náin. Vegna hans varð svo skilnaður minn og Guðrúnar og erum við nú skilin að skiptum.

Guðm. Agnarson

Hvað við kemur því framskoti mínu við lögregluna í gær að rétt væri að hlera síma Gróu og Sigurbjarnar, þá vakti ekkert annað fyrir mér en að ef eithvert samkurl væri þeirra á mjlli í smyglmálk væri hægt að hlusta það.

Ég tek fram að lokum að það hefur ekkert annað vakað fyrir^{mér} með þessum upplognu sögum, en að spila mig stærri mann og geri ég mér ljóst núna hvað ég var að gera.

Eins og fram er komið í málinu hef ég mikið verið að skemmta mér með Gróu og höfum við mikið drukkið saman. Mest af þessu hef ég fjármagnað sjálfur, því ég hef unnið og fengið greitt kaup hjá Landspítalanum sem svarar upp undir kr. 100.000,00 þegar mest þ hefur verið, en stundum minna. Eitt sinn er við Gróa bjuggum á Città hóteli að þá var Gróa með tékkhefti, sem hún gaf út úr og þá innistæðulausa tékka, en annaðhvort hefur Ragnar A. Magnússon eða Sigurbjörn greitt þá. (Í sambandi við sögn þessa er vitað að Ragnar A. Magnússon innleysti ávísanir þessar allar) Þú Einnig hefur Gróa fjármagnað þessa fylliri okkar, en ég þó aðalega en ég tók t. d. 150.000,00 til 160.000,00 kr. lán hjá lögmanni mínum Árna Gretari út á hús mitt á Njálsgötunni.

Með þennan tékka upp á kr. 175.000,00, sem ég þóttist hafa fengið hjá Magnúsi Leopoldssyni og væri stimplaður af Klúbbnum og undirritaður af Magnúsi, þá er það tómur hugarburður og frekar óskhyggja en hitt.

Sérstaklega aðspurður skýrir nætti svo frá: Það hefur oft komið fyrir að við vinnufélagarnir höfum verið að stimpla hvorn annan inn og út á Landspítalanum, en vitað væri að við kæmum rétt of seint.

Vaktarfyriřkomulag okkar á síðasta hausti og fram á vorinð voru þannig að þær voru þrískiptar, frá kl. 08:00 til 16:00 frá 16:00 til 23:00 og frá 23:00 til 08 að morgni.

Ég man það ekki á hvernig vakt ég var þann 19. nóvember 1975, en það er hægt að sjá á vinnukortum. Það kom stundum fyrir að ég skrapp af næturvaktini heim til þess að fá kaffi, en ég mynnð t þess ekki að hafa verið langtíðum saman frá spítalanum, án þess að vera í starfi fyrir hann, og ég hef aldrei verið þar næturlangt í burtu, þegar ég hef átt að vera þar á vakt, eða mesta lagi í klukkutíma. Þegar ég hef verið heima að nóttu til, hef ég verið með " kriju " tæki með mér og hef ég þá heyrt í því heim, þegar mitt númer var kallað upp.

Yfirherysrlu lauk kl. 15:30.

Vottur:

Njörður Snæhólm.

aðalvarðgjafi

Upplesið, staðfest.

Guðmundur Agnarsson.

H. Bjarnason, lögreglum.

Guðmundur Agnarsson

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
101 REYKJAVÍK.

Reykjavík 25. október 2019

Efni bréfs: Umsögn vegna máls 183 – þingskj. 184.
Frumvarp til laga um heimild til að greiða bætur vegna
dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017.

Vísað er til áðurgreinds dóms Hæstaréttar Íslands í upptöku á svokölluðum Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Jafnframt er vísað til dóms Hæstaréttar frá 22. febrúar 1980 sem m.a. fjallaði um manndráp samkv. ákvæðum 211. gr. alm. hgl. nr. 19/1940 sbr. ákvæði 215. gr. sbr. 218. gr. sömu laga, svo og þau efnisatriði þess dóms um þjófnað, fjársvik, nauðgun, brennu, skjalafals, smygl, fíkniefni og rangar sakargiftir á fjölda nafngreinda einstaklinga.

I.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur nú til meðferðar hvort greiða eigi dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum bætur fyrir að hafa setið í fangelsi. Af þessu tilefni höfum við undirritaðir sem eigum það sameiginlegt að hafa setið í gæsluvarðhaldi saklausir, hver um sig í 105 daga, á tímabilinu frá 26. janúar – 9. maí 1976 vegna rangra sakargifta hluta dómfelldu í fyrrgreindu máli, ákveðið að senda umsögn til nefndarinnar.

Samkvæmt frásögnum í fréttum og fjölmiðlum nú nýverið, hefur frumvarp það sem hér er til meðferðar þann tilgang að greiða dómfellda Kristjáni Viðari Viðarssyni f. 21. apríl 1955 og ættingum Sævar Marinó Ciesielski f. 6. júlí 1955 bætur vegna fangelsunar þeirra vegna áðurgreinds máls, svo sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu. Þá hefur það einnig komið fram opinberlega að einn dómfelldu til viðbótar, Erla Bolladóttir f. 19. júlí 1955, hafi óskað eftir að henni verði jafnframt greiddar bætur þótt að dómur Hæstaréttar frá 22. febrúar 1980 hvað hana varðar, standi óhaggaður. Virðist krafa hennar byggð á hugleiðingum um að hún hafi verið dæmd saklaus með dómi sakadóms Reykjavíkur frá 19. desember 1977 og sömuleiðis síðar með dómi Hæstaréttar hinn 22. febrúar 1980. Í tilvitnuðum dómum var Erla m.a. dæmd fyrir rangar sakargiftir. Við undirritaðir og Sigurbjörn heitinn Eiríksson voru þeir sem hún bar röngum sökum og því er mál þetta í formi þess frumvarps sem birtist á þingskj. nr. 184, okkur viðkomandi og er ástæða þess að við sendum hér meðfylgjandi umsögn við því frumvarpi.

II.

Málavextir í svonefndum Geirfinnshluta málsins eru þeir að hinn 19. nóvember 1974 hvarf maður að nafni Geirfinnur Einarsson í Keflavík og hefur ekki fundist. Hvarf hans bar að með þeim hætti, að talið var að það hefði verið af mannavöldum. Frumrannsókn þess máls bar ekki árangur og leiddi ekki til þess að neinn væri handtekinn fyrir aðild að hvarfi hans þótt rannsóknin væri ítarleg.

Næst gerist það í málinu að í desember 1975 er áðurnefnd Erla Bolladóttir og þeir Sævar Marínó Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson handtekin vegna fjársvika og annarra afbrota. Í skýrslugjöf þeirra þriggja, gangast þau við að hafa verið viðriðin hvarf annars manns, Guðmundar Einarssonar sem hvarf í lok janúar 1974. Var Erla Bolladóttir síðan látin laus úr gæsluvarðhaldi hinn 20. desember 1975. Um miðjan janúar 1976 hefur Erla að eigin frumkvæði samband við lögreglumenn þá sem fóru með málið og kemur síðan til formlegs viðtals 21. sama mánaðar. Kveðst hún þá óttast einhverja menn sem hún teldi að hafi verið viðriðnir hvarf Geirfinns Einarssonar. Eru síðan teknar formlegar skýrslur af þeim Erlu, Sævari Marínó og Kristjáni Viðari sama dag og daginn eftir, þar sem þau skýra frá ferð til Keflavíkur og bera að við undirritaðir hafi verið þar með þeim. Á grundvelli framburðar þeirra vorum við þrír undirritaðir, handteknir 26. janúar 1976. Þá var Sigurbjörn Eiríksson einnig handtekinn 10. febrúar sama ár. Allir voru við fjórir sagðir hafa tekið þátt í ferð til Keflavíkur ásamt áðurgreindu fólki sem bar okkur þeim sökum að hafa farið þangað og hitt Geirfinn Einarsson sem síðan hafi verið ráðinn bani.

III.

Eftir handtöku okkar þriggja hinn 26. janúar 1976 tóku við yfirheyrslur þar sem við vorum ítrekað bornir þeim sökum að hafa átt þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Í yfirheyrslunum kom fram af hálfu lögreglunnar að hún hefði óbyggjandi sannanir fyrir þátt okkar í vígi Geirfinns, sem voru framburðir þeirra Kristjáns Viðars, Sævars Marínó og Erlu. Lögreglan tjáði okkur að best væri að meðganga strax þar sem framburðir þeirra Erlu, Sævars og Kristjáns um þátt okkar þriggja væru afdráttarlausir. Þær yfirheyrslur tóku mjög á okkur og fjölskyldur okkar og þarf engan að undra þar sem sannleikurinn var sá að enginn okkar hafði farið til Keflavíkur á þessum tíma, enginn okkar hafði hitt eða þekkt Geirfinn Einarsson og innbyrðis tengsl á milli okkar voru engin.

Þegar á gæsluvarðhaldið leið varð ákærvaldinu og lögreglunni ljóst að í frásögnum Erlu, Sævars og Kristjáns fælust rangar sakargiftir. Rannsóknin leiddi í ljós þá staðreynd að engin tengsl voru á milli okkar fjögurra sem þarna sátu saklausir og Geirfinns Einarssonar. Við Sigurbjörn þekktum ekkert til þeirra Erlu, Sævars eða Kristjáns en Einar er bróðir Erlu og Valdimar henni kunnugur. .

Hinar röngu sakargiftir voru ekki bornar fram í eitt skipti heldur var staðreyndin sú að Erla, Sævar Marínó og Kristján Viðar báru okkur alla ítrekað röngum sökum. Erla bar undritaðan Magnús, sökum í sjö skipti, undirritaðan Einar, bróður sinn, bar hún röngum sökum í sjö skipti, Sigurbjörn bar hún röngum sökum í þrjú skipti og undirritaðan Valdimar bar hún sökum í tvö skipti. Svipað var með þá Sævar og Kristján sem báðir báru okkur röngum sökum ítrekað. Alls bar Sævar einhvern röngum sökum 20 sinnum samtals í 6 eða 7 skýrslutökum og Kristján litlu minna. Afleiðingar þessara röngu sakargifta urðu þær að við sátum allir saklausir í gæsluvarðhaldi í alls 105 daga hver, en Sigurbjörn í 90 daga. Forsendur allra gæsluvarðhalds úrskurðanna sem upp voru kveðnir voru hinir röngu framburðir þeirra Erlu, Sævars og Kristjáns um ætlaðan þátt okkar fjögurra í vígi Geirfinns – allt vísvitandi rangar sakargiftir.

Eftir að við vorum látnir lausir hinn 9. maí 1976 vorum við allir í farbanni mánuðum saman og máttum sæta mikilli félagslegri útskúfun og alvarlegum fordómum um allt íslenskt þjóðfélag. Það var fyrst við uppkvaðningu dóms sakadóms Reykjavíkur 19. desember 1977 að það varð loks opinberlega staðfest að við fjórmeningarnir höfðum allir verið hneptir saklausir í gæsluvarðhald á grundvelli rangra sakargifta dómfelldu í málinu. Voru þá liðnir nær 23 mánuðir frá því að lífi okkar var umturnað í lok janúar 1976. Eftir það leituðum við eftir bótum sem fengust greiddar árið 1983 eða meira en sjö árum eftir að við vorum handteknir. Það er ágætt að hafa þá bið okkar í huga og vorum við þó óumdeilt algjörlega saklausir af öllu sem á okkur var borið.

IV.

Vistin í fangelsinu í Síðumúla varð okkur öllum fjórum ákaflega erfið. Innilokaðir saklausir í 3 fm klefa sólarhringum saman grunaðir um manndráp er alvarlegt mál. Eftirmál fangelsisvistarinnar voru þó ekki síður erfið. Að vera borinn þeim sökum að hafa ráðið manni bana – án nokkurs tilefnis – er glæpur sem kemst næst manndrápi. Það hefur lengi verið skoðun okkar allra að refsing Erlu fyrir þau mannorðsmorð á okkur, sem bæði sakadómur og Hæstiréttur taldi sannað að hún hefði unnið, hafi verið væg. Allir höfum við mátt þola miklar hörmungar sem Erla var upphafsmaðurinn að. Líf okkar snérist árum saman um að minna á að við stóðum ekki að vígi Geirfinns Einarssonar, þótt í áranna rás hafi margir samborgarar okkar ekki gert mikinn mun á þeim sem voru dæmd fyrir þau manndráp ásamt öðrum afbrotum og okkur sem saklausir voru færðir inn í atburðarásina af dómfelldu í málinu.

Það er sammerkt með okkur þremur að erfiðasti tíminn í Síðumúlafangelsinu var þegar við vorum, hver um sig, samprófaðir með Erlu Bolladóttur að viðstöddum lögreglumönnum og lögmönnum samprófaðra. Þar horfðum við á, og hlustuðum á Erlu Bolladóttur segja frá hvernig við hefðum tekið þátt í vígi Geirfinns. Gerði hún það í öll skiptin fullkomlega sjálfstætt og á mjög sannfærandi hátt bæði fyrir lögreglu og fyrir dómi. Blekkti hún þar með blygðunarlaust dómara, lögmenn og lögreglumenn margsinnis og staðhæfði þann ranga framburð sinn um að við værum viðriðnir hvarf Geirfinns. Í samprófunum var hún staðföst án þess að nokkur lögreglumannanna hefði afskipti af. Þá átti Sigrún, eiginkona undirritaðs Einars, tal við Erlu á skrifstofu sakadóms að viðstöddum Erni Höskuldssyni fulltrúa yfirsakadómarara meðan á þessum tíma stóð en Erla breytti í engu hegðan sinni.

Kom svo að þeim tíma að lögreglunni tókst að sanna eftir að hafa skoðað sjónvarpsupptökur frá þessum tíma o.fl., að enginn okkar var viðriðinn málið. Vorum við loks látnir lausir í maí 1976. Allt að einu hélt Erla Bolladóttir áfram að bera okkur alla röngum sökum og gerði það síðast 1. september 1976 og bætti hún þá reyndar við nokkrum öðrum nafngreindum einstaklingum við hinar röngu sakargiftir á okkur fjórmeningana.

Mikilvægasta atriðið í rannsókn á hinum röngu sakargiftum varð svo þegar Guðjón Skarphéðinsson f. 19. júní 1943 var handtekinn 12. nóvember 1976. Í skýrslu sem hann gaf 8. desember sama ár upplýsti hann að enginn okkar fjórmeningana hefðu átt nokkurn þátt í hvarfi Geirfinns Einarssonar. Lýsti

Guðjón því í skýrslugjöf sinni að hann hefði tekið nærri sér að vita af þeim röngu sakargiftum sem á okkur voru bornar og tók fram að hann hefði ekki haft kjark til þess að stíga fram og segja frá því fyrr. Augljóst er af framburði Guðjóns við þessar aðstæður að hann var við málið riðinn úr því að hann vissi um sakleysi okkar. Þrátt fyrir að hann hylmdi yfir hin alvarlegu brot þeirra Erlu, Sævars og Kristjáns, sætti hann ekki ákæru fyrir það. Það er út af fyrir sig umhugsunarefni.

V.

Í málgögnum er rækilega rakið að það voru samantekin ráð þeirra Erlu Bolladóttur og annarra dómfelldu í málinu að bera okkur fjóra röngum sökum. Sammæltust Erla og Sævar um að ef grunur félli á þau vegna hvarf Geirfinns myndu þau bendla undirritaðan Magnús og Sigurbjörn, svokallaða Klúbbmenn, við hvarfið. Hugmyndin var að þá myndi rannsóknin beinast frá þeim. Er þetta rakið í dómi Hæstaréttar. Þá lagði Erla einnig til að bendla undirritaðan Einar við málið fyrir atburði milli þeirra sem varð til þess að hún lagði fæð á hann. Hið sama á við um undirritaðan Valdimar fyrir afskipti hans af vinafólki hennar. Auk þess er augljóst af því hversu greiðlega þau Erla, Sævar og Kristján bendla okkur fjórmeningana við málið í skýrslutökum 21. og 22. janúar 1976, að þau höfðu sammælt um slíkt. Í dómi Hæstaréttar er rakið hvernig þau undirbyggðu þá ráðagerð þar sem þau voru stödd erlendis. Frásögn Guðjóns Skarphéðinssonar um hinar röngu sakargiftir er jafnframt sérstaklega mikilvæg.

Fyrir hinar röngu sakargiftir og fjársvik var Erla Bolladóttir dæmd í þriggja ára fangelsi í undirrétti. Hæstiréttur mildaði í dómi sínum, dæmda refsivist allra ákærðu í málinu nema Erlu Bolladóttur. Refsing hennar í undirrétti var staðfest í Hæstarétti. Undirstrikar það hversu alvarlegum augum Hæstiréttur leit á hinar röngu sakargiftir Erlu Bolladóttur.

VI.

Staðreyndir málsins eru þær að við undirritaðir auk Sigurbjörns sátu allir saklausir í fangelsi mánuðum saman vegna rangra sakargifta Erlu, Sævars og Kristjáns. Er engum vafa undirorpið að hún bar okkur alla röngum sökum og því ekki vafamál að Erla hefur réttilega verið dæmd fyrir rangar sakargiftir. Sú skýring að lögreglumennirnir hafi sagt henni að bera okkur röngum sökum er fjarstæða. Enginn okkar varð nokkru sinni var við slíkt, né heldur reyndu lögreglumennirnir að stýra frásögnum okkar sjálfra. Þá blasir við að engar skynsamur eða rökréttar ástæður geta verið fyrir því að segja henni að bera bróður sinn Einar röngum sökum eða undirritaðan Valdimar Olsen sem var á þessum tíma óþekktur maður.

Mannorðsmorð á okkur fjórmeningunum varð okkur öllum dýrkeypt, heilsufarslega, fjárhagslega, samfélagslega og sálarlega. Sigurbjörn Eiríksson lagðist fljótlega í rúmið vegna afleiðinga af innlokuninni, hann náði aldrei að jafna sig. Hver okkar hinna hafa átt í mismiklum erfiðleikum sem allt má rekja til framburðar Erlu, Sævars og Kristjáns Viðars. Margra ára fordómar kynslóða í garð okkar og endalaus grunur um að við höfum átt þátt í að bana manni hefur skaðað okkur og fjölskyldur okkar meira en nokkur orð fá lýst. Erla Bolladóttir

hefur aldrei stigið fram og beðist velvirðingar á þessum afbrotum sínum eða iðrast á nokkurn hátt.

VII.

Nú liggur fyrir dómur Hæstaréttar frá því í lok september 2018 um að sýkna beri þá Sævar Marinó og Kristján Viðar af manndrápum á þeim Geirfinni Einarssyni og Guðmundi Einarssyni, svo sem málið var lagt fyrir af settum ríkissaksóknara. Aðrar sakfellingar á öðrum afbrotum standa á hinn bóginn eftir óhaggaðar. Eru í þeim hópi ýmis brot, m. a. rangar sakargiftir.

Við undirritaðir fáum ekki séð að unnt sé að fallast á bætur þeim til handa þar sem ekki liggur annað fyrir en að þeir hafi verið dæmdir í einu lagi fyrir fjölda afbrota sem öll standa eftir óhöggðu frá dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980.


Enn fjarstæðukenndara er að ætla að fara að greiða Erlu Bolladóttur bætur þar sem dómur um hennar þátt í fyrrgreindum afbrotum stendur óraskaður. Fyrirliggjandi frumvarp getur því ekki orðið grundvöllur bótagreiðslna fyrr en úr því verður skorið hvernig hlutfallsleg skipting dómanna hefur verið í reynd.


Loks viljum við undirritaðir greina þingnefndinni frá því að okkur kom það aldrei í hug í eitt einasta skipti að játa á okkur afbrot sem við höfðum ekki framið. Drögum við það raunar mjög í efa að fólk sé almennt tilbúið til slíkra falskra játninga þótt það sitji í gæsluvarðhaldi. Ólíkt ýmsum öðrum tölum við hér af biturri eigin reynslu sem er örugglega meira virði en hugmyndir sjálfskipaðra fræðimanna sem virðast geta dregið ályktanir af endurteknum lygum. Sá sem ber einhvern röngum sökum gerir það vegna þess að hann hefur eitthvað að fela.

Þá er sú hugmynd að einstaklingur sem sitji saklaus í gæsluvarðhaldi taki upp á því að játa á sig rangar sakir og beri svo í leiðinni rangar sakir upp á fjölda fólks að beiðni lögreglunnar fullkomin fjarstæða. Rétt þykir að taka fram að aldrei læddist sú hugmynd að nokkrum okkar að bera sakir á saklaust fólk um leið og við kepptumst við að sanna sakleysi okkar. Hver ætti að vera tilgangur slíks?

Lausnin á ráðgátunni um afdrif Geirfinns Einarssonar felast í hinum röngu sakargiftum svo og framburði Guðjóns Skarphéðinssonar, slíkt hlýtur að vera öllum hugsandi mönnum ljóst sem kynna sér dóm Hæstaréttar Íslands frá 22. febrúar 1980. Það svarar um leið spurningunni hvað eigi að verða um frumvarp það sem birt er á þingskj. nr. 184.

Virðingarfyllst


Magnús Leopoldsson


Einarr Gunnar Bollason


Valdimar Olsen

Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 22. október 2019

Efni: umsögn um frumvarp til laga um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017, 183. mál

Vísad er til erindis nefndasviðs Alþingis, dagsett 11. október 2019, þar sem veitt var tækifæri til umsagnar um frumvarp til laga um heimild til að greiða bætur vegna dóms Hæstaréttar í máli nr. 521/2017, 183. mál. Til mín hafa leitað lögerfingjar Tryggva Rúnars Leifssonar og falið mér að veita umsögn um nefnt lagafrumvarp.

Almennt

Í greinargerð með frumvarpinu er farið vítt og breitt yfir atvik sem og bótagrundvöll og fjárhæð bóta. Þar er margt ágætt sem kemur fram en ljóst að þar er ranglega horft til einstakrar dómaframkvæmdar héraðsdómstóls (einn dóm) og mögulega látið að því líða að hann geti haft sambærilegt vægi og dómur æðri dómstóla, sem bæði eru nær í tíma og falla betur að atvikum máls. Rétt er í þessu samhengi að áréttta og fara yfir þau lagaatriði sem máli skipta við ákvörðun bóta í málum sem þessum.

Málsatvik

Með dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 521/2017 var Tryggvi Rúnar Leifsson sýknaður af 1. lið I. kafla ákæru 8. desember 1976 um brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974 í félagi ráðist á Guðmund Einarsson í kjallaraíbúð að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði og misþyrmt honum svo, að hann hlaut bana af, og komið líki hans fyrir í ókunnum stað, en háttsemin var heimfærð undir 218. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga með dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980 í máli nr. 214/1978. Aður hafði Tryggi verið sakfelldur fyrir sama ákæruefni í með dómi Hæstaréttar 22. febrúar 1980 í máli nr. 214/1978 og dæmdur í 13 ára fangelsi.

Ljóst er að Tryggvi hefur fengið úrlausn Hæstaréttar Íslands um að hann hafi saklaus afplánað refsidóm í fangelsi. Hann hefur með öðrum orðum fengið þá viðurkenningu með dómi að sú réttarvernd sem ákvæðum íslenskra laga er ætlað að tryggja um að einstaklingar séu ekki dæmdir sekir um afbrot án þess að lögfull sönnun hafi tekist um sekt þeirra, og birtist m.a. í ákvæðum 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, hafi algerlega brugðist í máli hans. Þá liggja einnig fyrir skýrslur og niðurstada Endurupptökunefndar í máli nr. 6/2015 þar rakið er það harðræði og vanvirðandi meðferð sem að Tryggvi mátti sæta við meðferð málsins. Er ljóst að Tryggvi sætti þar pyntingum og öðrum ólögætum valdbeitingaradferðum sem höfðu þann tilgang að þvinga fram játningu hans og hafa af honum mannlega reisn.

Það er staðreynd að Tryggvi Rúnar Leifsson sat saklaus í fangelsi vegna hinnar röngu sakfellingar og afplánaði að fullu refsingu sína. Þá sat hann að ósekju í gæsluvarðhaldi og stóran hluta þess í einangrun við ómannúðlegar aðstæður. Þá sætti Tryggvi pyntingum, vanvirðandi meðferð og misbeitingu vegna hins svokallaða Guðmundar- og Geirfinnsmáls auk þess sem að hann mátti þola algeran ærumissi og þungbærar kvalir vegna málsins alla sína daga en Tryggvi lést 1. maí 2009. Lögerfingjar hans hafa falið undirrituðum lögmanni að sækja bótarétt Tryggva en mál Tryggva var endurupptekið að beiðni þeirra sbr. lög nr. 134/2014. Í þeim tilgangi að innheimta þessa kröfu hefur dánarbú Tryggva verið opnað á grundvelli 2. mgr. 95. gr. laga nr. 20/1991 og er því í stakk búið til að sækja kröfur hans m.a. með aðild að dómsmáli. Var það nauðsynlegt enda um tíma fyrirsjáanlegt að íslenska ríkið hafnaði allri bótaskyldu í málinu og hafði slitið öllum sátttaumleitunum.

MAGNA

Bótagrundvöllur

Meðferð umrædds máls, hvort sem er hjá lögreglu, ákærvaldi eða dómstólum á sér enga hliðstæðu í íslenskum rétti. Engin lögákveðin regla gildir um greiðslu bóta við þessar aðstæður þar sem löggjafinn hefur eftirlátið dómstólum að ákveða til hvaða fjárhæða og sjónarmiða skuli litið við slíkt uppgjör. Hefur framkvæmdarvaldið svo gert upp mál með hliðsjón af fordæmisgefandi dómum Hæstaréttar en flest slík mál eru leyst með sátt og án aðkomu dómstóla. Fordæmisgefandi dómar eru nokkuð skýrir og við útreikning bóta í þessum málum verður að horfa til þeirra sjónarmiða sem dómstólar gera almennt við meðferð mála sem þessara. Viðmið í dómaframkvæmd í þessum málaflokki eru þekkt og að mestu horft til hlutlægra mælikvarða. Ljóst er hins vegar að við útreikning bóta hefur mál þetta sérstöðu af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi þá hafa einstaklingar aldrei áður afplánað saklausir jafn langa dóma og sakborningar í máli þessu. Í öðru lagi þá hafa aldrei áður komið í ljós og verið viðurkennd jafn gróf brot gegn sakborningum og í máli þessu. Af því leiði að bætur í máli þessu verða óhjákvæmilega hærri en í þeim málum sem hingað til hafa verið tekin til meðferðar.

Í 67. gr. stjórnarskrárinnar er fjallað um rétt borgara til verndar fyrir frelsissviptingum og við framkvæmd þeirra. Í 1. - 4. mgr. er vikið að efnislegum atvendum sem þetta varða. Síðan er í 5. mgr. kveðið svo á, að maður skuli eiga rétt til skadabóta hafi hann verið sviptur frelsi að ósekju. Með orðalagi ákvæðisins er ætlunin að mönnum verði tryggður bótaréttur ef þeim hefur verið gert að sæta frelsissviptingu án þess að hafa til þess unnið. Þessi sama regla birtist í 246. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, auk 5. mgr. 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, 3. gr., 7. samningsviðauka Mannréttindasáttmála Evrópu og 14. gr. Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi, en sáttmálar þessir hafa lagagildi á Íslandi.

Við skýringu 67. gr. stjórnarskrár verður að hafa í huga, að það úrræði að handtaka menn og loka þá inni, felur í sér afar íþyngjandi skerðingu á frelsi þeirra. Heimild til þessa án þess að staðreynt hafi verið, hvort þeir hafi unnið til frelsisskerðingar, helgast fyrst og fremst af hagsmunum þjóðfélagsins af því að upplýsa afbrot í því skyni að geta beitt refsingum lögum samkvæmt. Standa rök til þess að sá maður, sem þurft hefur að sæta sviptingu á frelsi sínu í þágu slíkra almannahagsmuna, geti átt rétt á bótum frá ríkinu ef niðurstaðan verður sú, að rannsókn máls leiði ekki til málsóknar gegn honum eða hann verður fyrir dómi sýknaður af sakargiftum á þeim grundvelli að sök hans hafi ekki sannast. Þannig er ljóst að þeir sem sæta þurfa frelsisskerðingu, án þess að hafa sannanlega til frelsisskerðingar unnið, njóta bótaréttar, nema eitthvað sérstakt komi til sem skerði eða felli hann niður. Ekkert slíkt á við í máli þessu. Þessi stjórnarskrárbundni réttur verður auk þess ekki skertur umfram það sem leiðir af texta stjórnarskrárinnar sjálfrar. Hefði það t.d. verið vilji stjórnarskrárgjafans að fella niður slíkan bótarétt við andlát tjónpola hefði stjórnarskrárgjafinn sjálfur þurft að taka afdráttarlausu afstöðu í þá veru. Svo er ekki. Er því ljóst að Tryggvi nýtur verndar ákvæðisins og umræddur réttur hans er fyrir hendi enda stofnaðist til hans þegar hin eignlega bótaskylda háttsemi átti sér stað.

Um er að ræða lögbundna hlutlæga bótaábyrgð íslenska ríkisins og vísast þar jafnframt til dómafordæma. Slík hlutlæg bótaábyrgðarregla var til staðar í lögum á þeim tíma sem hin ólögmæta háttsemi á sér stað og er enn í núgildandi lögum auk þess sem leiða má hana af sakarreglunni og vinnuveitendaábyrgð íslenska ríkisins. Ekkert er til staðar í málinu sem með nokkru móti mælir gegn þeirri bótaábyrgð, hvorki í heild eða að hluta. Hvað önnur sjónarmið og varnir sem íslenska ríkið gæti fræðilega haldið fram, þá er ljóst að fallið hefur verið frá þeim enda voru þær bersýnilega fráleitar.

Útreikningur kröfunnar.

Tryggvi Rúnar var ranglega sviptur frelsi sínu í 2193 daga. Hann var handtekinn 23. desember 1975 og var sleppt úr fangelsi 24. desember 1981. Þann tíma sat hann í gæsluvarðahaldi, mest í Síðumúlafangelsi, í 1522 daga og af því 655 daga í einangrun. Afplánun hans hófst 22. febrúar 1980 og á aðfangadag 1981 þegar honum var veitt reynslulausn með þeim takmörkunum sem því fylgja.

MAGNA

Í dómaframkvæmd má sjá að við ákvörðun miskabóta vegna afplánunar í fangelsi að ósekju er að jafnaði reynt að leggja almenn og hlutlæg sjónarmið til grundvallar. Þar hefur hryggjarstykkið í útreikningi slíkra bóta verið ákveðin fjárhæð sem margfölduð er með fjölda daga sem að einstaklingur hefur ranglega verið frelsissviptur. Þessi fjárhæð tekur svo mið af ákveðnum sjónarmiðum, ýmist til hækkunar eða lækkunar, eftir atvikum hverju sinni. Við þetta er svo bætt miskabótum fyrir upphaf frelsissviptingarinnar eina og sér, t.d. vegna rangrar sakfellingar.

Þau sjónarmið sem haft geta áhrif á bótafjárhæðina og nefnd hafa verið í dómaframkvæmd eru t.d. líkamlegar og andlegar raunir viðkomandi, áfellisdómur fyrir persónu þeirra, þjáningar, mannorðsmisur, óvæginn opinber umræða, aðstæður í afplánun, tegund afbrots sem ranglega er sakfelld fyrir, tegund afplánunar (gæsluvarðhald, einangrun, almenn afplánun, reynslulausn o.frv.), önnur frelsisskerðing t.d. á ferðafrelsi, getsakir sem einstaklingur má búa við og aldur sakborninga. Um þetta er til skýr dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands og Landsréttar. Sú dómaframkvæmd er auk þess sérstaklega tæk með hliðsjón af því að sumir þessara dóma falla fullkomlega að atvikum þessa máls en aðrir eru tækir til skoðunar sökum þess hvað þeir eru nærri í tíma. Andspænis þeirri dómaframkvæmd æðri dómstóla hafa einstaka dómur héraðsdómstólanna auðvitað enga þýðingu. Tilvísanir til þeirra eru því fráleitir og þjóna þeim eina tilgangi að tala niður mögulega bótarétt tjónþola á haldlausum grunni.

Við útreikninga bóta ber samkvæmt lögmatís- og réttmatísreglu að horfa til laga og lögmatra sjónarmiða. Í því fellst augljóslega að leggja verður til grundvallar þau sjónarmið sem gilda um uppgjörið en ekki að búa tjónþolum annan og verri rétt en af þeim leiðir.

Bótaréttur dánarbús og erfingja

Krafan um bætur í máli þessu er eign tjónþolans og erfist við andlát hans. Krafan nýtur verndar sem önnur eignarréttindi og það þyrftu að koma til sérlög ef til stæði að fella þann bótarétt niður en slík lög gætu aldrei haft afturvirk áhrif. Skemmst er frá því að segja að engin lög fella niður eða skerða þann bótarétt sem málið tekur til við andlát tjónþola. Af þeim sökum á dánarbú viðkomandi þennan rétt og þá erfingjar hans.

Nauðsyn frumvarpsins

Það liggur fyrir að bótamál vegna ólögmatrar frelsissviptingar og brota á lögum um meðferð sakamála eru almennt leyst utan réttar og án sértækra lagasetningar. Sjaldan koma dómstólar þar að enda er bótarétturinn hlutlægur og bótafjárhæðir þekktar stærðir. Frumvarp það sem um ræðir er engu að síður nauðsynlegt eða í það minnsta edlilegt skref, af eftirfarandi ástæðum.

Í fyrsta lagi þarf afstöðu löggjafans til þess að ráðherra taki að sér það verkefni sem um ræðir en lögum samkvæmt er það að öðrum kosti á hendi ríkislögmans. Atvik síðustu mánaða hafa sýnt að meðferð setts ríkislögmans á málinu hefur stórlega mislukkast og því rétt að ráðherra taki við málinu. Það er gert með því að Alþingi samþykkti þá tilhliðrun verkefna sem mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins.

Í öðru lagi mælir frumvarpið fyrir um skattalega meðferð bóta og samspil bóta við aðrar greiðslur sem rétt er að mælt sé fyrir um í lögum. Þá er með sama hætti rétt að greiðsla úr ríkissjóði sem þessi fá þinglega meðferð.

Í þriðja lagi er rétt að löggjafinn láti sig málið varða enda liggur fyrir að um er að ræða ein alvarlegustu afglöp íslenska ríkisins sem um getur. Réttarmorð sem gátu ekki átt sér stað nema með því að allar stofnanir íslenska refsivörslukerfisins brygðust hlutverki sínu og skyldum en afleiðingar þess kostuðu þolendur líf þeirra, mannlega reisn og manngildi þeirra.

Í fjórða lagi liggur fyrir að illa hefur gengið að leysa í þessu máli frá því að sýknudómur Hæstaréttar féll fyrir meira en ári síðan. Þannig mistókst algerlega tilraun með svokallaða sáttanefnd og aðkoma setts ríkislögmans hefur ekki verið gagnleg. Til að greiða fyrir þeirri úrlausn er rétt að Alþingi samþykki frumvarp þetta og greiði þar með fyrir því að málið leysist með lögmatum hætti.

MAGNA

Aðfinnslur og athugasemdir

Hvað varðar texta þingskjalsins þá er á það bent að réttast er að kalla dóminn yfir þessu fólki **rangan** og málsmeðferðina **rangláta**. Að kalla dóminn bara ranglátan, eins og í frumvarpinu er gert, felur í sér gengisfellingu þess sem átti sér stað, á ábyrgð íslenska ríkisins. Eins mætti í frumvarpinu gera að umræðuefni **ungan aldur** flestra fyrrum dómpólanna þegar á málinu stóð. Í því samhengi skal þess getið að Tryggvi Rúnar Leifsson gekk stærstan hluta síns lífs með rangan dóm en hann átti alla framtíðina fyrir sér þegar lögreglan flækti hann í málið.

Virðingarfyllst,

Páll Rúnar M. Kristjánsson
Hæstaréttarlögmaður – LL.M

Til Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis
Frá Ragnari Aðalsteinssyni, lögmanni
Efni: Umsögn um frumvarp um heimild til að greiða bætur vegna dóms
Hæstaréttar í máli nr. 521/2017
Dags. 14. október 2019

Hér að neðan er skv. ósk nefndarinnar hinn 11. október 2019 umsögn mín um framangreint frumvarp og greinargerð, sem því fylgir.

1. Ég hefur fullan skilning á því að frumvarpið sé lagt fram til að tryggja að ekki fari milli mála að ríkisstjórnin hafi heimild til að semja um og greiða bætur til þeirra sem hlut eiga að máli, einkum með hliðsjón af því að réttarstaða þeirra kann að vera mismunandi.
2. Ástæða kann að vera til að kveða á um réttarfarslega stöðu maka og barna hinna látnu í þeim skilningi að enginn útilokist vegna þess að ekki er samstaða meðal maka og barna látinna.
3. Þess eru dæmi að börn hinna sýknuðu, sem eru á lífi, hafi orðið fyrir óafturkræfum áföllum við handtökur og frelsisviptingar sakborninga 1975/1976. Huga þarf að stöðu þeirra hugsanlega í lagatextanum.
4. Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a. að niðurstaða Hæstaréttar 2017 um sýknu hafi byggst á kröfugerð ákærvaldsins og má skilja ummælin þannig, að kröfugerðin hafi ein og sér ráðið niðurstöðunni. Á þetta er ekki unnt að fallast. Hæstiréttur féllst því aðeins á kröfugerð málsaðila eftir að hafa kannað forsendur úrskurðar endurupptökunefndar og komist að þeirri niðurstöðu að úrskurðurinn væri annmarkalaus bæði að efni og formi til. Að öðrum kosti hefði ekki komið til sýknu. Því er rangt að segja að sýknukrafa ákærvaldsins ein hafi ráðið niðurstöðu Hæstaréttar. Hæstiréttur tók sjálfstæða efnislega afstöðu til sakargiftanna í málinu með því að leggja blessun sína á úrskurð endurupptökunefndar.
5. Í greinargerð með frumvarpinu er lögð áhersla á skattfrelsi bótanna þannig að ókunnugir gætu ætlað að skylt væri að jafnaði að greiða skatta af slíkum bótum. Svo er ekki. Miskabætur eru ekki skattskyldar en meginhluti bótanna verða miskabætur. Bætur vegna fjárhagslegs tjóns, í þessu tilviki vegna misstra atvinnutekna, eru hins vegar að jafnaði

skattskyldar. Sé ætlunin að slíkar bætur verði undanþegnar skattskyldu er um verulega ívilnun að ræða.

6. Í greinargerð segir að bætur fyrir frelsissviptingu virðist lækka eftir því sem vistin er lengri. Fyrir þessu er engin stoð í dómiðkun eða fræðikenningu íslenskri. Ríkið hefur ekki notið neins konar magnafsláttar eða heildsöluafsláttar, sem tekur mið af lengd frelsissviptingar. Öll rök hníga að því að bætur verði hærrí fyrir hvern dag eftir því sem frelsissviptingin varir lengur, enda aukast neikvæð áhrif hennar á andlega og líkamlega heilsu hins frelsissvipta eftir því sem hún varir lengur.
7. Í greinargerðinni segir að fjárhæð miskabóta vegna frelsissviptingar/ gæsluvarðhalds að ósekju virðist vera á bilinu 150-200 þúsund krónur á dag. Þetta samræmist ekki nýjustu dómum áfrýjunardómstólanna, sem benda frekar til kr. 220-250 þúsund krónur á dag m.a. að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.
8. Í þeim fordæmum sem vísað er til er ekki um að ræða sambærilega harðneskju og brot á lögvernduðum mannréttindum sakborninga og í málum hina sýknuðu. Ekki er annað vitað en nú á dögum njóti sakborningar þeirra réttinda að velja sér verjanda sem er viðstaddur yfirheyrslur hjá lögreglu og öll dómþing komi til ákæru. Yfirheyrslur eru teknar upp, bæði hljóð og mynd. Þá fá sakborningar í gæslu að jafnaði að ræða við verjendur sína í einrúmi og eiga þess kost að undirbúa vörn sína þvert á það sem gerðist 1975-1980. Þá eru aðstæður gæsluvarðhaldsfanga nú ekki eins hörmulegar og mannskemmandi og þær voru í Síðumúlafangelsi.
9. Í frumvarpinu er vísað til héraðsdóms í málinu nr. E-823/2014 og sagt að það sé sambærilegt atvikum í Guðmundar- og Geirfinnsmálinu. Ekki verður á það fallist og jafnframt bent á að dómurinn hefur ekkert fordæmisgildi um fjárhæðir, enda ekki áfrýjað.
10. Þá er í greinargerð vísað til dóma Hæstaréttar í málunum nr. 124-127/1980, sem fjölluðu um bætur fyrir 105 daga gæsluvarðhald að ósekju í Síðumúlafangelsi árið 1976 út af sama sakarefni. Segir í greinargerðinni að bætunarnar í þeim dómum hlaupi á núvirði á „nokkur hundruð þúsundum kr. á dag og fari það eftir því hvaða vísitala er notuð“. Þetta er er rétt svo langt sem það nær. Framreiknaðar bætur samkvæmt þessum dómum nema rúmlega kr. 500.000 á dag miðað við þá vísitölu sem hagstæðust er ríkinu.
11. Þess skal getið að ég gæti sem lögmaður hagsmuna aðila sem eiga hlut að máli.